*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 140/4*
*komudagur 26.10.2011*

# Leiðbeiningar um notkun skráa um samanburð á stjórnlögum

Stjórnlagaráð hefur skilað tillögum sínum að nýrri stjórnarskrá. Áður hafði stjórnlaganefnd, sem reifaði málið í aðdraganda að starfi ráðsins, birt tvö dæmi um hugsanleg ný stjórnarskrárákvæði. Að auki er að sjálfsögðu núgildandi stjórnarskrá, lýðveldisstjórnarskráin. Þannig liggja fyrir fjórar útgáfur að stjórnskipunarlögum:

- **S**: Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 1944 nr. 33 17. júní.
- **R**: *Frumvarp stjórnlagaráðs.*
- **A**: *Hugmynd stjórnlaganefndar, dæmi A.*
- **B**: *Hugmynd stjórnlaganefndar, dæmi B.*

Gagnlegt er að geta borið þessar fjóra gerðir saman grein fyrir grein. Í meðfylgjandi pdf-skjölum er það gert. Í hverju skjali eru annað hvort allar fjórar útgáfurnar bornar saman eða aðeins tvær þeirra, S og R. Í öllum tilvikum er það útgáfan sem er í fyrsta dálki sem ræður röðuninni; t.d. ræður lagagreinaröðun núg. stjórnarskrár (S) för þegar hún er sett í fyrsta dálk. Til áherslu eru því fyrsti dálkur auðkenndur með lit. Samanburðarskrárnar eru eftirfarandi:

Aðeins núgildandi stjórnarskrá (S) og frv. stjórnlagaráðs (R):

- **SR 24nov**: ***S, núgildandi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, ræður röðunnni í samanburði við frumvarp stjórnlagráðs.***
- **RS 24nov**: ***R, frumvarp stjórnlagaráðs, ræður röðun í samanburði við núgildandi stjórnarskrá.***

Fyrir þá sem vilja bera allar fjórar útgáfurnar saman:

- ***S 24nov**: S ræður röðun í samanburði við R, A og B.*
- **R 24nov**: ***R ræður röðun í samanburði við S, A og B.***
- **A 24nov**: ***A ræður röðun, í samanburði við S, R og B.***
- **B 24nov**: ***B ræður röðun, í samanburði við S, R og A.***

Athugið að skrárnar eru læstar, þannig að enginn fari sér að voða. Vilji einhver aflæsa þeim (t.d. til að breyta uppsetningu) er það auðvelt: Styðja við flipan „Home“, þaðan í „Format“ og velja þar „Unprotect Sheet“. („Passorðið“ er tómt, ekkert.)

Ávallt eru álitamál þegar lagatextar eru bornir saman; hvaða greinar, málsgreinar eða málsliðir heyra saman. Um dæmi stjórnlaganefndar er að mestu farið eftir fyrirmælum stjórnlaganefndar. Um frumvarp stjórnlagaráðs er höfð hliðsjón af kýringum ráðsins sjálfs um einstakar greinar með frumvarpinu, sem er þó ekki algilt. Í öllum tilvikum hefur því skráasmiður þurft að treysta á eigið brjóstvit.

Lesendur þessar skráa eru því beðnir um að láta skráasmiðinn vita ef þeir hnjóta um eitthvað sem betur mætti fara og verður það þá óðara lagfært. Vinsamlega sendið póst um hvað eina sem má betur fara á netfangið thorkellhelga@simnet.is.

*Komið hefur í ljós að skrár sem hér er vísað til voru á tímabilinu 11.-23. nóv. 2011 gallaðar þ.a. sumar setningar voru halaklipptar. (Þetta er vegna óskiljanlegs galla í hugbúnaðinum.) Skrárnar hafa verið settar inn á ný, 24. nóv. 2011, en nú í frumútgáfunni, Excel, og ættu því að vera lausar við þennan galla. Þeir sem hafa nýtt sér skrárnar áður ættu að nálgast þessar nýju gerðir.*

*24. nóvember 2011*

*Þorkell Helgason*

| Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands<br>1944 nr. 33 17. júní<br>S | Frumvarp stjórnlagaráðs<br><br>R |
|---|---|
| ***Ræður efnisröðun*** | |
| | **Aðfaraorð** |
| | *(Nýtt.)*<br>Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi<br>og sögu, náttúru, tungu og menningu.<br>Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.<br>Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og<br>Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.<br>Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða. |
| I. KAFLI | **I. KAFLI**<br>**Undirstöður.** |
| 1. gr. | 1. gr. |
| Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. | *Stjórnarform. (Nú 1. gr.)*<br>Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn. |
| 2. gr. | 2. gr. |
| Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið. | *Handhafar ríkisvalds. (Nú 2. gr.)*<br>Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.<br><br>Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.<br>Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. |
| | 3. gr. |
| | *Yfirráðasvæði. (Nýtt.)*<br>Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. |
| | 34. gr. |
| | *Náttúruauðlindir. (Nýtt.)*<br>Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.<br>Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.<br>Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.<br>Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis |
| | 32. gr. |
| | *Menningarverðmæti. (Nýtt.)*<br>Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. |
| | 5. gr. |
| | *Skyldur borgaranna. (Nýtt.)*<br>Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.<br>Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða. |
| II. KAFLI | **IV. KAFLI**<br>**Forseti Íslands.** |
| 3. gr. | 76. gr. |
| Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. | *Embættisheiti og þjóðkjör. (Nú 3. gr. og nýtt.)*<br>Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn. |
| 4. gr. | 77. gr. |
| Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. | *Kjörgengi. (Nú 4.gr.)*<br>Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára. |
| 5. gr. | 78. gr. |
| Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br><br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | *Forsetakjör. (Nú 5. gr. og nýtt.)*<br>Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með lögum um framboð og kosningu forseta Íslands. |
| 6. gr. | 79. gr. |
| Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. | *Kjörtímabil. (Nú 6. gr. og nýtt.)*<br>Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil. |
| 7. gr. | 83. gr. |
| Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu. | *Fráfall. (Nú 7. gr.)*<br>Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans. |
| 8. gr. | 82. gr. |
| Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. | *Staðgengill. (Nú 8. gr.)*<br>Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan. |
| 9. gr. | 81. gr. |
| Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.<br><br>Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | *Starfskjör. (Nú 9. gr.)*<br>Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans stendur. |
| 10. gr. | 80. gr. |
| Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt. | *Eiðstafur. (Nú 10. gr.)*<br>Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum. |
| 11. gr., 1.-2. mgr. | 84. gr., 1. mgr. |
| Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.<br>Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)*<br><br>Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. |
| 11. gr. , 3. og 4. mgr. | 84. gr., 2. mgr. |
| Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn. Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)*<br>Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn. |
| 12. gr. | |
| Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | |
| | **V. KAFLI**<br>**Ráðherrar og ríkisstjórn.** |
| 13. gr., 1. mgr. | 86. gr. |
| Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. | *Ráðherrar. (Nú að hluta 13., 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)*<br>Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.<br>Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum<br>Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár. |
| 13. gr., 2. mgr. | 87. gr., 4. mgr. |
| Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)*<br>Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. |
| 14. gr. | 95. gr. |
| | *Ráðherraábyrgð. (Nú að hluta 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* |

| | |
|---|---|
| Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. | Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.<br>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum. |
| 15. gr. | 90. gr. |
| | *Stjórnarmyndun. (Nú 15. gr. en gjörbreytt.)* |
| Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. | Alþingi kýs forsætisráðherra.<br>Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.<br>Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.<br>Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.<br>Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar<br>Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti. |
| 16. gr. | |
| Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | |
| 17. gr. | 87. gr., 1.-3. mgr. |
| | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* |
| Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra. | Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með<br>Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.<br><br>Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. |
| | 88. gr. |
| | *Hagsmunaskráning og opinber störf  (Nýtt.)* |
| | Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. |
| 18. gr. | |
| Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. | |
| 19. gr. | |
| Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með | |
| | 91. gr. |
| | *Vantraust. (Nýtt.)* |
| | Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.<br>Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra. |
| | 92. gr. |
| | *Starfsstjórn. (Nýtt.)* |
| | Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra. |
| 20. gr. | 96. gr. |
| | *Skipun embættismanna. (Nú 20. gr., en gjörbreytt.)* |
| Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.<br>Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.<br>Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.<br><br>Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum<br>Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr. | Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla.<br>Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.<br><br>Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar.<br>Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi.<br>Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar.<br>Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3<br>Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.<br>Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni. |
| | 97. gr. |
| | *Sjálfstæðar ríkisstofnanir. (Nýtt.)* |
| | Í lögum má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi. |
| 21. gr. | 110. gr. |
| | *Þjóðréttarsamningar. (Nýtt.)* |
| Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. | Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til. |
| | 111. gr. |
| | *Framsal ríkisvalds. (Nýtt.)* |
| | Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.<br>Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.<br>Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi. |
| | 112. gr. |
| | *Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum. (Nýtt.)* |
| | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.<br>Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar |
| 22. gr. | 46. gr. |
| | *Þingsetning. (Nú 22. gr.)* |
| Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.<br><br>Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna. |
| 23. gr. | |
| Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.<br>Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til.<br>Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna. | |
| 24. gr. | 73. gr. |
| | *Þingrof. (Nú 24. gr., breytt.)* |
| Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags. | Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags. |
| 25. gr. | 89. gr. |
| | *Ráðherrar og Alþingi. (Nú 25. gr., en gjörbreytt.)* |
| Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.<br>Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.<br>Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá |
| 26. gr., 1. málsl. | 60. gr., 1. mgr. |
| | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* |
| Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. … | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. |
| 26. gr., 2.-3. málsl. | 60. gr., 2. mgr. |
| | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* |
| … Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. | Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lögin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lögin halda gildi sínu.<br>Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd |
| | 65. gr. |
| | *Málskot til þjóðarinnar. (Nýtt.)* |
| | Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.<br>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram. |
| | 66. gr. |

| | |
|---|---|
| | *Þingmál að frumkvæði kjósenda. (Nýtt.)*<br>Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.<br>Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagntillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.<br>Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent |
| | 67. gr. |
| Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | *Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu. (Nýtt.)*<br>Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði<br>Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirsvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu. |
| | 62. gr., 1. mgr. |
| | *Lögrétta. (Nýtt.)*<br>Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára. |
| | 62. gr., 2.-3. mgr. |
| | *Lögrétta. (Nýtt.)*<br>Þingnefnd eða 1/5 hluti alþingismanna getur óskað eftir áliti Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur<br>Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum. |
| 29. gr. | 85. gr. |
| Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. | *Náðun og sakaruppgjöf. (Nú 29. gr.)*<br>Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis. |
| 30. gr. | |
| Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. | |
| **III. KAFLI** | |
| 31. gr. | 39. gr. |
| Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.<br>Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.<br>Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu<br>Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.<br>Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^{2}/_{3}$ atkvæða á Alþingi. | *Alþingiskosningar. (Nú 31. gr., gjörbreytt)*<br>Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.<br>Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.<br>Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.<br>Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.<br>Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða<br>Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.<br>Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.<br>Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.<br>Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.<br>Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra. |
| | 51. gr. |
| | *Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra. (Nýtt.)*<br>Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu.<br>Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum. |
| 32. gr. | |
| Alþingi starfar í einni málstofu. | |
| 33. gr. | 41. gr. |
| Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum. | *Kosningaréttur. (Nú 33. gr.)*<br>Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum. |
| 34. gr. | 42. gr. |
| Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.<br>Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | *Kjörgengi. (Nú 34. gr.)*<br>Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.<br>Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.<br>Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á |
| **IV. KAFLI** | **III. KAFLI**<br>**Alþingi.** |
| | 37. gr. |
| | *Hlutverk. (Nýtt.)*<br>Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. |
| 35. gr. | 44. gr. |
| Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.<br>Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. | *Starfstími. (Nú 35. gr. og nýtt.)*<br>Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.<br>Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. |
| 36. gr. | 38. gr. |
| Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | *Friðhelgi. (Nú 36. gr.)*<br>Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. |
| 37. gr. | 45. gr. |
| Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. | *Samkomustaður. (Nú 37. gr.)*<br>Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað. |
| 38. gr. | 56. gr. |
| Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. | *Flutningur þingmála. (Nú 38. gr. og 55. gr.)*<br>Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.<br>Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt. |
| 39. gr. | 64. gr. |
| Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum | *Rannsóknarnefndir. (Nú 39. gr. og nýtt.)*<br>Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.<br>Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. |
| | 94. gr. |
| | *Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis. (Nýtt.)*<br>Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. |
| | 75. gr. |
| | *Umboðsmaður Alþingis. (Nýtt.)*<br>Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.<br>Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.<br>Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds. |
| | **VIII. KAFLI**<br>**Utanríkismál.** |
| | 109. gr. |

| | |
|---|---|
| | *Meðferð utanríkismála. (Nýtt.)*<br>Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.<br>Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.<br>Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis. |
| 40. gr. | 72. gr. |
| Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | *Eignir og skuldbindingar ríkisins. (Nú 40. gr., 2. málsl.)*<br>Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.<br>Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.<br>Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum. |
| 41. gr. | 69. gr. |
| Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. | *Greiðsluheimildir. (Nú 41. gr. og nýtt.)*<br>Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.<br>Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. |
| 42. gr. | 68. gr. |
| Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. | *Frumvarp til fjárlaga. (Nú 42. gr.)*<br>Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. |
| | 70. gr. |
| | *Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga. (Nýtt.)*<br>Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. |
| 43. gr. | 74. gr. |
| Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. | *Ríkisendurskoðun. (Nú 43. gr. og nýtt.)*<br>Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.<br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. |
| 44. gr. | 57. gr. |
| Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | *Meðferð lagafrumvarpa. (Nú 44. gr. og nýtt.)*<br>Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.<br>Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.<br>Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi.<br>Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. |
| | 58. gr. |
| | *Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála.*<br>*(Nýtt, sbr. þó 44. gr.)*<br>Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á<br>Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.<br>Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.<br>Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.<br>Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. |
| 45. gr. | 40. gr. |
| Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | *Kjörtímabil. (Nú 45. gr.)*<br>Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.<br>Kjörtímabil er fjögur ár.<br>Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. |
| 46. gr. | 43. gr. |
| Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | *Gildi kosninga. (Nú 46. gr. en gjörbreytt.)*<br>Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og<br>Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum.<br>Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla. |
| 47. gr. | 47. gr. |
| Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | *Eiðstafur. (Nú 47. gr.)*<br>Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild. |
| 48. gr. | 48. gr. |
| Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | *Sjálfstæði alþingismanna. (Nú 48. gr.)*<br>Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum. |
| | 50. gr. |
| | *Hagsmunaskráning og vanhæfi. (Nýtt.)*<br>Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. |
| 49. gr. | 49. gr. |
| Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi | *Friðhelgi alþingismanna. (Nú 49. gr.)*<br>Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi<br>Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi. |
| 50. gr. | |
| Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | |
| 51. gr. | |
| Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn. | |
| 52. gr. | 52. gr. |
| Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess. | *Þingforseti. (52. gr. og nýtt.)*<br>Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.<br>Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt<br>Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu. |
| | 54. gr. |
| | *Þingnefndir. (Nýtt.)*<br>Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál.<br>Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum. |
| 53. gr. | 59. gr. |
| Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í | *Ályktunarbærni. (Nú 53. gr.)*<br>Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í |
| 54. gr. | 93. gr. |
| Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. | *Upplýsinga- og sannleiksskylda. (54. gr. og nýtt.)*<br>Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.<br>Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.<br>Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi. |
| | 63. gr. |
| | *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. (Nýtt.)*<br>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna. |
| 55. gr. | |
| Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það. | |
| 56. gr. | |
| Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra. | |
| 57. gr. | 55. gr. |
| Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. | *Opnir fundir. (Nú 57. gr.)*<br>Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.<br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. |
| 58. gr. | 53. gr. |
| Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | *Þingsköp. (Nú 58. gr.)*<br>Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. |

| | |
|---|---|
| **V. KAFLI** | **VI. KAFLI**<br>**Dómsvald.** |
| 59. gr. | 98. gr. |
| | *Skipan dómstóla. (Nú 59. gr.)* |
| Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum. | Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. |
| | 99. gr. |
| | *Sjálfstæði dómstóla. (Nýtt.)* |
| | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. |
| | 100. gr. |
| | *Lögsaga dómstóla. (Nýtt.)* |
| | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.<br>Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. |
| | 101. gr. |
| | *Hæstiréttur Íslands. (Nýtt.)* |
| | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.<br>Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla. |
| 60. gr. | |
| Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms. | |
| 61. gr., 1. málsl. | 103. gr. |
| | *Sjálfstæði dómara. (Nú 61. gr., 1. mgr., 1. málsl.)* |
| Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. ... | Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. |
| 61. gr., 2.-3. málsl. | 102. gr. |
| | *Skipun dómara. (Nú 61. gr. og nýtt.)* |
| ... Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum. | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast. |
| | 104. gr. |
| | *Ákæruvald og ríkissaksóknari. (Nýtt.)* |
| | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.<br>Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarar. |
| **VI. KAFLI** | |
| 62. gr. | 19. gr., 1. mgr. |
| | *Kirkjuskipan. (Nú 62. gr. en breytt)* |
| Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.<br>Breyta má þessu með lögum. | Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. |
| 63. gr. | 18. gr., 2. mgr. |
| | *Trúfrelsi. (Nú 63. gr., 1. málsl., en breytt.)* |
| Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. |
| 64. gr., 1. mgr. | 18. gr., 3. mgr. |
| | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. málsl., en breytt.)* |
| Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. |
| 64. gr., 2.-3. mgr. | 18. gr., 1. mgr. |
| | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. mgr. en breytt.)* |
| Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.<br>Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum. | Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. |
| **VII. KAFLI** | **II. KAFLI**<br>**Mannréttindi og náttúra.** |
| 65. gr. | 6. gr. |
| | *Jafnræði (Nú 65. gr.)* |
| Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. |
| | 7. gr. |
| | *Réttur til lífs. (Nýtt.)* |
| | Allir hafa meðfæddan rétt til lífs. |
| | 8. gr. |
| | *Mannleg reisn. (Nýtt.)* |
| | Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna. |
| | 9. gr. |
| | *Vernd réttinda. (Nýtt.)* |
| | Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra. |
| | 10. gr. |
| | *Mannhelgi. (Nýtt.)* |
| | Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan. |
| 66. gr., 1. mgr. | 4. gr., 1.-2. mgr. |
| | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 1. mgr.)* |
| Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. | Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.<br>Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. |
| 66. gr., 2. mgr. | 4. gr., 3. mgr. |
| | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 2. mgr.)* |
| Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. |
| 66. gr., 3. mgr. | 26. gr., 1. mgr. |
| | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 3. mgr.)* |
| Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. |
| 66. gr., 4. mgr. | 26. gr., 2. mgr. |
| | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 4. mgr.)* |
| Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. |
| | 26. gr., 3. mgr. |
| | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nýtt.)* |
| | Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar. |
| 67. gr. | 27. gr. |
| | *Frelsissvipting. (Nú 67. gr.)* |
| Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.<br>Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms.<br>Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn<br>Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.<br>Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.<br>Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. |
| 68. gr., 1.-2. mgr. | 29. gr., 2.-3. mgr. |
| | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* |
| Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. |
| 68. gr., 3. mgr. | 29. gr., 1. mgr. |
| | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* |
| Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. |
| 69. gr. | 30. gr. |
| | *Bann við afturvirkni refsingar. (Nú 69. gr., 1. mgr.)* |

| | |
|---|---|
| Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum. |
| | 31. gr. |
| | *Bann við herskyldu. (Nýtt.)*<br>Herskyldu má aldrei í lög leiða. |
| 70. gr. | 28. gr. |
| Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | *Réttlát málsmeðferð. (Nú 70. gr.)*<br>Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. |
| 71. gr. | 11. gr. |
| Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | *Friðhelgi einkalífs. (Nú 71. gr.)*<br>Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. |
| 72. gr. | 13. gr. |
| Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | *Eignarréttur. (Nú 72. gr. og nýtt.)*<br>Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br><br>Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. |
| 73. gr. | 14. gr. |
| Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist | *Skoðana- og tjáningarfrelsi. (Nú 73. gr.)*<br>Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.<br>Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu<br><br>Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við<br>Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi. |
| | 15. gr. |
| | *Upplýsingaréttur. (Nýtt.)*<br>Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.<br>Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.<br>Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.<br>Söfnun, miðlun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana.<br>Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita<br>Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. |
| | 16. gr. |
| | *Frelsi fjölmiðla. (Nýtt.)*<br>Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.<br>Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði. |
| | 17. gr. |
| | *Frelsi menningar og mennta. (Nýtt.)*<br>Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista. |
| 74. gr., 1.-2. mgr. | 20. gr. |
| Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. | *Félagafrelsi. (Nú 74. gr., 1.-2. mgr.)*<br>Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.<br><br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. |
| 74. gr., 3. mgr. | 21. gr. |
| Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | *Fundafrelsi. (Nú 74. gr., 3. mgr.)*<br>Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. |
| 75. gr. | 25. gr. |
| Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | *Atvinnufrelsi. (Nú 75. gr. og nýtt.)*<br>Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.<br>Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu. |
| 76. gr., 1. mgr. | 22. gr. |
| Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 1. mgr. og nýtt.)*<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.<br><br>Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna. |
| 76. gr., 2. mgr. | 24. gr. |
| Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | *Menntun. (Nú 76. gr. , 2. mgr. og nýtt.)*<br>Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.<br>Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.<br>Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýninni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og skyldur. |
| 76. gr., 3. mgr. | 12. gr. |
| Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 3. mgr. og nýtt.)*<br>Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.<br>Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.<br>Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. |
| | 23. gr. |
| | *Heilbrigðisþjónusta. (Nýtt.)*<br>Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. |
| 77. gr. | 71. gr. |
| Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða | *Skattar. (Nú 77. gr. og 40. gr., 1. málsl.)*<br>Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.<br><br>Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða |
| | 33. gr. |
| | *Náttúra Íslands og umhverfi. (Nýtt.)*<br>Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru.<br>Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar.<br>Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.<br>Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.<br>Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og |
| | 35. gr. |
| | *Upplýsingar um umhverfi og málsaðild. (Nýtt.)*<br>Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.<br>Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.<br>Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar. |
| | 36. gr. |
| | *Dýravernd. (Nýtt.)*<br>Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu. |
| | **VII. KAFLI**<br>**Sveitarfélög.** |

| | |
|---|---|
| 78. gr. | 105. gr. |
| | *Sjálfstæði sveitarfélaga. (Nú 78. gr.)* |
| Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru | Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.<br>Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru |
| | 106. gr. |
| | *Nálægðarregla. (Nýtt.)* |
| | Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum. |
| | 107. gr. |
| | *Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði. (Nýtt.)* |
| | Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum<br>Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. |
| | 108. gr. |
| | *Samráðsskylda. (Nýtt.)* |
| | Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. |
| | **IX. KAFLI**<br>**Lokaákvæði.** |
| 79. gr., 1. mgr. | 113. gr. |
| | *Stjórnarskrárbreytingar. (Nú 79. gr., 1. mgr. og nýtt.)* |
| Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög. | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.<br>Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður. |
| 79. gr., 2. mgr. | 19. gr., 2. mgr. |
| | *Kirkjuskipan. (Nú 2. mgr. 79. gr.)* |
| Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. |
| 80. gr. | |
| *(Fallið brott.)* | |
| 81. gr. | 114. gr. |
| | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* |
| Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. | Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.<br>Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum |
| **ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR** | **Ákvæði til bráðabirgða.** |
| Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.<br>Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr.stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta<br>Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. | Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.<br><br>Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. |

| Frumvarp stjórnlagaráðs<br>R | Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands<br>1944 nr. 33 17. júní<br>S |
|---|---|
| ***Ræður efnisröðun*** | |
| **Aðfaraorð**<br>*(Nýtt.)* | |
| Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi<br>og sögu, náttúru, tungu og menningu.<br>Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.<br>Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og<br>Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.<br>Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða. | |
| **I. KAFLI**<br>**Undirstöður.** | **I. KAFLI** |
| 1. gr. | 1. gr. |
| *Stjórnarform. (Nú 1. gr.)* | |
| Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. |
| 2. gr. | 2. gr. |
| *Handhafar ríkisvalds. (Nú 2. gr.)* | |
| Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.<br>Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.<br>Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið. |
| 3. gr. | |
| *Yfirráðasvæði. (Nýtt.)* | |
| Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | |
| 4. gr., 1.-2. mgr. | 66. gr., 1. mgr. |
| *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 1. mgr.)* | |
| Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.<br>Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. |
| 4. gr., 3. mgr. | 66. gr., 2. mgr. |
| *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 2. mgr.)* | |
| Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. |
| 5. gr. | |
| *Skyldur borgaranna. (Nýtt.)* | |
| Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.<br>Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða. | |
| **II. KAFLI**<br>**Mannréttindi og náttúra.** | **VII. KAFLI** |
| 6. gr. | 65. gr. |
| *Jafnræði (Nú 65. gr.)* | |
| Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. |
| 7. gr. | |

| | |
|---|---|
| *Réttur til lífs. (Nýtt.)* | |
| Allir hafa meðfæddan rétt til lífs. | |
| 8. gr. | |
| *Mannleg reisn. (Nýtt.)* | |
| Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna. | |
| 9. gr. | |
| *Vernd réttinda. (Nýtt.)* | |
| Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra. | |
| 10. gr. | |
| *Mannhelgi. (Nýtt.)* | |
| Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan. | |
| 11. gr. | 71. gr. |
| *Friðhelgi einkalífs. (Nú 71. gr.)* | |
| Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. |
| 12. gr. | 76. gr., 3. mgr. |
| *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 3. mgr. og nýtt.)* | |
| Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.<br>Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.<br>Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. |
| 13. gr. | 72. gr. |
| *Eignarréttur. (Nú 72. gr. og nýtt.)* | |
| Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br><br>Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. |
| 14. gr. | 73. gr. |
| *Skoðana- og tjáningarfrelsi. (Nú 73. gr.)* | |
| Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.<br>Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu<br><br>Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við<br>Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |
| 15. gr. | |
| *Upplýsingaréttur. (Nýtt.)* | |
| Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.<br>Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.<br>Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.<br>Söfnun, miðlun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana.<br>Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita<br>Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. | |

| | |
|---|---|
| 16. gr. | |
| *Frelsi fjölmiðla. (Nýtt.)* | |
| Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.<br>Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði. | |
| 17. gr. | |
| *Frelsi menningar og mennta. (Nýtt.)* | |
| Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista. | |
| 18. gr., 1. mgr. | 64. gr., 2.-3. mgr. |
| *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. mgr. en breytt.)* | |
| Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.<br>Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum. |
| 18. gr., 2. mgr. | 63. gr. |
| *Trúfrelsi. (Nú 63. gr., 1. málsl., en breytt.)* | |
| Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. | Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. |
| 18. gr., 3. mgr. | 64. gr., 1. mgr. |
| *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. málsl., en breytt.)* | |
| Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. |
| | **VI. KAFLI** |
| 19. gr., 1. mgr. | 62. gr. |
| *Kirkjuskipan. (Nú 62. gr. en breytt)* | |
| Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. | Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum. |
| 19. gr., 2. mgr. | 79. gr., 2. mgr. |
| *Kirkjuskipan. (Nú 2. mgr. 79. gr.)* | |
| Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. |
| 20. gr. | 74. gr., 1.-2. mgr. |
| *Félagafrelsi. (Nú 74. gr., 1.-2. mgr.)* | |
| Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.<br><br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. |
| 21. gr. | 74. gr., 3. mgr. |
| *Fundafrelsi. (Nú 74. gr., 3. mgr.)* | |
| Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. |
| 22. gr. | 76. gr., 1. mgr. |
| *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 1. mgr. og nýtt.)* | |
| Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.<br><br>Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. |
| 23. gr. | |
| *Heilbrigðisþjónusta. (Nýtt.)* | |
| Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. | |
| 24. gr. | 76. gr., 2. mgr. |
| *Menntun. (Nú 76. gr. , 2. mgr. og nýtt.)* | |

| | |
|---|---|
| Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.<br>Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.<br>Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýninni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og skyldur. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. |
| 25. gr. | 75. gr. |
| *Atvinnufrelsi. (Nú 75. gr. og nýtt.)* | |
| Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.<br>Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. |
| 26. gr., 1. mgr. | 66. gr., 3. mgr. |
| *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 3. mgr.)* | |
| Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. |
| 26. gr., 2. mgr. | 66. gr., 4. mgr. |
| *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 4. mgr.)* | |
| Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. |
| 26. gr., 3. mgr. | |
| *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nýtt.)* | |
| Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar. | |
| 27. gr. | 67. gr. |
| *Frelsissvipting. (Nú 67. gr.)* | |
| Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.<br>Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.<br>Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.<br>Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal<br>Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. |
| 28. gr. | 70. gr. |
| *Réttlát málsmeðferð. (Nú 70. gr.)* | |
| Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. |
| 29. gr., 1. mgr. | 68. gr., 3. mgr. |
| *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | |
| Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. |
| 29. gr., 2.-3. mgr. | 68. gr., 1.-2. mgr. |
| *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | |
| Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. |
| 30. gr. | 69. gr. |
| *Bann við afturvirkni refsingar. (Nú 69. gr., 1. mgr.)* | |
| Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. |
| 31. gr. | |
| *Bann við herskyldu. (Nýtt.)* | |
| Herskyldu má aldrei í lög leiða. | |

| | |
|---|---|
| 32. gr. | |
| *Menningarverðmæti. (Nýtt.)* | |
| Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. | |
| 33. gr. | |
| *Náttúra Íslands og umhverfi. (Nýtt.)* | |
| Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.<br>Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.<br>Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og | |
| 34. gr. | |
| *Náttúruauðlindir. (Nýtt.)* | |
| Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.<br>Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.<br>Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.<br>Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir | |
| 35. gr. | |
| *Upplýsingar um umhverfi og málsaðild. (Nýtt.)* | |
| Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.<br>Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.<br>Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar. | |
| 36. gr. | |
| *Dýravernd. (Nýtt.)* | |
| Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu. | |
| **III. KAFLI** | **IV. KAFLI** |
| **Alþingi.** | |
| 37. gr. | |
| *Hlutverk. (Nýtt.)* | |
| Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | |
| 38. gr. | 36. gr. |
| *Friðhelgi. (Nú 36. gr.)* | |
| Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. |
| | **III. KAFLI** |
| 39. gr. | 31. gr. |
| *Alþingiskosningar. (Nú 31. gr., gjörbreytt)* | |
| Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. |

| | |
|---|---|
| Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.<br><br>Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.<br><br>Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.<br><br>Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða<br>Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.<br><br>Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.<br><br>Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.<br>Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.<br>Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra. | Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.<br>Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu.<br>Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.<br>Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu<br><br>Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.<br>Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^2/_3$ atkvæða á Alþingi. |
| **40. gr.**<br>*Kjörtímabil. (Nú 45. gr.)* | **45. gr.** |
| Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.<br><br>Kjörtímabil er fjögur ár.<br>Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. |
| **41. gr.**<br>*Kosningaréttur. (Nú 33. gr.)* | **33. gr.** |
| Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum. |
| **42. gr.**<br>*Kjörgengi. (Nú 34. gr.)* | **34. gr.** |
| Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.<br>Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.<br>Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.<br>Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. |
| **43. gr.**<br>*Gildi kosninga. (Nú 46. gr. en gjörbreytt.)* | **46. gr.** |
| Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og<br>Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum.<br>Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla. | Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. |
| **44. gr.**<br>*Starfstími. (Nú 35. gr. og nýtt.)* | **35. gr.** |
| Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.<br><br>Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. | Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.<br>Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. |
| **45. gr.**<br>*Samkomustaður. (Nú 37. gr.)* | **37. gr.** |

| | |
|---|---|
| Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. |
| | 32. gr. |
| | Alþingi starfar í einni málstofu. |
| 46. gr. | 22. gr. |
| *Þingsetning. (Nú 22. gr.)* | |
| Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.<br><br>Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna. | Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert. |
| | 23. gr. |
| | Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.<br>Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna. |
| 47. gr. | 47. gr. |
| *Eiðstafur. (Nú 47. gr.)* | |
| Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. |
| 48. gr. | 48. gr. |
| *Sjálfstæði alþingismanna. (Nú 48. gr.)* | |
| Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. |
| 49. gr. | 49. gr. |
| *Friðhelgi alþingismanna. (Nú 49. gr.)* | |
| Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi<br>Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi. | Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi |
| | 50. gr. |
| | Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. |
| 50. gr. | |
| *Hagsmunaskráning og vanhæfi. (Nýtt.)* | |
| Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | |
| 51. gr. | |
| *Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra. (Nýtt.)* | |
| Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu.<br>Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum. | |
| 52. gr. | 52. gr. |
| *Þingforseti. (52. gr. og nýtt.)* | |
| Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.<br>Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir<br>Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu. | Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess. |
| 53. gr. | 58. gr. |
| *Þingsköp. (Nú 58. gr.)* | |
| Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. |
| 54. gr. | |
| *Þingnefndir. (Nýtt.)* | |

| | |
|---|---|
| Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál.<br>Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum. | |
| 55. gr. | 57. gr. |
| *Opnir fundir. (Nú 57. gr.)* | |
| Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. |
| Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | |
| | 51. gr. |
| | Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn. |
| 56. gr. | 38. gr. |
| *Flutningur þingmála. (Nú 38. gr. og 55. gr.)* | |
| Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.<br>Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt. | Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. |
| | 55. gr. |
| | Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það. |
| | 56. gr. |
| | Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra. |
| 57. gr. | 44. gr. |
| *Meðferð lagafrumvarpa. (Nú 44. gr. og nýtt.)* | |
| Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.<br>Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.<br>Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. |
| Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. | |
| 58. gr. | |
| *Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála.*<br>*(Nýtt, sbr. þó 44. gr.)* | |
| Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á<br>Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.<br>Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.<br>Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.<br>Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. | |
| 59. gr. | 53. gr. |
| *Ályktunarbærni. (Nú 53. gr.)* | |
| Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. |
| 60. gr., 1. mgr. | 26. gr., 1. málsl. |
| *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | |
| Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. … |
| | 19. gr. |
| | Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með |
| 60. gr., 2. mgr. | 26. gr., 2.-3. málsl. |
| *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | |

| | |
|---|---|
| Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lögin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd | ... Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. |
| 61. gr. | 27. gr. |
| *Birting laga. (Nú 27. gr. með breytingum.)* | |
| Birta skal lög stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum. |
| | 28. gr. |
| | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. |
| 62. gr., 1. mgr. | |
| *Lögrétta. (Nýtt.)* | |
| Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára. | |
| 62. gr., 2.-3. mgr. | |
| *Lögrétta. (Nýtt.)* | |
| Þingnefnd eða 1/5 hluti alþingismanna getur óskað eftir áliti Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir. Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum. | |
| | |
| | |
| 63. gr. | |
| *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. (Nýtt.)* | |
| Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna. | |
| 64. gr. | 39. gr. |
| *Rannsóknarnefndir. (Nú 39. gr. og nýtt.)* | |
| Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.<br><br>Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. |
| 65. gr. | |
| *Málskot til þjóðarinnar. (Nýtt.)* | |
| Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.<br>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram. | |
| 66. gr. | |
| *Þingmál að frumkvæði kjósenda. (Nýtt.)* | |
| Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.<br>Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagntillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi.<br>Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent | |
| 67. gr. | |
| *Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu. (Nýtt.)* | |

| | |
|---|---|
| Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera<br>Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirsvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu. | |
| 68. gr. | 42. gr. |
| *Frumvarp til fjárlaga. (Nú 42. gr.)* | |
| Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. |
| 69. gr. | 41. gr. |
| *Greiðsluheimildir. (Nú 41. gr. og nýtt.)* | |
| Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.<br>Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. |
| 70. gr. | |
| *Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga. (Nýtt.)* | |
| Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. | |
| 71. gr. | 77. gr. |
| *Skattar. (Nú 77. gr. og 40. gr., 1. málsl.)* | |
| Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.<br><br>Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. |
| 72. gr. | 40. gr. |
| *Eignir og skuldbindingar ríkisins. (Nú 40. gr., 2. málsl.)* | |
| Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.<br><br>Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.<br>Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. |
| 73. gr. | 24. gr. |
| *Þingrof. (Nú 24. gr., breytt.)* | |
| Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags. | Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags. |
| 74. gr. | 43. gr. |
| *Ríkisendurskoðun. (Nú 43. gr. og nýtt.)* | |
| Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.<br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. | Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. |

| | |
|---|---|
| 75. gr. | |
| *Umboðsmaður Alþingis. (Nýtt.)* | |
| Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.<br>Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.<br>Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds. | |
| **IV. KAFLI**<br>**Forseti Íslands.** | **II. KAFLI** |
| 76. gr. | 3. gr. |
| *Embættisheiti og þjóðkjör. (Nú 3. gr. og nýtt.)* | |
| Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn. | Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. |
| 77. gr. | 4. gr. |
| *Kjörgengi. (Nú 4.gr.)* | |
| Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára. | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. |
| 78. gr. | 5. gr. |
| *Forsetakjör. (Nú 5. gr. og nýtt.)* | |
| Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með lögum um framboð og kosningu forseta Íslands. | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br><br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. |
| 79. gr. | 6. gr. |
| *Kjörtímabil. (Nú 6. gr. og nýtt.)* | |
| Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil. | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. |
| 80. gr. | 10. gr. |
| *Eiðstafur. (Nú 10. gr.)* | |
| Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum. | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt. |
| 81. gr. | 9. gr. |
| *Starfskjör. (Nú 9. gr.)* | |
| Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans stendur. | Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.<br><br>Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. |
| 82. gr. | 8. gr. |
| *Staðgengill. (Nú 8. gr.)* | |
| Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan. | Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. |
| 83. gr. | 7. gr. |
| *Fráfall. (Nú 7. gr.)* | |
| Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans. | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu. |
| 84. gr., 1. mgr. | 11. gr., 1.-2. mgr. |
| *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | |
| | Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. |

| | |
|---|---|
| Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. |
| | 12. gr. |
| | Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. |
| 84. gr., 2. mgr. | 11. gr. , 3. og 4. mgr. |
| *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | |
| Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna.<br>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn. | Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna.<br>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. |
| 85. gr. | 29. gr. |
| *Náðun og sakaruppgjöf. (Nú 29. gr.)* | |
| Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. |
| | 30. gr. |
| | Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. |
| **V. KAFLI**<br>**Ráðherrar og ríkisstjórn.** | |
| 86. gr. | 13. gr., 1. mgr. |
| *Ráðherrar. (Nú að hluta 13., 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | |
| Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.<br>Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum<br>Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár. | Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. |
| 87. gr., 1.-3. mgr. | 17. gr. |
| *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | |
| Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum<br>Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.<br><br>Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. | Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra. |
| 87. gr., 4. mgr. | 13. gr., 2. mgr. |
| *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | |
| Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. |
| 88. gr. | |
| *Hagsmunaskráning og opinber störf. (Nýtt.)* | |
| Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | |
| | 18. gr. |
| | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. |
| 89. gr. | 25. gr. |
| *Ráðherrar og Alþingi. (Nú 25. gr., en gjörbreytt.)* | |
| Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.<br>Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi. | Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. |

| | |
|---|---|
| Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá | |
| 90. gr. | 15. gr. |
| *Stjórnarmyndun. (Nú 15. gr. en gjörbreytt.)* | |
| Alþingi kýs forsætisráðherra.<br>Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.<br>Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.<br>Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.<br>Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar<br>Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti. | Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. |
| | 16. gr. |
| | Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. |
| 91. gr. | |
| *Vantraust. (Nýtt.)* | |
| Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.<br>Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra. | |
| 92. gr. | |
| *Starfsstjórn. (Nýtt.)* | |
| Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra. | |
| 93. gr. | 54. gr. |
| *Upplýsinga- og sannleiksskylda. (54. gr. og nýtt.)* | |
| Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.<br>Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.<br>Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi. | Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. |
| 94. gr. | |
| *Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis. (Nýtt.)* | |
| Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | |
| 95. gr. | 14. gr. |
| *Ráðherraábyrgð. (Nú að hluta 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | |
| Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.<br>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum. | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. |
| 96. gr. | 20. gr. |
| *Skipun embættismanna. (Nú 20. gr., en gjörbreytt.)* | |
| Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla.<br>Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti. | Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.<br>Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. |

| | |
|---|---|
| Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar.<br>Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi.<br>Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 hlutum<br>Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.<br>Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni. | Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.<br><br>Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum<br>Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr. |
| **97. gr.** | |
| *Sjálfstæðar ríkisstofnanir. (Nýtt.)* | |
| Í lögum má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi. | |
| **VI. KAFLI**<br>**Dómsvald.** | **V. KAFLI** |
| **98. gr.** | **59. gr.** |
| *Skipan dómstóla. (Nú 59. gr.)* | |
| Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum. |
| **99. gr.** | |
| *Sjálfstæði dómstóla. (Nýtt.)* | |
| Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. | |
| **100. gr.** | |
| *Lögsaga dómstóla. (Nýtt.)* | |
| Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni.<br>Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | |
| **101. gr.** | |
| *Hæstiréttur Íslands. (Nýtt.)* | |
| Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.<br>Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla. | |
| | **60. gr.** |
| | Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms. |
| **102. gr.** | **61. gr., 2.-3. málsl.** |
| *Skipun dómara. (Nú 61. gr. og nýtt.)* | |
| Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma.<br>Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast. | ... Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum. |
| **103. gr.** | **61. gr., 1. málsl.** |
| *Sjálfstæði dómara. (Nú 61. gr., 1. mgr., 1. málsl.)* | |
| Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. ... |
| **104. gr.** | |
| *Ákæruvald og ríkissaksóknari. (Nýtt.)* | |
| Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | |

| | |
|---|---|
| Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarar. | |
| **VII. KAFLI**<br>**Sveitarfélög.** | |
| 105. gr. | 78. gr. |
| *Sjálfstæði sveitarfélaga. (Nú 78. gr.)* | |
| Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. |
| Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. | Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. |
| Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | |
| 106. gr. | |
| *Nálægðarregla. (Nýtt.)* | |
| Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum. | |
| 107. gr. | |
| *Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði. (Nýtt.)* | |
| Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum | |
| Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. | |
| 108. gr. | |
| *Samráðsskylda. (Nýtt.)* | |
| Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. | |
| **VIII. KAFLI**<br>**Utanríkismál.** | |
| 109. gr. | |
| *Meðferð utanríkismála. (Nýtt.)* | |
| Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis. | |
| Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. | |
| Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis. | |
| 110. gr. | 21. gr. |
| *Þjóðréttarsamningar. (Nýtt.)* | |
| Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. |
| 111. gr. | |
| *Framsal ríkisvalds. (Nýtt.)* | |
| Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. | |
| Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst. | |
| Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi. | |
| 112. gr. | |
| *Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum. (Nýtt.)* | |
| Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. | |
| Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar | |
| **IX. KAFLI**<br>**Lokaákvæði.** | |
| 113. gr. | 79. gr., 1. mgr. |
| *Stjórnarskrárbreytingar. (Nú 79. gr., 1. mgr. og nýtt.)* | |
| Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög. |

Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.

| | |
|---|---|
| | 80. gr. |
| | *(Fallið brott.)* |
| 114. gr. | 81. gr. |
| *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | |
| Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.<br>Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum | Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. |
| **Ákvæði til bráðabirgða.** | **ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR** |
| | Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.<br>Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr.stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi |
| Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.<br><br>Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. | Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. |

| Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi A<br>A | Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands<br>1944 nr. 33 17. júní<br>S | Frumvarp stjórnlagaráðs<br><br>R | Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi B<br>B |
|---|---|---|---|
| ***Ræður efnisröðun*** | | | |
| | | **Aðfaraorð** | **AÐFARAORÐ** |
| | | *(Nýtt.)* | *(Nýtt)* |
| | | Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.<br>Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.<br><br>Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.<br><br>Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.<br>Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða. | Við, Íslendingar, lýsum yfir skilyrðislausri virðingu mannsins og reisn ásamt ábyrgð á því landi og lífríki sem við byggjum tilveru okkar á.<br><br>Sem sjálfstæð þjóð meðal þjóða lýsum við jafnframt yfir þeim ásetningi að vinna á þessum grunni með öðrum þjóðum og stuðla að friði.<br>Það ríki sem við höfum stofnað til og falið vald þjóðarinnar skal í hvívetna byggt og bundið lögum með lýðræði, mannréttindi og heiðarleika að leiðarljósi.<br>Með þetta fyrir augum setjum við okkur grundvallarlög í svofelldri stjórnarskrá: |
| **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** | **I. KAFLI** | **I. KAFLI**<br>**Undirstöður.** | **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** |
| 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. |
| *(Stjórnarform, undirstöður og gildi, nýtt)* | | *Stjórnarform. (Nú 1. gr.)* | *(Stjórnarform, nú 1. gr.)* |
| Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi, reist á virðingu fyrir reisn mannsins, umhverfi og friði meðal þjóða.<br>Allt vald kemur frá þjóðinni.<br>Lýðræði, réttarríki og virðing fyrir mannréttindum eru hornsteinar stjórnskipunar Íslands. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. | Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. |
| 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. |
| *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr. að hluta)* | | *Handhafar ríkisvalds. (Nú 2. gr.)* | *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr.)* |
| Alþingi fer með löggjafarvaldið. Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Enginn ráðherra getur setið nema með stuðningi eða hlutleysi meiri hluta Alþingis. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið. | Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.<br><br>Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.<br>Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti, ráðherrar og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. |
| 3. gr., 1. mgr. | | 3. gr. | 3. gr. |
| *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* | | *Yfirráðasvæði. (Nýtt.)* | *(Yfirráðasvæði ríkisins, nýtt)* |
| Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. |
| 3. gr., 2. mgr. | | 34. gr. | 4. gr. |
| *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* | | *Náttúruauðlindir. (Nýtt.)* | *(Þjóðareign á auðlindum, nýtt)* |
| Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða | | Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.<br><br>Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. | Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.<br>Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum. | |
| | | 32. gr. | |
| | | *Menningarverðmæti. (Nýtt.)* | |
| | | Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. | |
| 4. gr. | 66. gr., 1. mgr. | 4. gr., 1.-2. mgr. | 7. gr., 1. mgr. |
| *(Ríkisborgarar, nú 1. mgr. 66. gr.)* | | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 1. mgr.)* | *(Ríkisborgararéttur og ferðafrelsi, nú 1. mgr. 66. gr.)* |
| Menn öðlast íslenskan ríkisborgararétt eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. | Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.<br><br>Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. |
| 5. gr. | | | 5. gr. |
| *(Íslensk tunga, nýtt)* | | | *(Íslensk tunga, nýtt)* |
| Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. | | | Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. |
| | | 5. gr. | |
| | | *Skyldur borgaranna. (Nýtt.)* | |
| | | Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.<br>Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða. | |
| **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** | **VII. KAFLI** | **II. KAFLI**<br>**Mannréttindi og náttúra.** | **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** |
| 6. gr. | 65. gr. | 6. gr. | 6. gr. |
| *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* | | *Jafnræði (Nú 65. gr.)* | *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* |
| Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, [aldurs], [búsetu], efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, fötlunar, aldurs, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. |
| | | 7. gr. | |
| | | *Réttur til lífs. (Nýtt.)* | |
| | | Allir hafa meðfæddan rétt til lífs. | |
| | | 8. gr. | |
| | | *Mannleg reisn. (Nýtt.)* | |
| | | Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna. | |
| | | 9. gr. | |
| | | *Vernd réttinda. (Nýtt.)* | |
| | | Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra. | |
| | | 10. gr. | |
| | | *Mannhelgi. (Nýtt.)* | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan. | |
| 7. gr. | 67. gr. | 27. gr. | 8. gr. |
| *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* | | *Frelsissvipting. (Nú 67. gr.)* | *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* |
| Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. |
| Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. |
| Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. |
| Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. |
| 8. gr., 1. mgr. | 66. gr., 2. mgr. | 4. gr., 3. mgr. | 7. gr., 2. mgr. |
| *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* | | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 2. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* |
| Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. |
| 8. gr., 2. mgr. | 66. gr., 3. mgr. | 26. gr., 1. mgr. | 7. gr., 3. mgr. |
| *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* | | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 3. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* |
| Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. |
| 8. gr., 3. mgr. | 66. gr., 4. mgr. | 26. gr., 2. mgr. | 7. gr., 4. mgr. |
| *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* | | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 4. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* |
| Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. |
| | | 26. gr., 3. mgr. | |
| | | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nýtt.)* | |
| | | Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar. | |
| 9. gr., 1.-2. mgr. | 68. gr., 1.-2. mgr. | 29. gr., 2.-3. mgr. | 9. gr., 1.-2. mgr. |
| *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9. gr., 3. mgr. | 68. gr., 3. mgr. | 29. gr., 1. mgr. | 9. gr., 3. mgr. |
| *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. |
| 10. gr. | 69. gr. | 30. gr. | 10. gr. |
| *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* | | *Bann við afturvirkni refsingar. (Nú 69. gr., 1. mgr.)* | *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* |
| Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. |
| | | 31. gr. | |
| | | *Bann við herskyldu. (Nýtt.)* | |
| | | Herskyldu má aldrei í lög leiða. | |
| 11. gr. | 70. gr. | 28. gr. | 11. gr. |
| *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* | | *Réttlát málsmeðferð. (Nú 70. gr.)* | *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* |
| Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og hlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. |
| 12. gr. | 71. gr. | 11. gr. | 12. gr. |
| *(Friðhelgi einkalífs o.fl., nú 71. gr.)* | | *Friðhelgi einkalífs. (Nú 71. gr.)* | *(Friðhelgi einkalífs, nú 71. gr.)* |
| Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. | Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. |
| Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. |
| 13. gr., 1. mgr. | 63. gr. | 18. gr., 2. mgr. | 17. gr., 1. mgr. |
| *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | | *Trúfrelsi. (Nú 63. gr., 1. málsl., en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. | Allir eiga rétt á að iðka trú eða lífsskoðun einir eða í félagi við aðra en ekki má þó kenna neitt eða fremja sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. |
| 13. gr., 2. mgr. | 64. gr., 1. mgr. | 18. gr., 3. mgr. | 17. gr., 2. mgr. |
| *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. málsl., en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. |
| 13. gr., 3. mgr. | 64. gr., 2.-3. mgr. | 18. gr., 1. mgr. | 17. gr., 4. mgr. |
| *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. mgr. en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild<br>Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum. | Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga og enginn skal skyldur til að greiða félagi gjöld sem hann er ekki aðili að. |
| | **VI. KAFLI** | | |
| | 62. gr. | 19. gr., 1. mgr. | 17. gr., 3. mgr. |
| | | *Kirkjuskipan. (Nú 62. gr. en breytt)* | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. og 1. og 2. mgr. 64. gr. og nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.<br>Breyta má þessu með lögum. | Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. | Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi en ríkið skal þó styðja og vernda öll lögleg trúfélög. |
| 14. gr., 1., 2. og 4. mgr. | 73. gr. | 14. gr. | 14. gr. |
| *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* | | *Skoðana- og tjáningarfrelsi. (Nú 73. gr.)* | *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* |
| Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. |
| Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. | Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. | Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. |
| Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | | Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |
| | | Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.<br>Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir | |
| 14. gr., 3. mgr. | | 15. gr. | 15. gr. |
| *(Skoðana og tjáningarfrelsi, 73. gr. og nýtt)* | | *Upplýsingaréttur. (Nýtt.)* | *(Fjölmiðlafrelsi, 73. gr. og nýtt)* |
| Öllum er frjálst að leita, taka við og miðla upplýsingum.<br>Upplýsingar og gögn í vörslum stjórnvalda skulu vera aðgengileg almenningi. | | Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum. | Öllum er frjálst að leita, nýta og miðla upplýsingum. Með lögum skal kveðið á um nafnleynd og vernd heimildarmanna og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla að öðru leyti tryggð. |
| | | Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt<br>Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af.<br>Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur. | Upplýsingar og gögn í vörslum hins opinbera skulu vera aðgengileg almenningi. |
| | | Söfnun, miðlun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði stjórnvalda.<br>Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. | Réttindum samkvæmt þessari grein má setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |
| | | 16. gr. | |
| | | *Frelsi fjölmiðla. (Nýtt.)* | |
| | | Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.<br>Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði. | |
| | | 17. gr. | |
| | | *Frelsi menningar og mennta. (Nýtt.)* | |
| | | Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista. | |
| 15. gr., 1.-2. mgr. | 74. gr., 1.-2. mgr. | 20. gr. | 16. gr., 1.-2. mgr. |
| *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | | *Félagafrelsi. (Nú 74. gr., 1.-2. mgr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.<br><br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. |
| 15. gr., 3. mgr. | 74. gr., 3. mgr. | 21. gr. | 16. gr., 3. mgr. |
| *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | | *Fundafrelsi. (Nú 74. gr., 3. mgr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |
| 16. gr. | 75. gr. | 25. gr. | 18. gr. |
| *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* | | *Atvinnufrelsi. (Nú 75. gr. og nýtt.)* | *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* |
| Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast. Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. |
| 17. gr., 1. mgr. | 76. gr., 1. mgr. | 22. gr. | 19. gr., 1. mgr. |
| *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* | | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 1. mgr. og nýtt.)* | *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* |
| Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.<br><br>Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. |
| 17. gr., 2. mgr., 1. málsl. | 76. gr., 2. mgr | 24. gr. | 19. gr., 2. mgr. |
| *Réttur til ... menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* | | *Menntun. (Nú 76. gr. , 2. mgr. og nýtt.)* | *Réttur til ... menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* |
| Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.<br>Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.<br>Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýninni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. |
| 17. gr., 2. mgr., 2.-3. málsl. | 76. gr., 3. mgr. | 12. gr. | 19. gr., 3. mgr. |
| *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* | | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 3. mgr. og nýtt.)* | *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* |
| Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Virða ber rétt barna til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. | Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.<br><br>Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.<br>Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Virða ber rétt þeirra til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. |
| | | 23. gr. | |
| | | *Heilbrigðisþjónusta. (Nýtt.)* | |
| | | Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. | |
| 18. gr. | 72. gr. | 13. gr. | 13. gr. |
| *(Eignarréttur, nú 72. gr.)* | | *Eignarréttur. (Nú 72. gr. og nýtt.)* | *(Friðhelgi eignarréttar, nú 72. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br><br>Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. |
| 19. gr. | 77. gr. | 71. gr. | 20. gr. |
| *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* | | *Skattar. (Nú 77. gr. og 40. gr., 1. málsl.)* | *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* |
| Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.<br>Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. |
| 20. gr., 1. mgr. | | 33. gr. | 21. gr., 1. mgr. |
| *(Umhverfi, nýtt)* | | *Náttúra Íslands og umhverfi. (Nýtt.)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| Allir eiga rétt til heilnæms umhverfis og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Almenningi er heimilt að fara um landið í lögmætum tilgangi en skal ganga vel um og virða náttúruna. | | Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi. | Tryggja ber heilnæmt umhverfi og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Öllum skal heimilt að fara um landið í lögl egum tilgangi en er skylt að ganga vel um. |
| 20. gr., 2. mgr. | | 35. gr. | 21. gr., 2. mgr. |
| *(Umhverfi, nýtt)* | | *Upplýsingar um umhverfi og málsaðild. (Nýtt.)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. | | Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.<br>Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.<br>Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar. | Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. |
| | | 36. gr. | |
| | | *Dýravernd. (Nýtt.)* | |
| | | Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu. | |
| 21. gr. | | | 22. gr. |
| *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* | | | *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* |
| Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. | | | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. [Mannréttindareglur alþjóðlegra mannréttindasamninga njóta stjórnarskrárverndar þegar þær eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenska ríkið.] |
| **III. KAFLI KOSNINGAR TIL ALÞINGIS OG ALÞINGISMENN** | **III. KAFLI** | | **IV. KAFLI ALÞINGISKOSNINGAR OG ALÞINGISMENN** |
| 22. gr. | 31. gr. | 39. gr. | 50. gr. |
| *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr.)* | | *Alþingiskosningar. (Nú 31. gr., gjörbreytt)* | *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr. og nýtt)* |
| Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára. | Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegri kosningu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. | Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. | Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. | 30 þingmenn skulu kosnir til sex ára í senn í hlutbundinni kosningu um land allt í einu lagi. Við kosningu skal kjósanda vera heimilt að kjósa hvort heldur lista stjórnmálasamtaka eða einstaka frambjóðendur. Framboðslisti skal hafa minnst 1500 meðmælendur en mest 3000. |
| | Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, | Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta. | |
| Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. | Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. | Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka. | 30 þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn í kjördæmum sem hér segir: |
| | | Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka. | [Gert er ráð fyrir um 12 einmennings- eða tvímenningskjördæmum samkvæmt nánari ákvörðun Stjórnlagaþings eða Alþingi taki um þetta ákvörðun með auknum meirihluta.] |
| Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. | Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. | Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu. | Vægi atkvæða við landskjör svo og kosningu innan hvers kjördæmis skal vera jafnt. |
| Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. | Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^{2}/_{3}$ atkvæða á Alþingi. | Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra. | Nánari reglur um kosningar til Alþingis, þ. á m. aukakosningar í kjördæmi, fyrirkomulag kosninga og kjördæmamörk, skulu settar með lögum. |
| | | Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.<br>Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.<br>Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra. | |
| | | 51. gr. | 51. gr. |
| | | *Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra. (Nýtt.)* | *(Styrkir til stjórnmálasamtaka, nýtt)* |
| | | Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu. Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum. | Upplýsingar um styrki til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram í Alþingiskosningum skulu vera aðgengilegar almenningi. |
| 23. gr. | 33. gr. | 41. gr. | 52. gr. |
| *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* | | *Kosningaréttur. (Nú 33. gr.)* | *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* |
| Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalög. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í | Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. |
| 24. gr. | 34. gr. | 42. gr. | 53. gr. |
| *(Úrskurður um kjör, nú 34. gr.)* | | *Kjörgengi. (Nú 34. gr.)* | *(Kjörgengi, nú 34. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.<br>Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. |
| 25. gr. | 45. gr. | 40. gr. | |
| *(Alþingiskosningar, nú 45. gr )* | | *Kjörtímabil. (Nú 45. gr.)* | |
| Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Kjörtímabil er fjögur ár. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.<br><br>Kjörtímabil er fjögur ár.<br>Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | |
| 26. gr. | 46. gr. | 43. gr. | 54. gr. |
| *(Kjörgengi, nú 46. gr.)* | | *Gildi kosninga. (Nú 46. gr. en gjörbreytt.)* | *(Úrskurður um kjör, nú 46. gr.)* |
| Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.<br><br>Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum. Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla. | Alþingi sker sjálft úr, hvort alþingismenn séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Úrskurði Alþingis er heimilt að skjóta til Hæstaréttar Íslands eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. |
| 27. gr. | 47. gr. | 47. gr. | 55. gr. |
| *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* | | *Eiðstafur. (Nú 47. gr.)* | *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* |
| Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. |
| 28. gr. | 48. gr. | 48. gr. | 56. gr. |
| *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* | | *Sjálfstæði alþingismanna. (Nú 48. gr.)* | *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* |
| Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. |
| 29. gr. | | 50. gr. | 57. gr. |
| *(Sérstakt hæfi, nýtt)* | | *Hagsmunaskráning og vanhæfi. (Nýtt.)* | *(Sérstakt hæfi, nýtt)* |
| Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | | Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.<br><br>Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir um í lögum, en brot skal þó eigi hafa áhrif á gildi settra laga. Í lögum skal einnig kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni |
| 30. gr. | 49. gr. | 49. gr. | 58. gr. |
| *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* | | *Friðhelgi alþingismanna. (Nú 49. gr.)* | *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* |
| Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. |
| 31. gr. | 50. gr. | | 59. gr. |
| *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* | | | *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* |
| Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | | Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er þingkosningin hafði veitt honum. |
| **IV. KAFLI ALÞINGI** | **IV. KAFLI** | **III. KAFLI**<br>**Alþingi.** | **V. KAFLI STÖRF ALÞINGIS** |
| 32. gr. | | 37. gr. | |
| *(Hlutverk, nýtt)* | | *Hlutverk. (Nýtt.)* | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | | Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | |
| 33. gr. | 35. gr. | 44. gr. | 61. gr. |
| *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* | | *Starfstími. (Nú 35. gr. og nýtt.)* | *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* |
| Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir alþingiskosningar.<br>Starfstíma Alþingis á hverju kjörtímabili skal skipta í löggjafarþing. Alþingi skal koma saman ár hvert á reglulegu löggjafarþingi sem hefst hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabilið ekki áður runnið út eða þing verið Með lögum skal nánar kveðið á um starfstíma Alþingis og reglubundin þinghlé. | Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.<br>Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. | Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.<br>Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. | Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar. Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. |
| 34. gr. | 37. gr. | 45. gr. | 62. gr. |
| *(Samkomustaður, nú 37. gr. og nýtt)* | | *Samkomustaður. (Nú 37. gr.)* | *(Samkomustaður, nú 37. gr.)* |
| Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið þegar sérstaklega er ástatt að koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið að koma saman á öðrum stað á Íslandi. |
| 35. gr. | 36. gr. | 38. gr. | 60. gr. |
| *(Friðhelgi, nú 36. gr.)* | | *Friðhelgi. (Nú 36. gr.)* | *(Friðhelgi Alþingis, nú 36. gr.)* |
| Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. |
| 36. gr. | 52. gr. | 52. gr. | 64. gr. |
| *(Forseti Alþingis, nú 52. gr. og nýtt)* | | *Þingforseti. (52. gr. og nýtt.)* | *(Yfirstjórn Alþingis, nýtt nú 52. gr.)* |
| Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. | Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.<br>Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum. Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða á Alþingi og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. |
| 37. gr. | | 54. gr. | 65. gr. |
| *(Fastanefndir þingsins, nýtt)* | | *Þingnefndir. (Nýtt.)* | *(Fastanefndir Alþingis, nýtt)* |
| Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.<br>Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd og utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. | | Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál.<br>Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum. | Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. |
| 38. gr., 1. mgr. | 32. gr. | | 63. gr., 1. mgr. |
| *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. gr.)* | | | *(Ein málstofa nú 32. gr.)* |
| Alþingi starfar í einni málstofu. | Alþingi starfar í einni málstofu. | | Alþingi starfar í einni málstofu. |
| 38. gr., 2. og 3. mgr. | 57. gr. | 55. gr. | 69. gr. |
| *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. og 57. gr. og nýtt)* | | *Opnir fundir. (Nú 57. gr.)* | *(Fundir Alþingis, nú 57. gr.)* |
| Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess, þegar ríkar ástæður eru til, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.<br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. | Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.<br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafist að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt og sker þá þingfundur úr hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.<br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 39. gr. | 58. gr. | 53. gr. | 63. gr., 2.-3. mgr. |
| *(Þingsköp, nú 58. gr.)* | | *Þingsköp. (Nú 58. gr.)* | *(Þingsköp, nú 58. gr. og nýtt)* |
| Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. |
| | | | Forseta Alþingis skal skylt að boða til þingfundar ef um það berst ósk frá forseta Íslands eða meirihluta þingmanna. |
| 40. gr. | 38. gr. | 56. gr. | 66. gr. |
| *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr. og 55. gr.)* | | *Flutningur þingmála. (Nú 38. gr. og 55. gr.)* | *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr.)* |
| Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál. | Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.<br>Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana eða önnur þingmál. |
| | 55. gr. | | |
| | Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það. | | |
| | 56. gr. | | |
| | Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra. | | |
| 41. gr. | 53. gr. | 59. gr. | 67. gr. |
| *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* | | *Ályktunarbærni. (Nú 53. gr.)* | *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* |
| Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. |
| 42. gr. | 44. gr. | 57. gr. | 68. gr. |
| *(Meðferð þingmála, nú 44. gr. og nýtt)* | | *Meðferð lagafrumvarpa. (Nú 44. gr. og nýtt.)* | *(Meðferð þingmála, nú 44. gr.)* |
| | | Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.<br>Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. | |
| Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár um ræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er að öðrum ástæðum mikilvægur. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. |
| Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd við tvær umræður. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra, tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda, svo og tillögur fastanefnda skulu þó ræddar Þingmál, sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu, falla niður við lok kjörtímabils. | | Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. | |
| | | 58. gr. | |
| | | *Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála.*<br>*(Nýtt, sbr. þó 44. gr.)* | |
| | | Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi.<br>Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.<br>Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.<br>Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.<br>Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. | |
| 43. gr. | 51. gr. | | 70. gr. |
| *(Þingseta ráðherra og stjórnarfrumvörp)* | | | *(Stjórnarfrumvörp og þingseta ráðherra, nýtt nú 51. gr.)* |
| Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherraembætti og tekur varamaður hans sætið á meðan. | Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn. | | |

| | | |
|---|---|---|
| Ráðherrar eiga þó rétt á að mæla fyrir frumvörpum á Alþingi skv. 76. gr., svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum eftir því sem þeir eru kallaðir til en gæta verða þeir þingskapa. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt. | | Ráðherrar eiga rétt á því að mæla fyrir frumvörpum til laga sem þeir leggja fram fyrir hönd forseta Íslands og taka þátt í umræðum. Um setu ráðherra á Alþingi, málfrelsi og tillögurétt fer að öðru leyti að þingsköpum. |
| 44. gr. | 62. gr., 2.-3. mgr. | 71. gr. |
| *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* | *Lögrétta. (Nýtt.)* | *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* |
| Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðaréttarlegum skuldbindingum ríkisins. | Þingnefnd eða 1/5 hluti alþingismanna getur óskað eftir áliti Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.<br>Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum. | Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. |
| | | 47. gr., 2. mgr. |
| | | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* |
| | | Forseti Íslands getur, án tillögu ráðherra, óskað eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort samþykkt lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskrá eða þjóðaréttarlegum skuldbindingum ríkisins og frestað staðfestingu eða synjun laganna þar til endanleg niðurstaða ráðsins liggur fyrir. |
| 45. gr. | 67. gr. | 97. gr. |
| *(Þjóðaratkvæðagreiðsla að kröfu þriðjungs þingmanna, nýtt)* | *Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.* | *(Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, nýtt)* |
| Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Skulu þingmenn senda skriflegt erindi þessa efnis til forseta Alþingis innan þriggja daga frá því að frumvarpið var samþykkt. | Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr. | Þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá þessari skulu vera leynilegar og fara fram í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að tilefni varð til þeirra. Atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu eiga allir þeir sem fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis og skal meirihluti atkvæða ráða. Svo að lögum, ályktun eða frumvarpi Alþingis til stjórnskipunarlaga teljist synjað skal að lágmarki þriðjungur kjósenda hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Sömu þátttöku þarf svo að lög um breytingu á stöðu þjóðkirkjunnar verði samþykkt eða krafa Alþingis um að |
| Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að erindi samkvæmt 1. mgr. kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður. | Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirsvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli | |
| Í þjóðaratkvæðagreiðslunni ræður meirihluti atkvæða niðurstöðu, en þó þurfa minnst 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá að hafna frumvarpinu til þess að það teljist fellt.<br>Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.<br>Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga, laga um skattamálefni, laga um ríkisborgararétt og laga sem sett eru til að framfylgja jóðréttarskuldbindingum. | | |
| 46. gr. | 65. gr. | 94. gr. |
| *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* | *Málskot til þjóðarinnar. (Nýtt.)* | *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* |
| Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meirihluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja | Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur. | Forseta er skylt að synja lögum eða ályktun Alþingis staðfestingar og skjóta máli til atkvæðis þjóðarinnar ef 15 af hundraði kjósenda á kjörskrá krefst þess. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. |
| Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum. | Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | 66. gr. | |
| | | *Þingmál að frumkvæði kjósenda. (Nýtt.)* | |
| | | Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi.<br>Tíu af hundraði kjósenda geta lagt fram frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagntillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi. Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi. | |
| 47. gr. | 79. gr., 2. mgr. | 19. gr., 2. mgr. | 95. gr. |
| *(Þjóðaratkvæðagreiðsla um kirkjuskipan, nú 2. mgr. 79. gr.)* | | *Kirkjuskipan. (Nú 2. mgr. 79. gr.)* | *(Atkvæðagreiðsla um þjóðkirkjuna, nú 2. mgr. 79. gr. og nýtt)* |
| Nú samþykkir Alþingi breytingu á lögum um stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þá leggja þau undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Samþykki Alþingi lög um að breyta stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju skulu þau lögð undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. |
| 48. gr. | 40. gr. | 72. gr. | 72. gr. |
| *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* | | *Eignir og skuldbindingar ríkisins. (Nú 40. gr., 2. málsl.)* | *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* |
| Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.<br>Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.<br>Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. |
| 49. gr. | 41. gr. | 69. gr. | 73. gr. |
| *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr. og nýtt)* | | *Greiðsluheimildir. (Nú 41. gr. og nýtt.)* | *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr.)* |
| Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu án slíkrar heimildar til að fullnægja ófyrirséðri greiðsluskyldu ríkisins eða almannahagsmunir krefjast þess og skal hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. | Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.<br>Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu til að fullnægja greiðsluskyldu ríkisins að lögum eða vegna aðkallandi almannahagsmuna og skal hann þá þegar í stað gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. |
| 50. gr. | 42. gr. | 68. gr. | 74. gr. |
| *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr. og nýtt)* | | *Frumvarp til fjárlaga. (Nú 42. gr.)* | *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr.)* |
| Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.<br>Samhliða frumvarpi til fjárlaga skal leggja fyrir Alþingi endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. |
| | | | 75. gr. |
| | | | *(Gerð fjárlaga, nýtt)* |
| | | | Við gerð fjárlaga skal við það miðað að tekjur séu jafnar útgjöldum eða meiri yfir fimm ára tímabil. Lán teljast ekki til Fjárlög skulu ekki fela í sér meiri rekstrarhalla ríkissjóðs en sem nemur 3% af vergri landsframleiðslu. Þegar nauðsyn ber til má víkja frá þessu skilyrði með samþykki forseta Íslands sem tekur ákvörðun án tillögu ráðherra. |
| 51. gr. | | 70. gr. | 76. gr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* | | *Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga. (Nýtt.)* | *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* |
| Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. | | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. |
| 52. gr. | 43. gr. | 74. gr. | 77. gr. |
| *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* | | *Ríkisendurskoðun. (Nú 43. gr. og nýtt.)* | *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* |
| Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára í senn og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum. | Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.<br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum.<br><br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. |
| 53. gr. | 54. gr. | 93. gr. | 78. gr. |
| *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* | | *Upplýsinga- og sannleiksskylda. (54. gr. og nýtt.)* | *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* |
| Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. | Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.<br><br>Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.<br>Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. |
| 54. gr. | | 94. gr. | 81. gr. |
| *(Skýrslur ráðherra og ríkisstjórnar, nýtt)* | | *Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis. (Nýtt.)* | *(Skýrsla ríkisstjórnar, nýtt)* |
| Ríkisstjórn skal árlega leggja skýrslu fyrir Alþingi um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | | Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | Ríkisstjórn skal árlega leggja fram skýrslu fyrir Alþingi um framkvæmd ályktana þingsins auk annarra mála eftir því sem ákveðið kann að vera í lögum. |
| 55. gr. | | 63. gr. | 79. gr. |
| *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* | | *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. (Nýtt.)* | *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* |
| Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. | | Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna. | Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. |
| 56. gr. | 39. gr. | 64. gr. | 80. gr. |
| *(Rannsóknarnefndir – breytt 39. gr. og nýtt)* | | *Rannsóknarnefndir. (Nú 39. gr. og nýtt.)* | *(Rannsóknarnefndir, nú 39. gr. og nýtt)* |
| Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.<br><br>Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. |
| 57. gr. | | 75. gr. | 82. gr. |
| *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* | | *Umboðsmaður Alþingis. (Nýtt.)* | *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* |
| Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. | | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina. | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds. | |
| **V. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALDIÐ** | **II. KAFLI** | **IV. KAFLI Forseti Íslands.** | **III. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALD** |
| 58. gr. | 3. gr. | 76. gr. | 23. gr. |
| *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* | | *Embættisheiti og þjóðkjör. (Nú 3. gr. og nýtt.)* | *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. |
| 59. gr. | 4. gr. | 77. gr. | 24. gr. |
| *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* | | *Kjörgengi. (Nú 4.gr.)* | *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* |
| Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu | Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára. | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kjörgengis til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. |
| 60. gr. | 5. gr. | 78. gr. | 25. gr. |
| *(Forsetakjör, nú 5. gr. og nýtt)* | | *Forsetakjör. (Nú 5. gr. og nýtt.)* | *(Forsetakjör, nú 5. gr.)* |
| Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningarbærra manna og mest 6000. Sá, sem hlýtur meirihluta atkvæða, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef enginn frambjóðenda hlýtur meirihluta greiddra atkvæða skal að nýju kosið milli þeirra er flest fengu atkvæði. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. | Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. |
| Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | | Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. |
| 61. gr. | 6. gr. | 79. gr. | 26. gr. |
| *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* | | *Kjörtímabil. (Nú 6. gr. og nýtt.)* | *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* |
| Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. |
| 62. gr. | 7. gr. | 83. gr. | 27. gr. |
| *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* | | *Fráfall. (Nú 7. gr.)* | *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* |
| Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans. | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá |
| 63. gr. | 8. gr. | 82. gr. | 28. gr. |
| *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* | | *Staðgengill. (Nú 8. gr.)* | *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* |
| Nú verður sæti forseta Íslands laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meirihluti. | Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri | Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan. | Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. |
| 64. gr. | 9. gr. | 81. gr. | 29. gr. |
| *(Starfskjör, nú 9. gr.)* | | *Starfskjör. (Nú 9. gr.)* | *(Starfskjör, nú 9. gr.)* |
| Forseti Íslands má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans | Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. |
| Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. |
| 65. gr. | 10. gr. | 80. gr. | 30. gr. |
| *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* | | *Eiðstafur. (Nú 10. gr.)* | *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið | Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum. | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en |
| 66. gr., 1.-3. mgr. | 11. gr., 1.-2. mgr. | 84. gr., 1. mgr. | 31. gr. |
| *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* | | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* |
| Forseti ber ekki lagalega ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.<br>Forseti verður þó sóttur til refsingar fyrir stjórnarathafnir í tilvikum þar sem um ræðir landráð svo og glæpi gegn mannúð eða aðra alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna samkvæmt reglum þjóðaréttar. | Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. | | Forseti ber ábyrgð á þeim stjórnarathöfnum sem hann undirritar og framkvæmir án tillögu ráðherra. Fari forseti með þessum athöfnum í bága við stjórnarskrá, landslög eða stofni hann hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, getur Alþingi krafist þess að hann sé sviptur embætti sínu með dómi. Hæstiréttur Hæstiréttur getur vikið forseta úr embætti tímabundið þar til skorið hefur verið úr kröfu Alþingis með endanlegum dómi. |
| Forseti verður ekki sóttur til refsingar vegna annarra athafna en stjórnarathafna nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. | Með samþykki Alþingis verður forseti sóttur til refsingar fyrir almennum dómstólum. |
| 66. gr., 4. og 5. mgr. | 11. gr. , 3. og 4. mgr. | 84. gr., 2. mgr. | 96. gr. |
| *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* | | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | *(Brottvikning forseta, nú 3. og 4. mgr. 11. gr.)* |
| Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og | Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og | Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru | Forseti Íslands verður leystur frá embætti sínu áður en kjörtíma hans er lokið ef það er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. |
| 67. gr. | 12. gr. | | 32. gr. |
| *(Aðsetur, nú 12. gr.)* | | | *(Aðsetur, nú 12. gr.)* |
| Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | | Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. |
| | | **V. KAFLI**<br>**Ráðherrar og ríkisstjórn.** | |
| 68. gr., 1. málsl. | 13. gr., 1. mgr. | 86. gr. | 33. gr. |
| *(Vald forseta, nú 13. með breytingum)* | | *Ráðherrar. (Nú að hluta 13., 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | *(Vald forseta, nú 13. gr.með breytingum)* |
| Ráðherra fer með vald forseta nema fyrir sé mælt á annan veg í stjórnarskrá þessari. | Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. | Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.<br>Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra.<br>Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár. | Ráðherra fer með vald forseta nema mælt sé á annan veg í stjórnarskrá þessari. |
| 68. gr., 2. málsl. | 18. gr. | | 38. gr., 1. mgr. |
| *(Vald forseta, nú 18. og 19. gr. með breytingum)* | | | *(Staðfesting forseta, nú 18. gr.)* |
| Sá ráðherra sem undirritað hefur stjórnarathöfn ber málið að jafnaði upp fyrir forseta og öðlast hún gildi við undirritun hans. | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. | | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. |
| 69. gr. | 15. gr. | 90. gr. | 35. gr. |
| *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, að hluta úr 15.* | | *Stjórnarmyndun. (Nú 15. gr. en gjörbreytt.)* | *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, nú 15. gr.)* |
| Forseti ákveður, án tillögu frá ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Jafnframt ákveður hann tölu þeirra og skiptir störfum með þeim eftir því sem lög mæla fyrir. | Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. | Alþingi kýs forsætisráðherra. | Forseti ákveður, án tillögu ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings meirihluta Alþingis eða hlutleysis. Forseta er heimilt að óska eftir yfirlýsingu Alþingis um stuðning eða hlutleysi áður en ný ríkisstjórn er skipuð. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings eða hlutleysis meiri hluta Alþingis. Ríkisstjórn skal því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meirihluti Alþingis sé henni ekki andvígur.<br><br>Hafi viðræður um stjórnarmyndun ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan tólf vikna er forseta heimilt að skipa | | Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn<br>Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.<br>Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en<br>Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.<br>Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti. | |
| 70. gr., 1.-2. mgr. | 17. gr. | 87. gr., 1.-3. mgr. | 37. gr. |
| *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* | | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | *(Ríkisstjórnarfundir, nú 17. gr.)* |
| Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði ásamt forseta Íslands, yfirmenn ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyra, og þeir sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórn, fer með fyrirsvar hennar og yfirumsjón með<br>Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Svo skal og halda ríkisstjórnarfund, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. | Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra. | Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.<br><br>Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.<br><br>Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ríkisstjórnarfund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti Íslands hefur kvatt til forsætis, nefnist hann forsætisráðherra og hefur hann umsjón með störfum ráðherra. |
| | | 88. gr. | |
| | | *Hagsmunaskráning og opinber störf (Nýtt.)* | |
| | | Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | |
| 70. gr., 3. mgr. | 13. gr., 2. mgr. | 87. gr., 4. mgr. | |
| *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* | | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | |
| Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. | Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | |
| 71. gr., 1. málsl. | | 91. gr. | |
| *(Vantrauststillögur, nýtt)* | | *Vantraust. (Nýtt.)* | |
| Enginn ráðherra eða ríkisstjórn getur setið í embætti eftir að Alþingi hefur samþykkt tillögu um vantraust. … | | Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um<br>Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á | |
| 71. gr., 2.-3. málsl. | | 92. gr. | 40. gr. |
| *(Starfsstjórn, nýtt)* | | *Starfsstjórn. (Nýtt.)* | *(Starfsstjórn, nýtt)* |
| … Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn hans skal hún sitja áfram sem starfsstjórn þar til ný ríkisstjórn er skipuð. Ráðherrar í starfsstjórn skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra. | | Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa | Ef forsætisráðherra biðst lausnar skal ríkisstjórn engu að síður sitja þar til ný stjórn hefur verið skipuð en ráðherrar skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru. |
| 72. gr. | 16. gr. | | 36. gr. |
| *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* | | | *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, þjóðréttarsamninga og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | | Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, mikilvægar stjórnarráðstafanir auk þjóðarréttarsamninga, sem horfa til breytinga á landslögum eða eru að öðrum ástæðum mikilvægir, skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. |
| 73. gr. | 14. gr. | 95. gr. | 34. gr. |
| *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr. og nýtt)* | | *Ráðherraábyrgð. (Nú að hluta 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr.)* |
| Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð vegna embættisbrota er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Um rannsókn á ætluðum brotum ráðherra og meðferð mála fyrir Landsdómi skal mælt fyrir í | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. | Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.<br><br>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum að undanskildum þeim sem forseti Íslands annast án atbeina þeirra. Ábyrgð vegna embættisbóta ráðherra skal ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Hæstiréttur Íslands dæmir þau mál. |
| 74. gr. | 22. gr. | 46. gr. | 42. gr. |
| *(Setning Alþingis, 22. gr. og nýtt. 23. gr. er felld niður)* | | *Þingsetning. (Nú 22. gr.)* | *(Setning Alþingis, nú 22. gr. með breytingum)* |
| Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess. | Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.<br><br>Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess |
| | 23. gr. | | |
| | Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna. | | |
| 75. gr. | 24. gr. | 73. gr. | 43. gr. |
| *(Þingrof, nú 24. gr.)* | | *Þingrof  (Nú 24. gr., breytt.)* | *(Þingrof, nú 24. gr.)* |
| Forseti Íslands getur rofið Alþingi, að ósk þess, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði | Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði | Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags. | Forseti Íslands getur rofið Alþingi að tillögu þess og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu |
| 76. gr. | 25. gr. | 89. gr. | 44. gr. |
| *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* | | *Ráðherrar og Alþingi. (Nú 25. gr., en gjörbreytt.)* | *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* |
| Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.<br>Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans. | Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. |
| 77. gr. | 26. gr., 1. málsl. | 60. gr., 1. mgr. | 38. gr., 2. mgr. |
| *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* | | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | *(Staðfesting forseta, nú 26. gr.)* |
| Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. ... | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp eða ályktun um fullgildingu þjóðréttarsamnings, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. |
| | 19. gr. | | 39. gr. |
| | | | *(Undirritun forseta og ráðherra, nú 19. gr.)* |
| | Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum. | | Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum, enda taki forseti ekki ákvörðun án tillögu ráðherra samkvæmt stjórnarskrá |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 77. gr., 2. mgr. | 26. gr., 2.-3. málsl. | 60. gr., 2. mgr. | 93. gr. |
| *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* | | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* |
| Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, ákveðið innan þriggja daga frá því að frumvarp er lagt fyrir hann að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þó engu að síður lagagildi, en leggja skal lögin innan þriggja mánaða undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, nema Alþingi hafi áður fellt lögin úr gildi. Ef meirihluti gildra atkvæða greiðir atkvæði gegn lögunum, en þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, falla þau úr gildi. Að öðrum kosti halda þau gildi sínu.<br>Ákvæði 2. mgr. á ekki við um fjárlög, fjáraukalög og lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.<br>Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. | ... Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. | Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lögin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. | Innan þriggja daga frá því að lög frá Alþingi, eða ályktun Alþingis um heimild til að fullgilda þjóðréttarsamning, hefur verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar, getur forseti synjað staðfestingar og skal þá boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Felli Alþingi samþykkt sína úr gildi er forseta heimilt að afturkalla synjun sína. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. |
| 78. gr. | 27. gr. | 61. gr. | 45. gr. |
| *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* | | *Birting laga. (Nú 27. gr. með breytingum.)* | *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* |
| Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum. | Birta skal lög stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum. |
| 79. gr. | 28. gr. | | 46. gr. |
| *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr.)* | | | *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr. og nýtt)* |
| Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er heimilt að gefa út fjárlög til bráðabirgða ef Alþingi hefur ekki sett fjárlög við upphaf fjárhagstímabils. Slík lög skulu þegar í stað lögð fyrir Alþingi og halda gildi sínu þar til Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir |
| 80. gr., 1. mgr. | | 62. gr., 1. mgr. | 47. gr., 1. mgr. |
| *(Stjórnlagaráð, nýtt)* | | *Lögrétta. (Nýtt.)* | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* |
| Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. | | Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára. | Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð til fjögurra ára fimm menn með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. |
| 80. gr., 2. mgr. | | | 47. gr., 3. mgr. |
| Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. | | | Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. |
| 81. gr. | 20. gr. | 96. gr. | 41. gr. |
| *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* | | *Skipun embættismanna. (Nú 20. gr., en gjörbreytt.)* | *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. | Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla. | Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla. | Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld, veita þau embætti, er lög mæla. |
| Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána. | Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. | Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti. | Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána. |
| Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni ráði við veitingu embættis. | Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það. | Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi. | Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum. | Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.<br>Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr. | Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 hlutum Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.<br>Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni. | Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í embættistekjum sínum. |
| | | 97. gr. | |
| | | *Sjálfstæðar ríkisstofnanir. (Nýtt.)* | |
| | | Í lögum má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi. | |
| 82. gr. | 29. gr. | 85. gr. | 48. gr. |
| *(Náðun og sakaruppgjöf, nú 29. gr.breytt og 30. gr. felld niður)* | | *Náðun og sakaruppgjöf. (Nú 29. gr.)* | *(Náðun og sakaruppgjöf, nú 29. gr.)* |
| Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki | Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Hæstiréttur Íslands hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. |
| | 30. gr. | | |
| | Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. | | |
| 83. gr. | | 104. gr. | 49. gr. |
| *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* | | *Ákæruvald og ríkissaksóknari. (Nýtt.)* | *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* |
| Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum. | | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum. | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum. |
| Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. | | Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.<br>Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarar. | Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. |
| **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** | | **VIII. KAFLI<br>Utanríkismál.** | **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** |
| 84. gr. | | 109. gr. | 83. gr. |
| *(Meðferð utanríkismála, nýtt)* | | *Meðferð utanríkismála. (Nýtt.)* | *(Meðferð utanríkismála nýtt)* |
| Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samskiptum við erlend ríki. Utanríkisráðherra mótar utanríkisstefnu á vettvangi ríkisstjórnar í umboði og undir eftirliti Alþingis. Í samskiptum við erlend ríki skal forseti Íslands Utanríkismálanefnd Alþingis er utanríkisráðherra til ráðgjafar um utanríkis- og varnarmál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Ráðherrar skulu veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar, sem hún kann að óska eftir eða ef annars er ástæða til. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. | | Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.<br><br>Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.<br><br>Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis. | Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi. Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis.<br><br>Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.<br><br>Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. |
| 85. gr. | 21. gr. | 110. gr. | 84. gr. |
| *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr. og nýtt)* | | *Þjóðréttarsamningar. (Nýtt.)* | *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Alþingi skal samþykkja samninga sem fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, kalla á breytingar á lögum eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum. | Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. | Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, nema samþykki Alþingis komi til. |
| 86. gr. | | 111. gr. | 85. gr. |
| *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* | | *Framsal ríkisvalds. (Nýtt.)* | *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* |
| Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga við önnur ríki sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.<br>Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði þar sem meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu þó þannig að a.m.k. 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá verði að hafna tillögunni til að hún teljist felld. | | Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.<br><br>Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.<br><br>Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar | Í þágu friðar og alþjóðlegrar samvinnu er heimilt að gera þjóðréttarsamning sem felur í sér framsal á ríkisvaldi á afmörku sviði. Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem greinir í X. kafla um breytingu og viðauka við stjórnarskrá þessa. |
| | | 112. gr. | 86. gr. |
| | | *Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum. (Nýtt.)* | *(Gildi og forgangur þjóðaréttar, nýtt)* |
| | | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.<br>Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar almennum lögum. | Reglur þjóðaréttar sem bindandi eru fyrir ríkið skulu vera hluti landsréttar og ganga framar almennum lögum.<br><br>Við samþykkt eða fullgildingu þjóðréttarsamnings má undanskilja samning eða hluta hans þessum réttaráhrifum. Með lögum má einnig undanskilja þá samninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku stjórnarskrár þessarar. |
| **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** | **V. KAFLI** | **VI. KAFLI<br>Dómsvald.** | **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** |
| 87. gr. | 59. gr. | 98. gr. | 87. gr. |
| *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr. og nýtt)* | | *Skipan dómstóla. (Nú 59. gr.)* | *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr.)* |
| Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum. | Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipun dómsvaldsins, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. |
| 88. gr. | | 99. gr. | 88. gr. |
| *(Sjálfstæði dómstóla)* | | *Sjálfstæði dómstóla. (Nýtt.)* | *(Sjálfstæði dómstóla, nýtt)* |
| Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. | | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. |
| 89. gr. | | 100. gr. | 89. gr. |
| *(Verksvið, nýtt)* | | *Lögsaga dómstóla. (Nýtt.)* | *(Lögsaga, nýtt)* |
| Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða Dómstólar leysa úr um stjórnskipulegt gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.<br><br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða Dómstólar leysa úr stjórnskipulegu gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. |
| 90. gr. | | 101. gr. | 90. gr. |
| *(Hæstiréttur, nýtt)* | | *Hæstiréttur Íslands. (Nýtt.)* | *(Hæstiréttur Íslands, nýtt)* |
| Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. Með lögum má undanskilja lögsögu hans mál sem sæta úrlausn sérdómstóla á einu dómstigi. | | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra | |
| | 60. gr. | | |
| | Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til | | |
| 91. gr. | 61. gr., 2.-3. málsl. | 102. gr. | 91. gr. |
| *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* | | *Skipun dómara. (Nú 61. gr. og nýtt.)* | *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* |
| Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum. | ... Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum. | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum. |
| Forseti Ísland skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. | | Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast. | Forseti Íslands skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera háð samþykki Alþingis. Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. |
| 92. gr. | 61. gr., 1. málsl. | 103. gr. | 92. gr. |
| *(Sjálfstæði dómara, nú 1. málsl. 61. gr.)* | | *Sjálfstæði dómara. (Nú 61. gr., 1. mgr., 1. málsl.)* | *(Sjálfstæði dómara, 1. málslið 61. gr.)* |
| Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. ... | Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. |
| **VIII. KAFLI SVEITARFÉLÖG (Nýr kafli)** | | **VII. KAFLI Sveitarfélög.** | **IX. KAFLI SVEITARFÉLÖG** |
| 93. gr. | 78. gr. | 105. gr. | 98. gr. |
| *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* | | *Sjálfstæði sveitarfélaga. (Nú 78. gr.)* | *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* |
| Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög | Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög |
| Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. |
| | | 106. gr. | |
| | | *Nálægðarregla. (Nýtt.)* | |
| | | Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum. | |
| 94. gr. | | 107. gr. | 99. gr. |
| *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* | | *Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði. (Nýtt.)* | *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* |
| Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum. | | Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum. | Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum. |
| Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal skipað með lögum. | | Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. | Rétti íbúa sveitarfélaga til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélags skal skipað með lögum. |
| | | 108. gr. | |
| | | *Samráðsskylda. (Nýtt.)* | |
| | | Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. | |
| **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** | | **IX. KAFLI Lokaákvæði.** | **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** |
| 95. gr. | 79. gr., 1. mgr. | 113. gr. | 100. gr. |
| *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* | | *Stjórnarskrárbreytingar. (Nú 79. gr., 1. mgr. og nýtt.)* | *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meirihluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög. | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. | Frumvörp, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp á Alþingi. Samþykki Alþingi frumvarp með 2/3 hluta greiddra atkvæða og því er ekki synjað í eftirfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt VIII. kafla, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. |
| | | Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður. | |
| | 80. gr. | | |
| | *(Fallið brott.)* | | |
| 96. gr. | 81. gr. | 114. gr. | 101. gr. |
| *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* |
| Stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meirihluti allra kjósenda á kjörskrá samþykkt hana. | Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. | Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.<br>Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu samþykkt hana með leynilegri atkvæðagreiðslu. |
| **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** | **ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR** | **Ákvæði til bráðabirgða.** | **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** |
| | | | **Bráðabirgðaákvæði I** |
| | | | *(Endurskoðun stöðu þjóðkirkjunnar, nýtt)* |
| | Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945. Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr.stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim. | | Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun hafa hafa lokið innan 10 ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar. |
| | | | **Bráðabirgðaákvæði II** |
| *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* | | | *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* |
| Endurskoða skal kjördæmaskipan innan tveggja ára frá því stjórnarskrá þessi öðlast gildi. | Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta | Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.<br>Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. | Setja skal lög samkvæmt 5. mgr. 50. gr.á kjörtímabili þess Alþingis sem situr við gildistöku þessarar stjórnarskrár með það fyrir augum að næstu reglulegu kosningar til Alþingis fari fram samkvæmt nýrri kjördæma- og kosningaskipan eftir fyrirmælum |

| Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi B<br>B | Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands<br>1944 nr. 33 17. júní<br>S | Frumvarp stjórnlagaráðs<br><br>R | Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi A<br>A |
|---|---|---|---|
| ***Ræður efnisröðun*** | | | |
| **AÐFARAORÐ** | | **Aðfaraorð** | |
| *(Nýtt)* | | *(Nýtt.)* | |
| Við, Íslendingar, lýsum yfir skilyrðislausri virðingu mannsins og reisn ásamt ábyrgð á því landi og lífríki sem við byggjum tilveru okkar á.<br><br>Sem sjálfstæð þjóð meðal þjóða lýsum við jafnframt yfir þeim ásetningi að vinna á þessum grunni með öðrum þjóðum og stuðla að friði.<br>Það ríki sem við höfum stofnað til og falið vald þjóðarinnar skal í hvívetna byggt og bundið lögum með lýðræði, mannréttindi og heiðarleika að leiðarljósi.<br>Með þetta fyrir augum setjum við okkur grundvallarlög í svofelldri stjórnarskrá: | | Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.<br>Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.<br><br>Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.<br><br>Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.<br>Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða. | |
| **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** | **I. KAFLI** | **I. KAFLI**<br>**Undirstöður.** | **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** |
| 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. |
| *(Stjórnarform, nú 1. gr.)* | | *Stjórnarform. (Nú 1. gr.)* | *(Stjórnarform, undirstöður og gildi, nýtt)* |
| Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. | Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn. | Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi, reist á virðingu fyrir reisn mannsins, umhverfi og friði meðal þjóða.<br>Allt vald kemur frá þjóðinni.<br>Lýðræði, réttarríki og virðing fyrir mannréttindum eru hornsteinar stjórnskipunar Íslands. |
| 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. |
| *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr.)* | | *Handhafar ríkisvalds. (Nú 2. gr.)* | *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr. að hluta)* |
| Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti, ráðherrar og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið. | Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.<br><br>Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.<br>Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. | Alþingi fer með löggjafarvaldið. Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Enginn ráðherra getur setið nema með stuðningi eða hlutleysi meiri hluta Alþingis. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með |
| 3. gr. | | 3. gr. | 3. gr., 1. mgr. |
| *(Yfirráðasvæði ríkisins, nýtt)* | | *Yfirráðasvæði. (Nýtt.)* | *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* |
| Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. |
| 4. gr. | | 34. gr. | 3. gr., 2. mgr. |
| *(Þjóðareign á auðlindum, nýtt)* | | *Náttúruauðlindir. (Nýtt.)* | *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* |
| Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða | | Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.<br><br>Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. | Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.<br>Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum. | |
| | | 32. gr. | |
| | | *Menningarverðmæti. (Nýtt.)* | |
| | | Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. | |
| 5. gr. | | | 5. gr. |
| *(Íslensk tunga, nýtt)* | | | *(Íslensk tunga, nýtt)* |
| Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. | | | Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. |
| | | 5. gr. | |
| | | *Skyldur borgaranna. (Nýtt.)* | |
| | | Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.<br>Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða. | |
| **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** | **VII. KAFLI** | **II. KAFLI**<br>**Mannréttindi og náttúra.** | **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** |
| 6. gr. | 65. gr. | 6. gr. | 6. gr. |
| *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* | | *Jafnræði (Nú 65. gr.)* | *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* |
| Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, fötlunar, aldurs, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, [aldurs], [búsetu], efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. |
| | | 7. gr. | |
| | | *Réttur til lífs. (Nýtt.)* | |
| | | Allir hafa meðfæddan rétt til lífs. | |
| | | 8. gr. | |
| | | *Mannleg reisn. (Nýtt.)* | |
| | | Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna. | |
| | | 9. gr. | |
| | | *Vernd réttinda. (Nýtt.)* | |
| | | Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra. | |
| | | 10. gr. | |
| | | *Mannhelgi. (Nýtt.)* | |
| | | Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan. | |
| 7. gr., 1. mgr. | 66. gr., 1. mgr. | 4. gr., 1.-2. mgr. | 4. gr. |
| *(Ríkisborgararéttur og ferðafrelsi, nú 1. mgr. 66. gr.)* | | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 1. mgr.)* | *(Ríkisborgarar, nú 1. mgr. 66. gr.)* |
| Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. | Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. | Menn öðlast íslenskan ríkisborgararétt eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. | |
| 7. gr., 2. mgr. | 66. gr., 2. mgr. | 4. gr., 3. mgr. | 8. gr., 1. mgr. |
| *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* | | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 2. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* |
| Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. |
| 7. gr., 3. mgr. | 66. gr., 3. mgr. | 26. gr., 1. mgr. | 8. gr., 2. mgr. |
| *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* | | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 3. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* |
| Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. |
| 7. gr., 4. mgr. | 66. gr., 4. mgr. | 26. gr., 2. mgr. | 8. gr., 3. mgr. |
| *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* | | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 4. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* |
| Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. |
| | | 26. gr., 3. mgr. | |
| | | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nýtt.)* | |
| | | Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar. | |
| 8. gr. | 67. gr. | 27. gr. | 7. gr. |
| *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* | | *Frelsissvipting. (Nú 67. gr.)* | *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* |
| Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. |
| Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal |
| Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. | Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. |
| Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. |
| 9. gr., 1.-2. mgr. | 68. gr., 1.-2. mgr. | 29. gr., 2.-3. mgr. | 9. gr., 1.-2. mgr. |
| *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9. gr., 3. mgr. | 68. gr., 3. mgr. | 29. gr., 1. mgr. | 9. gr., 3. mgr. |
| *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. |
| 10. gr. | 69. gr. | 30. gr. | 10. gr. |
| *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* | | *Bann við afturvirkni refsingar. (Nú 69. gr., 1. mgr.)* | *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* |
| Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. |
| | | 31. gr. | |
| | | *Bann við herskyldu. (Nýtt.)* | |
| | | Herskyldu má aldrei í lög leiða. | |
| 11. gr. | 70. gr. | 28. gr. | 11. gr. |
| *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* | | *Réttlát málsmeðferð. (Nú 70. gr.)* | *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* |
| Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og hlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. |
| 12. gr. | 71. gr. | 11. gr. | 12. gr. |
| *(Friðhelgi einkalífs, nú 71. gr.)* | | *Friðhelgi einkalífs. (Nú 71. gr.)* | *(Friðhelgi einkalífs o.fl., nú 71. gr.)* |
| Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. | Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. |
| Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. |
| 13. gr. | 72. gr. | 13. gr. | 18. gr. |
| *(Friðhelgi eignarréttar, nú 72. gr.)* | | *Eignarréttur. (Nú 72. gr. og nýtt.)* | *(Eignarréttur, nú 72. gr.)* |
| Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. |
| 14. gr. | 73. gr. | 14. gr. | 14. gr., 1., 2. og 4. mgr. |
| *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* | | *Skoðana- og tjáningarfrelsi. (Nú 73. gr.)* | *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* |
| Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.<br>Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.<br>Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir | |
| 15. gr. | | 15. gr. | 14. gr., 3. mgr. |
| *(Fjölmiðlafrelsi, 73. gr. og nýtt)* | | *Upplýsingaréttur. (Nýtt.)* | *(Skoðana og tjáningarfrelsi, 73. gr. og nýtt)* |
| Öllum er frjálst að leita, nýta og miðla upplýsingum. Með lögum skal kveðið á um nafnleynd og vernd heimildarmanna og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla að öðru leyti tryggð.<br>Upplýsingar og gögn í vörslum hins opinbera skulu vera aðgengileg almenningi.<br><br>Réttindum samkvæmt þessari grein má setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | | Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.<br><br>Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt<br>Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af.<br>Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.<br>Söfnun, miðlun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði stjórnvalda.<br>Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. | Öllum er frjálst að leita, taka við og miðla upplýsingum.<br>Upplýsingar og gögn í vörslum stjórnvalda skulu vera aðgengileg almenningi. |
| | | 16. gr. | |
| | | *Frelsi fjölmiðla. (Nýtt.)* | |
| | | Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.<br>Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði. | |
| | | 17. gr. | |
| | | *Frelsi menningar og mennta. (Nýtt.)* | |
| | | Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista. | |
| 16. gr., 1.-2. mgr. | 74. gr., 1.-2. mgr. | 20. gr. | 15. gr., 1.-2. mgr. |
| *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | | *Félagafrelsi. (Nú 74. gr., 1.-2. mgr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |
| Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.<br><br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. |
| 16. gr., 3. mgr. | 74. gr., 3. mgr. | 21. gr. | 15. gr., 3. mgr. |
| *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | | *Fundafrelsi. (Nú 74. gr., 3. mgr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |
| 17. gr., 1. mgr. | 63. gr. | 18. gr., 2. mgr. | 13. gr., 1. mgr. |
| *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | | *Trúfrelsi. (Nú 63. gr., 1. málsl., en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Allir eiga rétt á að iðka trú eða lífsskoðun einir eða í félagi við aðra en ekki má þó kenna neitt eða fremja sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. | Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. |
| 17. gr., 2. mgr. | 64. gr., 1. mgr. | 18. gr., 3. mgr. | 13. gr., 2. mgr. |
| *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. málsl., en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. |
| **VI. KAFLI** | | | |
| 17. gr., 3. mgr. | 62. gr. | 19. gr., 1. mgr. | |
| *(Trúfrelsi, nú 63. gr. og 1. og 2. mgr. 64. gr. og nýtt)* | | *Kirkjuskipan. (Nú 62. gr. en breytt)* | |
| Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi en ríkið skal þó styðja og vernda öll lögleg trúfélög. | Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.<br>Breyta má þessu með lögum. | Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. | |
| 17. gr., 4. mgr. | 64. gr., 2.-3. mgr. | 18. gr., 1. mgr. | 13. gr., 3. mgr. |
| *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. mgr. en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga og enginn skal skyldur til að greiða félagi gjöld sem hann er ekki aðili að. | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild<br>Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns.<br>Breyta má þessu með lögum. | Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild |
| 18. gr. | 75. gr. | 25. gr. | 16. gr. |
| *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* | | *Atvinnufrelsi. (Nú 75. gr. og nýtt.)* | *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* |
| Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.<br>Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. |
| 19. gr., 1. mgr. | 76. gr., 1. mgr. | 22. gr. | 17. gr., 1. mgr. |
| *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* | | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 1. mgr. og nýtt.)* | *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* |
| Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.<br><br>Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. |
| 19. gr., 2. mgr. | 76. gr., 2. mgr. | 24. gr. | 17. gr., 2. mgr., 1. málsl. |
| *Réttur til ... menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* | | *Menntun. (Nú 76. gr. , 2. mgr. og nýtt.)* | *Réttur til ... menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* |
| Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.<br>Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.<br>Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýninni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. |
| 19. gr., 3. mgr. | 76. gr., 3. mgr. | 12. gr. | 17. gr., 2. mgr., 2.-3. málsl. |
| *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* | | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 3. mgr. og nýtt.)* | *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* |
| Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Virða ber rétt þeirra til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. | Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.<br><br>Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.<br>Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þarra krefst. Virða ber rétt barna til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. |
| | | 23. gr. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | *Heilbrigðisþjónusta. (Nýtt.)* | |
| | | Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. | |
| 20. gr. | 77. gr. | 71. gr. | 19. gr. |
| *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* | | *Skattar. (Nú 77. gr. og 40. gr., 1. málsl.)* | *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* |
| Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. | Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.<br><br>Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. |
| Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. |
| 21. gr., 1. mgr. | | 33. gr. | 20. gr., 1. mgr. |
| *(Umhverfi, nýtt)* | | *Náttúra Íslands og umhverfi. (Nýtt.)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| Tryggja ber heilnæmt umhverfi og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Öllum skal heimilt að fara um landið í löglegum tilgangi en er skylt að ganga vel um. | | Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll<br>Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða<br>Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi. | Allir eiga rétt til heilnæms umhverfis og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Almenningi er heimilt að fara um landið í lögmætum tilgangi en skal ganga vel um og virða náttúruna. |
| 21. gr., 2. mgr. | | 35. gr. | 20. gr., 2. mgr. |
| *(Umhverfi, nýtt)* | | *Upplýsingar um umhverfi og málsaðild. (Nýtt.)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. | | Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.<br>Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.<br>Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar. | Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. |
| | | 36. gr. | |
| | | *Dýravernd. (Nýtt.)* | |
| | | Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu. | |
| 22. gr. | | | 21. gr. |
| *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* | | | *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* |
| Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. [Mannréttindareglur alþjóðlegra mannréttindasamninga njóta stjórnarskrárverndar þegar þær eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenska ríkið.] | | | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. |
| **III. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALD** | **II. KAFLI** | **IV. KAFLI**<br>**Forseti Íslands.** | **V. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALDIÐ** |
| 23. gr. | 3. gr. | 76. gr. | 58. gr. |
| *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* | | *Embættisheiti og þjóðkjör. (Nú 3. gr. og nýtt.)* | *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. |
| 24. gr. | 4. gr. | 77. gr. | 59. gr. |
| *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* | | *Kjörgengi. (Nú 4.gr.)* | *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kjörgengis til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu | Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára. | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu |
| 25. gr. | 5. gr. | 78. gr. | 60. gr. |
| *(Forsetakjör, nú 5. gr.)* | | *Forsetakjör. (Nú 5. gr. og nýtt.)* | *(Forsetakjör, nú 5. gr. og nýtt)* |
| Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. | Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningarbærra manna og mest 6000. Sá, sem hlýtur meirihluta atkvæða, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef enginn frambjóðenda hlýtur meirihluta greiddra atkvæða skal að nýju kosið milli þeirra er flest fengu atkvæði. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. |
| Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | | Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. |
| 26. gr. | 6. gr. | 79. gr. | 61. gr. |
| *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* | | *Kjörtímabil. (Nú 6. gr. og nýtt.)* | *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* |
| Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú |
| 27. gr. | 7. gr. | 83. gr. | 62. gr. |
| *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* | | *Fráfall. (Nú 7. gr.)* | *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* |
| Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans. | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá |
| 28. gr. | 8. gr. | 82. gr. | 63. gr. |
| *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* | | *Staðgengill. (Nú 8. gr.)* | *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* |
| Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. | Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri | Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan. | Nú verður sæti forseta Íslands laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meirihluti. |
| 29. gr. | 9. gr. | 81. gr. | 64. gr. |
| *(Starfskjör, nú 9. gr.)* | | *Starfskjör. (Nú 9. gr.)* | *(Starfskjör, nú 9. gr.)* |
| Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans | Forseti Íslands má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. |
| Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. |
| 30. gr. | 10. gr. | 80. gr. | 65. gr. |
| *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* | | *Eiðstafur. (Nú 10. gr.)* | *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* |
| Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið | Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum. | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en |
| 31. gr. | 11. gr., 1.-2. mgr. | 84. gr., 1. mgr. | 66. gr., 1.-3. mgr. |
| *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* | | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* |
| Forseti ber ábyrgð á þeim stjórnarathöfnum sem hann undirritar og framkvæmir án tillögu ráðherra. Fari forseti með þessum athöfnum í bága við stjórnarskrá, landslög eða stofni hann hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, getur Alþingi krafist þess að hann sé sviptur embætti sínu með dómi. Hæstiréttur Hæstiréttur getur vikið forseta úr embætti tímabundið þar til skorið hefur verið úr kröfu Alþingis með endanlegum dómi. | Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. | | Forseti ber ekki lagalega ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. Forseti verður þó sóttur til refsingar fyrir stjórnarathafnir í tilvikum þar sem um ræðir landráð svo og glæpi gegn mannúð eða aðra alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna samkvæmt reglum þjóðaréttar. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Með samþykki Alþingis verður forseti sóttur til refsingar fyrir almennum dómstólum. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar vegna annarra athafna en stjórnarathafna nema með samþykki Alþingis. |
| 32. gr. | 12. gr. | | 67. gr. |
| *(Aðsetur, nú 12. gr.)* | | | *(Aðsetur, nú 12. gr.)* |
| Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | | Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. |
| **V. KAFLI**<br>**Ráðherrar og ríkisstjórn.** | | | |
| 33. gr. | 13. gr., 1. mgr. | 86. gr. | 68. gr., 1. málsl. |
| *(Vald forseta, nú 13. gr.með breytingum)* | | *Ráðherrar. (Nú að hluta 13., 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | *(Vald forseta, nú 13. með breytingum)* |
| Ráðherra fer með vald forseta nema mælt sé á annan veg í stjórnarskrá þessari. | Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. | Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.<br>Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra.<br>Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár. | Ráðherra fer með vald forseta nema fyrir sé mælt á annan veg í stjórnarskrá þessari. |
| 34. gr. | 14. gr. | 95. gr. | 73. gr. |
| *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr.)* | | *Ráðherraábyrgð. (Nú að hluta 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr. og nýtt)* |
| Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum að undanskildum þeim sem forseti Íslands annast án atbeina þeirra. Ábyrgð vegna embættisbóta ráðherra skal ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Hæstiréttur Íslands dæmir þau mál. | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. | Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.<br><br>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á | Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð vegna embættisbrota er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Um rannsókn á ætluðum brotum ráðherra og meðferð mála fyrir Landsdómi skal mælt fyrir í |
| | 13. gr., 2. mgr. | 87. gr., 4. mgr. | 70. gr., 3. mgr. |
| | | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* |
| | Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. | Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. |
| 35. gr. | 15. gr. | 90. gr. | 69. gr. |
| *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, nú 15. gr.)* | | *Stjórnarmyndun. (Nú 15. gr. en gjörbreytt.)* | *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, að hluta úr 15.* |
| Forseti ákveður, án tillögu ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings meirihluta Alþingis eða hlutleysis. Forseta er heimilt að óska eftir yfirlýsingu Alþingis um stuðning eða hlutleysi áður en ný ríkisstjórn er skipuð. | Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. | Alþingi kýs forsætisráðherra. | Forseti ákveður, án tillögu frá ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Jafnframt ákveður hann tölu þeirra og skiptir störfum með þeim eftir því sem lög mæla fyrir. |
| | | Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn | Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings eða hlutleysis meiri hluta Alþingis. Ríkisstjórn skal því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meirihluti Alþingis sé henni ekki andvígur. |
| | | Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.<br>Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en<br>Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.<br>Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti. | Hafi viðræður um stjórnarmyndun ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan tólf vikna er forseta heimilt að skipa |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 36. gr. | 16. gr. | | 72. gr. |
| *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* | | | *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* |
| Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, mikilvægar stjórnarráðstafanir auk þjóðarréttarsamninga, sem horfa til breytinga á landslögum eða eru að öðrum ástæðum mikilvægir, skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | | Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, þjóðréttarsamninga og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. |
| 37. gr. | 17. gr. | 87. gr., 1.-3. mgr. | 70. gr., 1.-2. mgr. |
| *(Ríkisstjórnarfundir, nú 17. gr.)* | | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* |
| | | Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra. | Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði ásamt forseta Íslands, yfirmenn ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyra, og þeir sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórn, fer með fyrirsvar hennar og yfirumsjón með |
| Ríkisstjórnarfundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ríkisstjórnarfund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti Íslands hefur kvatt til forsætis, nefnist hann forsætisráðherra og hefur hann umsjón með störfum ráðherra. | Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Svo skal og halda ríkisstjórnarfund, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. |
| | | Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. | |
| | | 88. gr. | |
| | | *Hagsmunaskráning og opinber störf (Nýtt.)* | |
| | | Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | |
| 38. gr., 1. mgr. | 18. gr. | | 68. gr., 2. málsl. |
| *(Staðfesting forseta, nú 18. gr.)* | | | *(Vald forseta, nú 18. og 19. gr. með breytingum)* |
| Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. | | Sá ráðherra sem undirritað hefur stjórnarathöfn ber málið að jafnaði upp fyrir forseta og öðlast hún gildi við undirritun hans. |
| 38. gr., 2. mgr. | 26. gr., 1. málsl. | 60. gr., 1. mgr. | 77. gr. |
| *(Staðfesting forseta, nú 26. gr.)* | | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* |
| Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp eða ályktun um fullgildingu þjóðréttarsamnings, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. … | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. |
| 39. gr. | 19. gr. | | |
| *(Undirritun forseta og ráðherra, nú 19. gr.)* | | | |
| Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum, enda taki forseti ekki ákvörðun án tillögu ráðherra samkvæmt stjórnarskrá | Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum. | | |
| | | 91. gr. | 71. gr., 1. málsl. |
| | | *Vantraust. (Nýtt.)* | *(Vantrauststillögur, nýtt)* |
| | | Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á | Enginn ráðherra eða ríkisstjórn getur setið í embætti eftir að Alþingi hefur samþykkt tillögu um vantraust. … |
| 40. gr. | | 92. gr. | 71. gr., 2.-3. málsl. |
| *(Starfsstjórn, nýtt)* | | *Starfsstjórn. (Nýtt.)* | *(Starfsstjórn, nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ef forsætisráðherra biðst lausnar skal ríkisstjórn engu að síður sitja þar til ný stjórn hefur verið skipuð en ráðherrar skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru. | | Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa | … Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn hans skal hún sitja áfram sem starfsstjórn þar til ný ríkisstjórn er skipuð. Ráðherrar í starfsstjórn skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra. |
| 41. gr. | 20. gr. | 96. gr. | 81. gr. |
| *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* | | *Skipun embættismanna. (Nú 20. gr., en gjörbreytt.)* | *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld, veita þau embætti, er lög mæla.<br>Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.<br>Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti.<br>Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í embættistekjum sínum. | Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.<br>Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.<br>Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.<br>Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.<br>Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr. | Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla.<br>Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.<br>Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi.<br>Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 hlutum Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.<br>Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni. | Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.<br>Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.<br>Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni ráði við veitingu embættis.<br>Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum. |
| | | 97. gr. | |
| | | *Sjálfstæðar ríkisstofnanir. (Nýtt.)* | |
| | | Í lögum má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi. | |
| 42. gr. | 22. gr. | 46. gr. | 74. gr. |
| *(Setning Alþingis, nú 22. gr. með breytingum)* | | *Þingsetning. (Nú 22. gr.)* | *(Setning Alþingis, 22. gr. og nýtt. 23. gr. er felld niður)* |
| Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess | Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.<br>Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess. |
| | 23. gr. | | |
| | Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna. | | |
| 43. gr. | 24. gr. | 73. gr. | 75. gr. |
| *(Þingrof. nú 24. gr.)* | | *Þingrof. (Nú 24. gr., breytt.)* | *(Þingrof. nú 24. gr.)* |
| Forseti Íslands getur rofið Alþingi að tillögu þess og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu | Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði | Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags. | Forseti Íslands getur rofið Alþingi, að ósk þess, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði |
| 44. gr. | 25. gr. | 89. gr. | 76. gr. |
| *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* | | *Ráðherrar og Alþingi. (Nú 25. gr., en gjörbreytt.)* | *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* |
| Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. | Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.<br>Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans. | |
| 45. gr. | 27. gr. | 61. gr. | 78. gr. |
| *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* | | *Birting laga. (Nú 27. gr. með breytingum.)* | *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* |
| Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarhættu og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum. | Birta skal lög stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarhættu og gildistöku fer að landslögum. |
| 46. gr. | 28. gr. | | 79. gr. |
| *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr. og nýtt)* | | | *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr.)* |
| Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er heimilt að gefa út fjárlög til bráðabirgða ef Alþingi hefur ekki sett fjárlög við upphaf fjárhagstímabils. Slík lög skulu þegar í stað lögð fyrir Alþingi og halda gildi sínu þar til Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. |
| 47. gr., 1. mgr. | | 62. gr., 1. mgr. | 80. gr., 1. mgr. |
| *(Stjórnlagaráð, nýtt)* | | *Lögrétta. (Nýtt.)* | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* |
| Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð til fjögurra ára fimm menn með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. | | Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára. | Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. |
| 47. gr., 2. mgr. | | | |
| *(Stjórnlagaráð, nýtt)* | | | |
| Forseti Íslands getur, án tillögu ráðherra, óskað eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort samþykkt lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskrá eða þjóðaréttarlegum skuldbindingum ríkisins og frestað staðfestingu eða synjun laganna þar til endanleg niðurstaða ráðsins liggur fyrir. | | | |
| 47. gr., 3. mgr. | | | 80. gr., 2. mgr. |
| Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. | | | Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. |
| 48. gr. | 29. gr. | 85. gr. | 82. gr. |
| *(Náðun og sakaruppgjöf, nú 29. gr.)* | | *Náðun og sakaruppgjöf. (Nú 29. gr.)* | *(Náðun og sakaruppgjöf, nú 29. gr.breytt og 30. gr. felld niður)* |
| Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Hæstiréttur Íslands hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki | Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. |
| | 30. gr. | | |
| | Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. | | |
| 49. gr. | | 104. gr. | 83. gr. |
| *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* | | *Ákæruvald og ríkissaksóknari. (Nýtt.)* | *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* |
| Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. | | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.<br>Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarar. | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. |
| **IV. KAFLI ALÞINGISKOSNINGAR OG ALÞINGISMENN** | **III. KAFLI** | | **III. KAFLI KOSNINGAR TIL ALÞINGIS OG ALÞINGISMENN** |

| 50. gr. | 31. gr. | 39. gr. | 22. gr. |
|---|---|---|---|
| *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr. og nýtt)* | | *Alþingiskosningar. (Nú 31. gr., gjörbreytt)* | *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr.)* |
| Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegri kosningu.<br>30 þingmenn skulu kosnir til sex ára í senn í hlutbundinni kosningu um land allt í einu lagi. Við kosningu skal kjósanda vera heimilt að kjósa hvort heldur lista stjórnmálasamtaka eða einstaka frambjóðendur. Framboðslisti skal hafa minnst 1500 meðmælendur en mest 3000. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.<br>Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. |
| | Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, | Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta. | |
| 30 þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn í kjördæmum sem hér segir: | Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. | Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka. | Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. |
| [Gert er ráð fyrir um 12 einmennings- eða tvímenningskjördæmum samkvæmt nánari ákvörðun Stjórnlagaþings eða Alþingi taki um þetta ákvörðun með auknum meirihluta.] | | Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka. | |
| Vægi atkvæða við landskjör svo og kosningu innan hvers kjördæmis skal vera jafnt. | Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. | Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu. | Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. |
| Nánari reglur um kosningar til Alþingis, þ. á m. aukakosningar í kjördæmi, fyrirkomulag kosninga og kjördæmamörk, skulu settar með lögum. | Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^{2}/_{3}$ atkvæða á Alþingi. | Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra. | Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. |
| | | Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.<br>Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.<br>Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra. | |
| 51. gr. | | 51. gr. | |
| *(Styrkir til stjórnmálasamtaka, nýtt)* | | *Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra. (Nýtt.)* | |
| Upplýsingar um styrki til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram í Alþingiskosningum skulu vera aðgengilegar almenningi. | | Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu.<br>Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum. | |
| 52. gr. | 33. gr. | 41. gr. | 23. gr. |
| *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* | | *Kosningaréttur. (Nú 33. gr.)* | *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í | Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalög. |
| 53. gr. | 34. gr. | 42. gr. | 24. gr. |
| *(Kjörgengi, nú 34. gr.)* | | *Kjörgengi. (Nú 34. gr.)* | *(Úrskurður um kjör, nú 34. gr.)* |
| Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.<br>Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. |
| 54. gr. | 46. gr. | 43. gr. | 26. gr. |
| *(Úrskurður um kjör, nú 46. gr.)* | | *Gildi kosninga. (Nú 46. gr. en gjörbreytt.)* | *(Kjörgengi, nú 46. gr.)* |
| Alþingi sker sjálft úr, hvort alþingismenn séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Úrskurði Alþingis er heimilt að skjóta til Hæstaréttar Íslands eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. | Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.<br><br>Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum. Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla. | Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. |
| 55. gr. | 47. gr. | 47. gr. | 27. gr. |
| *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* | | *Eiðstafur. (Nú 47. gr.)* | *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* |
| Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. |
| 56. gr. | 48. gr. | 48. gr. | 28. gr. |
| *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* | | *Sjálfstæði alþingismanna. (Nú 48. gr.)* | *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* |
| Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. |
| 57. gr. | | 50. gr. | 29. gr. |
| *(Sérstakt hæfi, nýtt)* | | *Hagsmunaskráning og vanhæfi. (Nýtt.)* | *(Sérstakt hæfi, nýtt)* |
| Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir um í lögum, en brot skal þó eigi hafa áhrif á gildi settra laga. Í lögum skal einnig kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni | | Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.<br><br>Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. |
| 58. gr. | 49. gr. | 49. gr. | 30. gr. |
| *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* | | *Friðhelgi alþingismanna. (Nú 49. gr.)* | *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* |
| Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. |
| 59. gr. | 50. gr. | | 31. gr. |
| *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* | | | *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* |
| Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er þingkosningin hafði veitt honum. | Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | | Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. |
| | 45. gr. | 40. gr. | 25. gr. |
| | | *Kjörtímabil. (Nú 45. gr.)* | *(Alþingiskosningar, nú 45. gr )* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.<br><br>Kjörtímabil er fjögur ár.<br>Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Kjörtímabil er fjögur ár. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. |
| **V. KAFLI STÖRF ALÞINGIS** | **IV. KAFLI** | **III. KAFLI<br>Alþingi.** | **IV. KAFLI ALÞINGI** |
| | | 37. gr. | 32. gr. |
| | | *Hlutverk. (Nýtt.)* | *(Hlutverk, nýtt)* |
| | | Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. |
| 60. gr. | 36. gr. | 38. gr. | 35. gr. |
| *(Friðhelgi Alþingis, nú 36. gr.)* | | *Friðhelgi. (Nú 36. gr.)* | *(Friðhelgi, nú 36. gr.)* |
| Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. |
| 61. gr. | 35. gr. | 44. gr. | 33. gr. |
| *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* | | *Starfstími. (Nú 35. gr. og nýtt.)* | *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* |
| Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar. Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. | Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.<br>Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. | Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.<br><br>Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. | Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir alþingiskosningar.<br><br>Starfstíma Alþingis á hverju kjörtímabili skal skipta í löggjafarþing. Alþingi skal koma saman ár hvert á reglulegu löggjafarþingi sem hefst hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabilið ekki áður runnið út eða þing verið Með lögum skal nánar kveðið á um starfstíma Alþingis og reglubundin þinghlé. |
| 62. gr. | 37. gr. | 45. gr. | 34. gr. |
| *(Samkomustaður, nú 37. gr.)* | | *Samkomustaður. (Nú 37. gr.)* | *(Samkomustaður, nú 37. gr. og nýtt)* |
| Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið að koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið þegar sérstaklega er ástatt að koma saman á öðrum stað á Íslandi. |
| 63. gr., 1. mgr. | 32. gr. | | 38. gr., 1. mgr. |
| *(Ein málstofa nú 32. gr.)* | | | *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. gr.)* |
| Alþingi starfar í einni málstofu. | Alþingi starfar í einni málstofu. | | Alþingi starfar í einni málstofu. |
| 63. gr., 2.-3. mgr. | 58. gr. | 53. gr. | 39. gr. |
| *(Þingsköp, nú 58. gr. og nýtt)* | | *Þingsköp. (Nú 58. gr.)* | *(Þingsköp, nú 58. gr.)* |
| Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.<br>Forseta Alþingis skal skylt að boða til þingfundar ef um það berst ósk frá forseta Íslands eða meirihluta þingmanna. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. |
| 64. gr. | 52. gr. | 52. gr. | 36. gr. |
| *(Yfirstjórn Alþingis, nýtt nú 52. gr.)* | | *Þingforseti. (52. gr. og nýtt.)* | *(Forseti Alþingis, nú 52. gr. og nýtt)* |
| Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða á Alþingi og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. | Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.<br><br>Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum.<br>Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. |
| 65. gr. | | 54. gr. | 37. gr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *(Fastanefndir Alþingis, nýtt)* | | *Þingnefndir. (Nýtt.)* | *(Fastanefndir þingsins, nýtt)* |
| Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. | | Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál.<br><br>Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum. | Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.<br>Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd og utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. |
| 66. gr. | 38. gr. | 56. gr. | 40. gr. |
| *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr.)* | | *Flutningur þingmála. (Nú 38. gr. og 55. gr.)* | *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr. og 55. gr.)* |
| Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana eða önnur þingmál. | Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.<br>Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál. |
| | 55. gr. | | |
| | Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það. | | |
| | 56. gr. | | |
| | Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra. | | |
| 67. gr. | 53. gr. | 59. gr. | 41. gr. |
| *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* | | *Ályktunarbærni. (Nú 53. gr.)* | *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* |
| Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. |
| 68. gr. | 44. gr. | 57. gr. | 42. gr. |
| *(Meðferð þingmála, nú 44. gr.)* | | *Meðferð lagafrumvarpa. (Nú 44. gr. og nýtt.)* | *(Meðferð þingmála, nú 44. gr. og nýtt)* |
| Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár um ræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er að öðrum ástæðum mikilvægur. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi.<br>Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.<br>Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.<br>Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi.<br><br>Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.<br><br>Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd við tvær umræður. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra, tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda, svo og tillögur fastanefnda skulu þó ræddar<br>Þingmál, sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu, falla niður við lok kjörtímabils. |
| | | 58. gr. | |
| | | *Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála. (Nýtt, sbr. þó 44. gr.)*<br>Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi.<br>Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.<br>Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.<br>Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.<br>Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. | |
| 69. gr. | 57. gr. | 55. gr. | 38. gr., 2. og 3. mgr. |
| *(Fundir Alþingis, nú 57. gr.)* | | *Opnir fundir. (Nú 57. gr.)* | *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. og 57. gr. og nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafist að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt og sker þá þingfundur úr hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.<br><br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. | Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.<br><br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess, þegar ríkar ástæður eru til, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.<br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. |
| 70. gr. | 51. gr. | | 43. gr. |
| *(Stjórnarfrumvörp og þingseta ráðherra, nýtt nú 51. gr.)* | | | *(Þingseta ráðherra og stjórnarfrumvörp)* |
| | Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn. | | Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherraembætti og tekur varamaður hans sætið á meðan. |
| Ráðherrar eiga rétt á því að mæla fyrir frumvörpum til laga sem þeir leggja fram fyrir hönd forseta Íslands og taka þátt í umræðum. Um setu ráðherra á Alþingi, málfrelsi og tillögurétt fer að öðru leyti að þingsköpum. | | | Ráðherrar eiga þó rétt á að mæla fyrir frumvörpum á Alþingi skv. 76. gr., svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum eftir því sem þeir eru kallaðir til en gæta verða þeir þingskapa. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt. |
| 71. gr. | | 62. gr., 2.-3. mgr. | 44. gr. |
| *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* | | *Lögrétta. (Nýtt.)* | *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* |
| Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. | | Þingnefnd eða 1/5 hluti alþingismanna getur óskað eftir áliti Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.<br>Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum. | Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðaréttarlegum skuldbindingum ríkisins. |
| 72. gr. | 40. gr. | 72. gr. | 48. gr. |
| *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* | | *Eignir og skuldbindingar ríkisins. (Nú 40. gr., 2. málsl.)* | *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* |
| Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.<br><br>Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.<br>Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. |
| 73. gr. | 41. gr. | 69. gr. | 49. gr. |
| *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr.)* | | *Greiðsluheimildir. (Nú 41. gr. og nýtt.)* | *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr. og nýtt)* |
| Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu til að fullnægja greiðsluskyldu ríkisins að lögum eða vegna aðkallandi almannahagsmuna og skal hann þá þegar í stað gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. | Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.<br><br>Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu án slíkrar heimildar til að fullnægja ófyrirséðri greiðsluskyldu ríkisins eða almannahagsmunir krefjast þess og skal hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. |
| 74. gr. | 42. gr. | 68. gr. | 50. gr. |
| *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr.)* | | *Frumvarp til fjárlaga. (Nú 42. gr.)* | *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr. og nýtt)* |
| Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.<br>Samhliða frumvarpi til fjárlaga skal leggja fyrir Alþingi endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs. |
| 75. gr. | | | |
| *(Gerð fjárlaga, nýtt)* | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við gerð fjárlaga skal við það miðað að tekjur séu jafnar útgjöldum eða meiri yfir fimm ára tímabil. Lán teljast ekki til Fjárlög skulu ekki fela í sér meiri rekstrarhalla ríkissjóðs en sem nemur 3% af vergri landsframleiðslu. Þegar nauðsyn ber til má víkja frá þessu skilyrði með samþykki forseta Íslands sem tekur ákvörðun án tillögu ráðherra. | | | |
| 76. gr. | | 70. gr. | 51. gr. |
| *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* | | *Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga. (Nýtt.)* | *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* |
| Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. | | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. |
| 77. gr. | 43. gr. | 74. gr. | 52. gr. |
| *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* | | *Ríkisendurskoðun. (Nú 43. gr. og nýtt.)* | *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* |
| Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum.<br><br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. | Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.<br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára í senn og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum. |
| 78. gr. | 54. gr. | 93. gr. | 53. gr. |
| *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* | | *Upplýsinga- og sannleiksskylda. (54. gr. og nýtt.)* | *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* |
| Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. | Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.<br><br>Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.<br>Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. |
| 79. gr. | | 63. gr. | 55. gr. |
| *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* | | *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. (Nýtt.)* | *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* |
| Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. | | Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna. | Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. |
| 80. gr. | 39. gr. | 64. gr. | 56. gr. |
| *(Rannsóknarnefndir, nú 39. gr. og nýtt)* | | *Rannsóknarnefndir. (Nú 39. gr. og nýtt.)* | *(Rannsóknarnefndir – breytt 39. gr. og nýtt)* |
| Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.<br><br>Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. |
| 81. gr. | | 94. gr. | 54. gr. |
| *(Skýrsla ríkisstjórnar, nýtt)* | | *Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis. (Nýtt.)* | *(Skýrslur ráðherra og ríkisstjórnar, nýtt)* |
| Ríkisstjórn skal árlega leggja fram skýrslu fyrir Alþingi um framkvæmd ályktana þingsins auk annarra mála eftir því sem ákveðið kann að vera í lögum. | | Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | Ríkisstjórn skal árlega leggja skýrslu fyrir Alþingi um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. |
| 82. gr. | | 75. gr. | 57. gr. |
| *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* | | *Umboðsmaður Alþingis. (Nýtt.)* | *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. | | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.<br>Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds. | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. |
| **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** | | **VIII. KAFLI**<br>**Utanríkismál.** | **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** |
| 83. gr. | | 109. gr. | 84. gr. |
| *(Meðferð utanríkismála nýtt)* | | *Meðferð utanríkismála. (Nýtt.)* | *(Meðferð utanríkismála, nýtt)* |
| Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi. Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis.<br><br>Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.<br><br>Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. | | Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.<br><br>Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.<br><br>Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis. | Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samskiptum við erlend ríki. Utanríkisráðherra mótar utanríkisstefnu á vettvangi ríkisstjórnar í umboði og undir eftirliti Alþingis. Í samskiptum við erlend ríki skal forseti Íslands Utanríkismálanefnd Alþingis er utanríkisráðherra til ráðgjafar um utanríkis- og varnarmál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Ráðherrar skulu veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar, sem hún kann að óska eftir eða ef annars er ástæða til. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. |
| 84. gr. | 21. gr. | 110. gr. | 85. gr. |
| *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr.)* | | *Þjóðréttarsamningar. (Nýtt.)* | *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. | Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Alþingi skal samþykkja samninga sem fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, kalla á breytingar á lögum eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum. |
| 85. gr. | | 111. gr. | 86. gr. |
| *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* | | *Framsal ríkisvalds. (Nýtt.)* | *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* |
| Í þágu friðar og alþjóðlegrar samvinnu er heimilt að gera þjóðréttarsamning sem felur í sér framsal á ríkisvaldi á afmörku sviði. Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem greinir í X. kafla um breytingu og viðauka við stjórnarskrá þessa. | | Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.<br><br>Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.<br><br>Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar | Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga við önnur ríki sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.<br>Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði þar sem meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu þó þannig að a.m.k. 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá verði að hafna tillögunni til að hún teljist felld. |
| 86. gr. | | 112. gr. | |
| *(Gildi og forgangur þjóðaréttar, nýtt)* | | *Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum. (Nýtt.)* | |
| Reglur þjóðaréttar sem bindandi eru fyrir ríkið skulu vera hluti landsréttar og ganga framar almennum lögum. | | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við samþykkt eða fullgildingu þjóðréttarsamnings má undanskilja samning eða hluta hans þessum réttaráhrifum. Með lögum má einnig undanskilja þá samninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku stjórnarskrár þessarar. | | Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar almennum lögum. | |
| **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** | **V. KAFLI** | **VI. KAFLI<br>Dómsvald.** | **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** |
| 87. gr. | 59. gr. | 98. gr. | 87. gr. |
| *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr.)* | | *Skipan dómstóla. (Nú 59. gr.)* | *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr. og nýtt)* |
| Skipun dómsvaldsins, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum. | Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. |
| 88. gr. | | 99. gr. | 88. gr. |
| *(Sjálfstæði dómstóla, nýtt)* | | *Sjálfstæði dómstóla. (Nýtt.)* | *(Sjálfstæði dómstóla)* |
| Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. | | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. |
| 89. gr. | | 100. gr. | 89. gr. |
| *(Lögsaga, nýtt)* | | *Lögsaga dómstóla. (Nýtt.)* | *(Verksvið, nýtt)* |
| Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða<br>Dómstólar leysa úr stjórnskipulegu gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög<br>Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.<br><br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða<br>Dómstólar leysa úr um stjórnskipulegt gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. |
| 90. gr. | | 101. gr. | 90. gr. |
| *(Hæstiréttur Íslands, nýtt)* | | *Hæstiréttur Íslands. (Nýtt.)* | *(Hæstiréttur, nýtt)* |
| Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. | | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.<br><br>Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. Með lögum má undanskilja lögsögu hans mál sem sæta úrlausn sérdómstóla á einu dómstigi. |
| | 60. gr. | | |
| | Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til | | |
| 91. gr. | 61. gr., 2.-3. málsl. | 102. gr. | 91. gr. |
| *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* | | *Skipun dómara. (Nú 61. gr. og nýtt.)* | *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* |
| Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Forseti Íslands skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera háð samþykki Alþingis. Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. | ... Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast. | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Forseti Ísland skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. |
| 92. gr. | 61. gr., 1. málsl. | 103. gr. | 92. gr. |
| *(Sjálfstæði dómara, 1. málslið 61. gr.)* | | *Sjálfstæði dómara. (Nú 61. gr., 1. mgr., 1. málsl.)* | *(Sjálfstæði dómara, nú 1. málsl. 61. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. … | Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. |
| VIII. KAFLI **ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR** | | | |
| 93. gr. | 26. gr., 2.-3. málsl. | 60. gr., 2. mgr. | 77. gr., 2. mgr. |
| *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* | | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* |
| Innan þriggja daga frá því að lög frá Alþingi, eða ályktun Alþingis um heimild til að fullgilda þjóðréttarsamning, hefur verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar, getur forseti synjað staðfestingar og skal þá boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Felli Alþingi samþykkt sína úr gildi er forseta heimilt að afturkalla synjun sína. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. | … Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. | Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lögin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. | Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, ákveðið innan þriggja daga frá því að frumvarp er lagt fyrir hann að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þó engu að síður lagagildi, en leggja skal lögin innan þriggja mánaða undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, nema Alþingi hafi áður fellt lögin úr gildi. Ef meirihluti gildra atkvæða greiðir atkvæði gegn lögunum, en þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, falla þau úr gildi. Að öðrum kosti halda þau gildi sínu.<br>Ákvæði 2. mgr. á ekki við um fjárlög, fjáraukalög og lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.<br>Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. |
| 94. gr. | | 65. gr. | 46. gr. |
| *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* | | *Málskot til þjóðarinnar. (Nýtt.)* | *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* |
| Forseta er skylt að synja lögum eða ályktun Alþingis staðfestingar og skjóta máli til atkvæðis þjóðarinnar ef 15 af hundraði kjósenda á kjörskrá krefst þess. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. | | Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur. | Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meirihluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja |
| | | Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram. | Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum. |
| | | 66. gr. | |
| | | *Þingmál að frumkvæði kjósenda. (Nýtt.)* | |
| | | Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. | |
| | | Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagntillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi. Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi. | |
| 95. gr. | 79. gr., 2. mgr. | 19. gr., 2. mgr. | 47. gr. |
| *(Atkvæðagreiðsla um þjóðkirkjuna, nú 2. mgr. 79. gr. og nýtt)* | | *Kirkjuskipan. (Nú 2. mgr. 79. gr.)* | *(Þjóðaratkvæðagreiðsla um kirkjuskipan, nú 2. mgr. 79. gr.)* |
| Samþykki Alþingi lög um að breyta stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju skulu þau lögð undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á lögum um stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þá leggja þau undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. |
| 96. gr. | 11. gr. , 3. og 4. mgr. | 84. gr., 2. mgr. | 66. gr., 4. og 5. mgr. |
| *(Brottvikning forseta, nú 3. og 4. mgr. 11. gr.)* | | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Forseti Íslands verður leystur frá embætti sínu áður en kjörtíma hans er lokið ef það er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. | Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og | Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru | Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna.<br>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og |
| 97. gr. | | 67. gr. | 45. gr. |
| *(Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, nýtt)* | | *Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.* | *(Þjóðaratkvæðagreiðsla að kröfu þriðjungs þingmanna, nýtt)* |
| Þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá þessari skulu vera leynilegar og fara fram í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að tilefni varð til þeirra. Atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu eiga allir þeir sem fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis og skal meirihluti atkvæða ráða. Svo að lögum, ályktun eða frumvarpi Alþingis til stjórnskipunarlaga teljist synjað skal að lágmarki þriðjungur kjósenda hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Sömu þátttöku þarf svo að lög um breytingu á stöðu þjóðkirkjunnar verði samþykkt eða krafa Alþingis um að | | Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr.<br><br>Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirsvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli | Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Skulu þingmenn senda skriflegt erindi þessa efnis til forseta Alþingis innan þriggja daga frá því að frumvarpið var samþykkt.<br><br>Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að erindi samkvæmt 1. mgr. kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður.<br><br>Í þjóðaratkvæðagreiðslunni ræður meirihluti atkvæða niðurstöðu, en þó þurfa minnst 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá að hafna frumvarpinu til þess að það teljist fellt.<br>Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.<br>Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga, laga um skattamálefni, laga um ríkisborgararétt og laga sem sett eru til að framfylgja jóðréttarskuldbindingum. |
| **IX. KAFLI SVEITARFÉLÖG** | | **VII. KAFLI**<br>**Sveitarfélög.** | **VIII. KAFLI SVEITARFÉLÖG (Nýr kafli)** |
| 98. gr. | 78. gr. | 105. gr. | 93. gr. |
| *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* | | *Sjálfstæði sveitarfélaga. (Nú 78. gr.)* | *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* |
| Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.<br>Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. |
| | | 106. gr. | |
| | | *Nálægðarregla. (Nýtt.)* | |
| | | Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum. | |
| 99. gr. | | 107. gr. | 94. gr. |
| *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* | | *Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði. (Nýtt.)* | *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* |
| Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum.<br><br>Rétti íbúa sveitarfélaga til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélags skal skipað með lögum. | | Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.<br>Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. | Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum.<br><br>Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal skipað með lögum. |
| | | 108. gr. | |
| | | *Samráðsskylda. (Nýtt.)* | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. | |
| **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** | | **IX. KAFLI**<br>**Lokaákvæði.** | **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** |
| 100. gr. | 79. gr., 1. mgr. | 113. gr. | 95. gr. |
| *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* | | *Stjórnarskrárbreytingar. (Nú 79. gr., 1. mgr. og nýtt.)* | *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* |
| Frumvörp, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp á Alþingi. Samþykki Alþingi frumvarp með 2/3 hluta greiddra atkvæða og því er ekki synjað í eftirfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt VIII. kafla, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög. | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.<br>Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður. | Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meirihluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. |
| | 80. gr. | | |
| | *(Fallið brott.)* | | |
| 101. gr. | 81. gr. | 114. gr. | 96. gr. |
| *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* |
| Stjórnarskrá þessi öðlast gildi þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu samþykkt hana með leynilegri atkvæðagreiðslu. | Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. | Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.<br>Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meirihluti allra kjósenda á kjörskrá samþykkt hana. |
| **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** | **ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR** | **Ákvæði til bráðabirgða.** | **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** |
| **Bráðabirgðaákvæði I** | | | |
| *(Endurskoðun stöðu þjóðkirkjunnar, nýtt)*<br>Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun hafa hafa lokið innan 10 ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar. | Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.<br>Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr.stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim. | | |
| **Bráðabirgðaákvæði II** | | | |
| *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* | | | *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* |
| Setja skal lög samkvæmt 5. mgr. 50. gr.á kjörtímabili þess Alþingis sem situr við gildistöku þessarar stjórnarskrár með það fyrir augum að næstu reglulegu kosningar til Alþingis fari fram samkvæmt nýrri kjördæma- og kosningaskipan eftir fyrirmælum | Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta | Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.<br>Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. | Endurskoða skal kjördæmaskipan innan tveggja ára frá því stjórnarskrá þessi öðlast gildi. |

| Frumvarp stjórnlagaráðs<br><br>R | Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands<br>1944 nr. 33 17. júní<br>S | Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi A<br>A | Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi B<br>B |
|---|---|---|---|
| ***Ræður efnisröðun*** | | | |
| **Aðfaraorð** | | | **AÐFARAORÐ** |
| *(Nýtt.)* | | | *(Nýtt)* |
| Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi<br>og sögu, náttúru, tungu og menningu.<br>Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.<br><br>Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.<br><br>Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.<br>Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða. | | | Við, Íslendingar, lýsum yfir skilyrðislausri virðingu mannsins og reisn ásamt ábyrgð á því landi og lífríki sem við byggjum tilveru okkar á.<br><br>Sem sjálfstæð þjóð meðal þjóða lýsum við jafnframt yfir þeim ásetningi að vinna á þessum grunni með öðrum þjóðum og stuðla að friði.<br>Það ríki sem við höfum stofnað til og falið vald þjóðarinnar skal í hvívetna byggt og bundið lögum með lýðræði, mannréttindi og heiðarleika að leiðarljósi.<br>Með þetta fyrir augum setjum við okkur grundvallarlög í svofelldri stjórnarskrá: |
| **I. KAFLI<br>Undirstöður.** | **I. KAFLI** | **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** | **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** |
| 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. |
| *Stjórnarform. (Nú 1. gr.)* | | *(Stjórnarform, undirstöður og gildi, nýtt)* | *(Stjórnarform, nú 1. gr.)* |
| Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. | Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi, reist á virðingu fyrir reisn mannsins, umhverfi og friði meðal þjóða.<br>Allt vald kemur frá þjóðinni.<br>Lýðræði, réttarríki og virðing fyrir mannréttindum eru hornsteinar stjórnskipunar Íslands. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. |
| 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. |
| *Handhafar ríkisvalds. (Nú 2. gr.)* | | *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr. að hluta)* | *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr.)* |
| Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.<br><br>Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.<br>Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið. | Alþingi fer með löggjafarvaldið. Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Enginn ráðherra getur setið nema með stuðningi eða hlutleysi meiri hluta Alþingis. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti, ráðherrar og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. |
| 3. gr. | | 3. gr., 1. mgr. | 3. gr. |
| *Yfirráðasvæði. (Nýtt.)* | | *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* | *(Yfirráðasvæði ríkisins, nýtt)* |
| Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. |
| 4. gr., 1.-2. mgr. | 66. gr., 1. mgr. | 4. gr. | 7. gr., 1. mgr. |
| *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 1. mgr.)* | | *(Ríkisborgarar, nú 1. mgr. 66. gr.)* | *(Ríkisborgararéttur og ferðafrelsi, nú 1. mgr. 66. gr.)* |
| Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.<br><br>Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. | Menn öðlast íslenskan ríkisborgararétt eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. |
| 4. gr., 3. mgr. | 66. gr., 2. mgr. | 8. gr., 1. mgr. | 7. gr., 2. mgr. |
| *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 2. mgr.)* | | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. |
| 5. gr. | | | |
| *Skyldur borgaranna. (Nýtt.)* | | | |
| Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.<br>Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða. | | | |
| **II. KAFLI**<br>**Mannréttindi og náttúra.** | **VII. KAFLI** | **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** | **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** |
| 6. gr. | 65. gr. | 6. gr. | 6. gr. |
| *Jafnræði (Nú 65. gr.)* | | *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* | *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* |
| Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, [aldurs], [búsetu], efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, fötlunar, aldurs, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. |
| Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. |
| 7. gr. | | | |
| *Réttur til lífs. (Nýtt.)* | | | |
| Allir hafa meðfæddan rétt til lífs. | | | |
| 8. gr. | | | |
| *Mannleg reisn. (Nýtt.)* | | | |
| Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna. | | | |
| 9. gr. | | | |
| *Vernd réttinda. (Nýtt.)* | | | |
| Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra. | | | |
| 10. gr. | | | |
| *Mannhelgi. (Nýtt.)* | | | |
| Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan. | | | |
| 11. gr. | 71. gr. | 12. gr. | 12. gr. |
| *Friðhelgi einkalífs. (Nú 71. gr.)* | | *(Friðhelgi einkalífs o.fl., nú 71. gr.)* | *(Friðhelgi einkalífs, nú 71. gr.)* |
| Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. |
| Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. | Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. |
| Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. |
| 12. gr. | 76. gr., 3. mgr. | 17. gr., 2. mgr., 2.-3. málsl. | 19. gr., 3. mgr. |
| *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 3. mgr. og nýtt.)* | | *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* | *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* |
| Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.<br><br>Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Virða ber rétt barna til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Virða ber rétt þeirra til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. | | | |
| 13. gr. | 72. gr. | 18. gr. | 13. gr. |
| *Eignarréttur. (Nú 72. gr. og nýtt.)* | | *(Eignarréttur, nú 72. gr.)* | *(Friðhelgi eignarréttar, nú 72. gr.)* |
| Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. |
| Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. | | | |
| 14. gr. | 73. gr. | 14. gr., 1., 2. og 4. mgr. | 14. gr. |
| *Skoðana- og tjáningarfrelsi. (Nú 73. gr.)* | | *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* | *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* |
| Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.<br>Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br><br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br><br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br><br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br><br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br><br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br><br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |
| Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.<br>Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir | | | |
| 15. gr. | | 14. gr., 3. mgr. | 15. gr. |
| *Upplýsingaréttur. (Nýtt.)* | | *(Skoðana og tjáningarfrelsi, 73. gr. og nýtt)* | *(Fjölmiðlafrelsi, 73. gr. og nýtt)* |
| Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.<br><br>Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt<br>Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af.<br>Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.<br>Söfnun, miðlun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði stjórnvalda.<br>Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. | | Öllum er frjálst að leita, taka við og miðla upplýsingum.<br>Upplýsingar og gögn í vörslum stjórnvalda skulu vera aðgengileg almenningi. | Öllum er frjálst að leita, nýta og miðla upplýsingum. Með lögum skal kveðið á um nafnleynd og vernd heimildarmanna og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla að öðru leyti tryggð.<br>Upplýsingar og gögn í vörslum hins opinbera skulu vera aðgengileg almenningi.<br><br>Réttindum samkvæmt þessari grein má setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |
| 16. gr. | | | |
| *Frelsi fjölmiðla. (Nýtt.)* | | | |
| Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.<br>Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði. | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 17. gr. | | | |
| *Frelsi menningar og mennta. (Nýtt.)* | | | |
| Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista. | | | |
| 18. gr., 1. mgr. | 64. gr., 2.-3. mgr. | 13. gr., 3. mgr. | 17. gr., 4. mgr. |
| *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. mgr. en breytt.)* | | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum. | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga og enginn skal skyldur til að greiða félagi gjöld sem hann er ekki aðili að. |
| 18. gr., 2. mgr. | 63. gr. | 13. gr., 1. mgr. | 17. gr., 1. mgr. |
| *Trúfrelsi. (Nú 63. gr., 1. málsl., en breytt.)* | | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. | Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Allir eiga rétt á að iðka trú eða lífsskoðun einir eða í félagi við aðra en ekki má þó kenna neitt eða fremja sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. |
| 18. gr., 3. mgr. | 64. gr., 1. mgr. | 13. gr., 2. mgr. | 17. gr., 2. mgr. |
| *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. málsl., en breytt.)* | | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. |
| **VI. KAFLI** | | | |
| 19. gr., 1. mgr. | 62. gr. | | 17. gr., 3. mgr. |
| *Kirkjuskipan. (Nú 62. gr. en breytt)* | | | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. og 1. og 2. mgr. 64. gr. og nýtt)* |
| Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. | Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum. | | Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi en ríkið skal þó styðja og vernda öll lögleg trúfélög. |
| 19. gr., 2. mgr. | 79. gr., 2. mgr. | 47. gr. | 95. gr. |
| *Kirkjuskipan. (Nú 2. mgr. 79. gr.)* | | *(Þjóðaratkvæðagreiðsla um kirkjuskipan, nú 2. mgr. 79. gr.)* | *(Atkvæðagreiðsla um þjóðkirkjuna, nú 2. mgr. 79. gr. og nýtt)* |
| Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á lögum um stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þá leggja þau undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Samþykki Alþingi lög um að breyta stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju skulu þau lögð undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. |
| 20. gr. | 74. gr., 1.-2. mgr. | 15. gr., 1.-2. mgr. | 16. gr., 1.-2. mgr. |
| *Félagafrelsi. (Nú 74. gr., 1.-2. mgr.)* | | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |
| Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. |
| Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda | Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda | Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda | Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda |
| 21. gr. | 74. gr., 3. mgr. | 15. gr., 3. mgr. | 16. gr., 3. mgr. |
| *Fundafrelsi. (Nú 74. gr., 3. mgr.)* | | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |
| Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. |
| 22. gr. | 76. gr., 1. mgr. | 17. gr., 1. mgr. | 19. gr., 1. mgr. |
| *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 1. mgr. og nýtt.)* | | *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* | *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* |
| Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna. | | | |
| 23. gr. | | | |
| *Heilbrigðisþjónusta. (Nýtt.)* | | | |
| Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. | | | |
| 24. gr. | 76. gr., 2. mgr. | 17. gr., 2. mgr., 1. málsl. | 19. gr., 2. mgr. |
| *Menntun. (Nú 76. gr. , 2. mgr. og nýtt.)* | | *Réttur til … menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* | *Réttur til … menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* |
| Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.<br>Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.<br>Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýninni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. |
| 25. gr. | 75. gr. | 16. gr. | 18. gr. |
| *Atvinnufrelsi. (Nú 75. gr. og nýtt.)* | | *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* | *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* |
| Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.<br>Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. |
| 26. gr., 1. mgr. | 66. gr., 3. mgr. | 8. gr., 2. mgr. | 7. gr., 3. mgr. |
| *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 3. mgr.)* | | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* |
| Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. |
| 26. gr., 2. mgr. | 66. gr., 4. mgr. | 8. gr., 3. mgr. | 7. gr., 4. mgr. |
| *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 4. mgr.)* | | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* |
| Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. |
| 26. gr., 3. mgr. | | | |
| *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nýtt.)* | | | |
| Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar. | | | |
| 27. gr. | 67. gr. | 7. gr. | 8. gr. |
| *Frelsissvipting. (Nú 67. gr.)* | | *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* | *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* |
| Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.<br>Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.<br>Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.<br>Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. |
| 28. gr. | 70. gr. | 11. gr. | 11. gr. |
| *Réttlát málsmeðferð. (Nú 70. gr.)* | | *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* | *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* |
| Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og hlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. |
| 29. gr., 1. mgr. | 68. gr., 3. mgr. | 9. gr., 3. mgr. | 9. gr., 3. mgr. |
| *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. |
| 29. gr., 2.-3. mgr. | 68. gr., 1.-2. mgr. | 9. gr., 1.-2. mgr. | 9. gr., 1.-2. mgr. |
| *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. |
| 30. gr. | 69. gr. | 10. gr. | 10. gr. |
| *Bann við afturvirkni refsingar. (Nú 69. gr., 1. mgr.)* | | *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* | *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* |
| Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. |
| 31. gr. | | | |
| *Bann við herskyldu. (Nýtt.)* | | | |
| Herskyldu má aldrei í lög leiða. | | | |
| 32. gr. | | | |
| *Menningarverðmæti. (Nýtt.)* | | | |
| Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. | | | |
| | | 5. gr. | 5. gr. |
| | | *(Íslensk tunga, nýtt)* | *(Íslensk tunga, nýtt)* |
| | | Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. | Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. |
| 33. gr. | | 20. gr., 1. mgr. | 21. gr., 1. mgr. |
| *Náttúra Íslands og umhverfi. (Nýtt.)* | | *(Umhverfi, nýtt)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda. | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi. | | Allir eiga rétt til heilnæms umhverfis og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Almenningi er heimilt að fara um landið í lögmætum tilgangi en skal ganga vel um og virða náttúruna. | Tryggja ber heilnæmt umhverfi og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Öllum skal heimilt að fara um landið í löglegum tilgangi en er skylt að ganga vel um. |
| 34. gr. | | 3. gr., 2. mgr. | 4. gr. |
| *Náttúruauðlindir. (Nýtt.)* | | *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* | *(Þjóðareign á auðlindum, nýtt)* |
| Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. | | Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða | Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða |
| Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum. | | | |
| 35. gr. | | 20. gr., 2. mgr. | 21. gr., 2. mgr. |
| *Upplýsingar um umhverfi og málsaðild. (Nýtt.)* | | *(Umhverfi, nýtt)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun. Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila. Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar. | | Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. | Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. |
| 36. gr. | | | |
| *Dýravernd. (Nýtt.)* | | | |
| Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu. | | | |
| | | 21. gr. | 22. gr. |
| | | *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* | *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* |
| | | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. [Mannréttindareglur alþjóðlegra mannréttindasamninga njóta stjórnarskrárverndar þegar þær eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenska ríkið.] |
| **III. KAFLI**<br>**Alþingi.** | **IV. KAFLI** | **IV. KAFLI ALÞINGI** | **V. KAFLI STÖRF ALÞINGIS** |
| 37. gr. | | 32. gr. | |
| *Hlutverk. (Nýtt.)* | | *(Hlutverk, nýtt)* | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | | Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | |
| 38. gr. | 36. gr. | 35. gr. | 60. gr. |
| *Friðhelgi. (Nú 36. gr.)* | | *(Friðhelgi, nú 36. gr.)* | *(Friðhelgi Alþingis, nú 36. gr.)* |
| Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. |
| | **III. KAFLI** | **III. KAFLI KOSNINGAR TIL ALÞINGIS OG ALÞINGISMENN** | **IV. KAFLI ALÞINGISKOSNINGAR OG ALÞINGISMENN** |
| 39. gr. | 31. gr. | 22. gr. | 50. gr. |
| *Alþingiskosningar. (Nú 31. gr., gjörbreytt)* | | *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr.)* | *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr. og nýtt)* |
| Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.<br>Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. | Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegri kosningu.<br>30 þingmenn skulu kosnir til sex ára í senn í hlutbundinni kosningu um land allt í einu lagi. Við kosningu skal kjósanda vera heimilt að kjósa hvort heldur lista stjórnmálasamtaka eða einstaka frambjóðendur. Framboðslisti skal hafa minnst 1500 meðmælendur en mest 3000. |
| Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta. | Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, | | |
| Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka. | Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. | Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. | 30 þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn í kjördæmum sem hér segir: |
| Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka. | | | [Gert er ráð fyrir um 12 einmennings- eða tvímenningskjördæmum samkvæmt nánari ákvörðun Stjórnlagaþings eða Alþingi taki um þetta ákvörðun með auknum meirihluta.] |
| Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu. | Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. | Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. | Vægi atkvæða við landskjör svo og kosningu innan hvers kjördæmis skal vera jafnt. |
| Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra. | Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^2/_3$ atkvæða á Alþingi. | Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. | Nánari reglur um kosningar til Alþingis, þ. á m. aukakosningar í kjördæmi, fyrirkomulag kosninga og kjördæmamörk, skulu settar með lögum. |
| Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.<br>Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.<br>Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra. | | | |
| 40. gr. | 45. gr. | 25. gr. | |
| *Kjörtímabil. (Nú 45. gr.)* | | *(Alþingiskosningar, nú 45. gr )* | |
| Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Kjörtímabil er fjögur ár. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kjörtímabil er fjögur ár.<br>Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | | | |
| 41. gr. | 33. gr. | 23. gr. | 52. gr. |
| *Kosningaréttur. (Nú 33. gr.)* | | *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* | *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* |
| Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalög. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. |
| 42. gr. | 34. gr. | 24. gr. | 53. gr. |
| *Kjörgengi. (Nú 34. gr.)* | | *(Úrskurður um kjör, nú 34. gr.)* | *(Kjörgengi, nú 34. gr.)* |
| Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.<br>Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. |
| 43. gr. | 46. gr. | 26. gr. | 54. gr. |
| *Gildi kosninga. (Nú 46. gr. en gjörbreytt.)* | | *(Kjörgengi, nú 46. gr.)* | *(Úrskurður um kjör, nú 46. gr.)* |
| Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosninga, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna.<br><br>Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum. Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla. | Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | Alþingi sker sjálft úr, hvort alþingismenn séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Úrskurði Alþingis er heimilt að skjóta til Hæstaréttar Íslands eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. |
| 44. gr. | 35. gr. | 33. gr. | 61. gr. |
| *Starfstími. (Nú 35. gr. og nýtt.)* | | *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* | *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* |
| Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar.<br><br>Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. | Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.<br>Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. | Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir alþingiskosningar.<br><br>Starfstíma Alþingis á hverju kjörtímabili skal skipta í löggjafarþing. Alþingi skal koma saman ár hvert á reglulegu löggjafarþingi sem hefst hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabilið ekki áður runnið út eða þing verið<br>Með lögum skal nánar kveðið á um starfstíma Alþingis og reglubundin þinghlé. | Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar. Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. |
| 45. gr. | 37. gr. | 34. gr. | 62. gr. |
| *Samkomustaður. (Nú 37. gr.)* | | *(Samkomustaður, nú 37. gr. og nýtt)* | *(Samkomustaður, nú 37. gr.)* |
| Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið þegar sérstaklega er ástatt að koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið að koma saman á öðrum stað á Íslandi. |
| | 32. gr. | 38. gr., 1. mgr. | 63. gr., 1. mgr. |
| | | *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. gr.)* | *(Ein málstofa nú 32. gr.)* |
| | Alþingi starfar í einni málstofu. | Alþingi starfar í einni málstofu. | Alþingi starfar í einni málstofu. |
| 46. gr. | 22. gr. | 74. gr. | 42. gr. |
| *Þingsetning. (Nú 22. gr.)* | | *(Setning Alþingis, 22. gr. og nýtt. 23. gr. er felld niður)* | *(Setning Alþingis, nú 22. gr. með breytingum)* |
| Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.<br><br>Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna. | Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 23. gr. | | |
| | Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna. | | |
| 47. gr. | 47. gr. | 27. gr. | 55. gr. |
| *Eiðstafur. (Nú 47. gr.)* | | *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* | *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* |
| Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild. |
| 48. gr. | 48. gr. | 28. gr. | 56. gr. |
| *Sjálfstæði alþingismanna. (Nú 48. gr.)* | | *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* | *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* |
| Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. |
| 49. gr. | 49. gr. | 30. gr. | 58. gr. |
| *Friðhelgi alþingismanna. (Nú 49. gr.)* | | *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* | *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* |
| Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.<br>Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi. | Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. |
| | 50. gr. | 31. gr. | 59. gr. |
| | | *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* | *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* |
| | Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er þingkosningin hafði veitt honum. |
| 50. gr. | | 29. gr. | 57. gr. |
| *Hagsmunaskráning og vanhæfi. (Nýtt.)* | | *(Sérstakt hæfi, nýtt)* | *(Sérstakt hæfi, nýtt)* |
| Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.<br><br>Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | | Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir um í lögum, en brot skal þó eigi hafa áhrif á gildi settra laga. Í lögum skal einnig kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni |
| 51. gr. | | | 51. gr. |
| *Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra. (Nýtt.)* | | | *(Styrkir til stjórnmálasamtaka, nýtt)* |
| Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu. Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum. | | | Upplýsingar um styrki til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram í Alþingiskosningum skulu vera aðgengilegar almenningi. |
| 52. gr. | 52. gr. | 36. gr. | 64. gr. |
| *Þingforseti. (52. gr. og nýtt.)* | | *(Forseti Alþingis, nú 52. gr. og nýtt)* | *(Yfirstjórn Alþingis, nýtt nú 52. gr.)* |
| Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.<br><br>Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum. Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu. | Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða á Alþingi og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 53. gr. | 58. gr. | 39. gr. | 63. gr., 2.-3. mgr. |
| *Þingsköp. (Nú 58. gr.)* | | *(Þingsköp, nú 58. gr.)* | *(Þingsköp, nú 58. gr. og nýtt)* |
| Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. |
| | | | Forseta Alþingis skal skylt að boða til þingfundar ef um það berst ósk frá forseta Íslands eða meirihluta þingmanna. |
| 54. gr. | | 37. gr. | 65. gr. |
| *Þingnefndir. (Nýtt.)* | | *(Fastanefndir þingsins, nýtt)* | *(Fastanefndir Alþingis, nýtt)* |
| | | Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. | |
| Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál. | | Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd og utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. | Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. |
| Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum. | | | |
| 55. gr. | 57. gr. | 38. gr., 2. og 3. mgr. | 69. gr. |
| *Opnir fundir. (Nú 57. gr.)* | | *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. og 57. gr. og nýtt)* | *(Fundir Alþingis, nú 57. gr.)* |
| Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess, þegar ríkar ástæður eru til, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafist að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt og sker þá þingfundur úr hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. |
| Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | | Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. |
| | 51. gr. | 43. gr. | 70. gr. |
| | | *(Þingseta ráðherra og stjórnarfrumvörp)* | *(Stjórnarfrumvörp og þingseta ráðherra, nýtt nú 51. gr.)* |
| | Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn. | Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherraembætti og tekur varamaður hans sætið á meðan. | |
| | | Ráðherrar eiga þó rétt á að mæla fyrir frumvörpum á Alþingi skv. 76. gr., svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum eftir því sem þeir eru kallaðir til en gæta verða þeir þingskapa. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt. | Ráðherrar eiga rétt á því að mæla fyrir frumvörpum til laga sem þeir leggja fram fyrir hönd forseta Íslands og taka þátt í umræðum. Um setu ráðherra á Alþingi, málfrelsi og tillögurétt fer að öðru leyti að þingsköpum. |
| 56. gr. | 38. gr. | 40. gr. | 66. gr. |
| *Flutningur þingmála. (Nú 38. gr. og 55. gr.)* | | *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr. og 55. gr.)* | *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr.)* |
| Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál. Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt. | Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana eða önnur þingmál. |
| | 55. gr. | | |
| | Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það. | | |
| | 56. gr. | | |
| | Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra. | | |
| 57. gr. | 44. gr. | 42. gr. | 68. gr. |
| *Meðferð lagafrumvarpa. (Nú 44. gr. og nýtt.)* | | *(Meðferð þingmála, nú 44. gr. og nýtt)* | *(Meðferð þingmála, nú 44. gr.)* |
| Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda. Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. | | | |
| Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár um ræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er að öðrum ástæðum mikilvægur. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. | | Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd við tvær umræður. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra, tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda, svo og tillögur fastanefnda skulu þó ræddar Þingmál, sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu, falla niður við lok kjörtímabils. | |
| 58. gr. | | | |
| *Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála.*<br>*(Nýtt, sbr. þó 44. gr.)*<br>Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi.<br>Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.<br>Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.<br>Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.<br>Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. | | | |
| 59. gr. | 53. gr. | 41. gr. | 67. gr. |
| *Ályktunarbærni. (Nú 53. gr.)* | | *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* | *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* |
| Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. |
| 60. gr., 1. mgr. | 26. gr., 1. málsl. | 77. gr. | 38. gr., 2. mgr. |
| *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* | *(Staðfesting forseta, nú 26. gr.)* |
| Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. … | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp eða ályktun um fullgildingu þjóðréttarsamnings, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. |
| | 19. gr. | | 39. gr. |
| | | | *(Undirritun forseta og ráðherra, nú 19. gr.)* |
| | Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum. | | Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum, enda taki forseti ekki ákvörðun án tillögu ráðherra samkvæmt stjórnarskrá |
| | | | VIII. KAFLI **ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR** |
| 60. gr., 2. mgr. | 26. gr., 2.-3. málsl. | 77. gr., 2. mgr. | 93. gr. |
| *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lögin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. | ... Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. | Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, ákveðið innan þriggja daga frá því að frumvarp er lagt fyrir hann að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þó engu að síður lagagildi, en leggja skal lögin innan þriggja mánaða undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, nema Alþingi hafi áður fellt lögin úr gildi. Ef meirihluti gildra atkvæða greiðir atkvæði gegn lögunum, en þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, falla þau úr gildi. Að öðrum kosti halda þau gildi sínu.<br>Ákvæði 2. mgr. á ekki við um fjárlög, fjáraukalög og lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.<br>Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. | Innan þriggja daga frá því að lög frá Alþingi, eða ályktun Alþingis um heimild til að fullgilda þjóðréttarsamning, hefur verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar, getur forseti synjað staðfestingar og skal þá boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Felli Alþingi samþykkt sína úr gildi er forseta heimilt að afturkalla synjun sína. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. |
| 61. gr. | 27. gr. | 78. gr. | 45. gr. |
| *Birting laga. (Nú 27. gr. með breytingum.)* | | *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* | *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* |
| Birta skal lög stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum. | Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum. |
| | 28. gr. | 79. gr. | 46. gr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr.)* | *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr. og nýtt)* |
| | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er heimilt að gefa út fjárlög til bráðabirgða ef Alþingi hefur ekki sett fjárlög við upphaf fjárhagstímabils. Slík lög skulu þegar í stað lögð fyrir Alþingi og halda gildi sínu þar til Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir |
| 62. gr., 1. mgr. | | 80. gr., 1. mgr. | 47. gr., 1. mgr. |
| *Lögrétta. (Nýtt.)* | | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* |
| Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára. | | Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. | Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð til fjögurra ára fimm menn með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. |
| 62. gr., 2.-3. mgr. | | 44. gr. | 71. gr. |
| *Lögrétta. (Nýtt.)* | | *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* | *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* |
| Þingnefnd eða 1/5 hluti alþingismanna getur óskað eftir áliti Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.<br>Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum. | | Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. | Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. |
| | | | 47. gr., 2. mgr. |
| | | | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* |
| | | | Forseti Íslands getur, án tillögu ráðherra, óskað eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort samþykkt lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskrá eða þjóðaréttarlegum skuldbindingum ríkisins og frestað staðfestingu eða synjun laganna þar til endanleg niðurstaða ráðsins liggur fyrir. |
| | | 80. gr., 2. mgr. | 47. gr., 3. mgr. |
| | | Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. | Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. |
| 63. gr. | | 55. gr. | 79. gr. |
| *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. (Nýtt.)* | | *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* | *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* |
| Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna. | | Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. | Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. |
| 64. gr. | 39. gr. | 56. gr. | 80. gr. |
| *Rannsóknarnefndir. (Nú 39. gr. og nýtt.)* | | *(Rannsóknarnefndir – breytt 39. gr. og nýtt)* | *(Rannsóknarnefndir, nú 39. gr. og nýtt)* |
| Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.<br><br><br><br><br>Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. |
| 65. gr. | | 46. gr. | 94. gr. |
| *Málskot til þjóðarinnar. (Nýtt.)* | | *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* | *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur. | | Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meirihluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja | Forseta er skylt að synja lögum eða ályktun Alþingis staðfestingar og skjóta máli til atkvæðis þjóðarinnar ef 15 af hundraði kjósenda á kjörskrá krefst þess. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. |
| Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram. | | Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum. | |
| 66. gr. | | | |
| *Þingmál að frumkvæði kjósenda. (Nýtt.)* | | | |
| Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. | | | |
| Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagntillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi. Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi. | | | |
| 67. gr. | | 45. gr. | 97. gr. |
| *Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.* | | *(Þjóðaratkvæðagreiðsla að kröfu þriðjungs þingmanna, nýtt)* | *(Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, nýtt)* |
| Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr. | | Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Skulu þingmenn senda skriflegt erindi þessa efnis til forseta Alþingis innan þriggja daga frá því að frumvarpið var samþykkt. | Þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá þessari skulu vera leynilegar og fara fram í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að tilefni varð til þeirra. Atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu eiga allir þeir sem fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis og skal meirihluti atkvæða ráða. Svo að lögum, ályktun eða frumvarpi Alþingis til stjórnskipunarlaga teljist synjað skal að lágmarki þriðjungur kjósenda hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Sömu þátttöku þarf svo að lög um breytingu á stöðu þjóðkirkjunnar verði samþykkt eða krafa Alþingis um að |
| Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirsvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli | | Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að erindi samkvæmt 1. mgr. kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður. | |
| | | Í þjóðaratkvæðagreiðslunni ræður meirihluti atkvæða niðurstöðu, en þó þurfa minnst 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá að hafna frumvarpinu til þess að það teljist fellt.<br>Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.<br>Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga, laga um skattamálefni, laga um ríkisborgararétt og laga sem sett eru til að framfylgja jóðréttarskuldbindingum. | |
| 68. gr. | 42. gr. | 50. gr. | 74. gr. |
| *Frumvarp til fjárlaga. (Nú 42. gr.)* | | *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr. og nýtt)* | *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr.)* |
| Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.<br>Samhliða frumvarpi til fjárlaga skal leggja fyrir Alþingi endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. |
| | | | 75. gr. |
| | | | *(Gerð fjárlaga, nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | Við gerð fjárlaga skal við það miðað að tekjur séu jafnar útgjöldum eða meiri yfir fimm ára tímabil. Lán teljast ekki til Fjárlög skulu ekki fela í sér meiri rekstrarhalla ríkissjóðs en sem nemur 3% af vergri landsframleiðslu. Þegar nauðsyn ber til má víkja frá þessu skilyrði með samþykki forseta Íslands sem tekur ákvörðun án tillögu ráðherra. |
| 69. gr. | 41. gr. | 49. gr. | 73. gr. |
| *Greiðsluheimildir. (Nú 41. gr. og nýtt.)* | | *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr. og nýtt)* | *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr.)* |
| Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.<br><br>Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu án slíkrar heimildar til að fullnægja ófyrirséðri greiðsluskyldu ríkisins eða almannahagsmunir krefjast þess og skal hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu til að fullnægja greiðsluskyldu ríkisins að lögum eða vegna aðkallandi almannahagsmuna og skal hann þá þegar í stað gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. |
| 70. gr. | | 51. gr. | 76. gr. |
| *Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga. (Nýtt.)* | | *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* | *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* |
| Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. | | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. |
| 71. gr. | 77. gr. | 19. gr. | 20. gr. |
| *Skattar. (Nú 77. gr. og 40. gr., 1. málsl.)* | | *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* | *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* |
| Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.<br><br>Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. |
| 72. gr. | 40. gr. | 48. gr. | 72. gr. |
| *Eignir og skuldbindingar ríkisins. (Nú 40. gr., 2. málsl.)* | | *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* | *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* |
| Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.<br><br>Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.<br>Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. |
| 73. gr. | 24. gr. | 75. gr. | 43. gr. |
| *Þingrof. (Nú 24. gr., breytt.)* | | *(Þingrof. nú 24. gr.)* | *(Þingrof. nú 24. gr.)* |
| Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags. | Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði | Forseti Íslands getur rofið Alþingi, að ósk þess, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði | Forseti Íslands getur rofið Alþingi að tillögu þess og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu |
| 74. gr. | 43. gr. | 52. gr. | 77. gr. |
| *Ríkisendurskoðun. (Nú 43. gr. og nýtt.)* | | *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* | *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* |
| Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. | Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára í senn og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. | | | Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. |
| 75. gr. | | 57. gr. | 82. gr. |
| *Umboðsmaður Alþingis. (Nýtt.)* | | *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* | *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* |
| Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.<br>Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds. | | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. |
| **IV. KAFLI<br>Forseti Íslands.** | **II. KAFLI** | **V. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALDIÐ** | **III. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALD** |
| 76. gr. | 3. gr. | 58. gr. | 23. gr. |
| *Embættisheiti og þjóðkjör. (Nú 3. gr. og nýtt.)* | | *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* | *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn. | Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. |
| 77. gr. | 4. gr. | 59. gr. | 24. gr. |
| *Kjörgengi. (Nú 4.gr.)* | | *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* | *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* |
| Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára. | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kjörgengis til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. |
| 78. gr. | 5. gr. | 60. gr. | 25. gr. |
| *Forsetakjör. (Nú 5. gr. og nýtt.)* | | *(Forsetakjör, nú 5. gr. og nýtt)* | *(Forsetakjör, nú 5. gr.)* |
| Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningarbærra manna og mest 6000. Sá, sem hlýtur meirihluta atkvæða, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef enginn frambjóðenda hlýtur meirihluta greiddra atkvæða skal að nýju kosið milli þeirra er flest fengu atkvæði. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. |
| 79. gr. | 6. gr. | 61. gr. | 26. gr. |
| *Kjörtímabil. (Nú 6. gr. og nýtt.)* | | *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* | *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* |
| Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. |
| 80. gr. | 10. gr. | 65. gr. | 30. gr. |
| *Eiðstafur. (Nú 10. gr.)* | | *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* | *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* |
| Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum. | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en |
| 81. gr. | 9. gr. | 64. gr. | 29. gr. |
| *Starfskjör. (Nú 9. gr.)* | | *(Starfskjör, nú 9. gr.)* | *(Starfskjör, nú 9. gr.)* |
| Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans | Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseti Íslands má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. |
| 82. gr. | 8. gr. | 63. gr. | 28. gr. |
| *Staðgengill. (Nú 8. gr.)* | | *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* | *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* |
| Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan. | Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri | Nú verður sæti forseta Íslands laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meirihluti. | Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. |
| 83. gr. | 7. gr. | 62. gr. | 27. gr. |
| *Fráfall. (Nú 7. gr.)* | | *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* | *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* |
| Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans. | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá |
| 84. gr., 1. mgr. | 11. gr., 1.-2. mgr. | 66. gr., 1.-3. mgr. | 31. gr. |
| *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* |
| | Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. | Forseti ber ekki lagalega ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.<br>Forseti verður þó sóttur til refsingar fyrir stjórnarathafnir í tilvikum þar sem um ræðir landráð svo og glæpi gegn mannúð eða aðra alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna samkvæmt reglum þjóðaréttar. | Forseti ber ábyrgð á þeim stjórnarathöfnum sem hann undirritar og framkvæmir án tillögu ráðherra. Fari forseti með þessum athöfnum í bága við stjórnarskrá, landslög eða stofni hann hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, getur Alþingi krafist þess að hann sé sviptur embætti sínu með dómi. Hæstiréttur Hæstiréttur getur vikið forseta úr embætti tímabundið þar til skorið hefur verið úr kröfu Alþingis með endanlegum dómi. |
| Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar vegna annarra athafna en stjórnarathafna nema með samþykki Alþingis. | Með samþykki Alþingis verður forseti sóttur til refsingar fyrir almennum dómstólum. |
| | 12. gr. | 67. gr. | 32. gr. |
| | | *(Aðsetur, nú 12. gr.)* | *(Aðsetur, nú 12. gr.)* |
| | Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. |
| 84. gr., 2. mgr. | 11. gr. , 3. og 4. mgr. | 66. gr., 4. og 5. mgr. | 96. gr. |
| *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* | *(Brottvikning forseta, nú 3. og 4. mgr. 11. gr.)* |
| Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru | Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og | Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og | Forseti Íslands verður leystur frá embætti sínu áður en kjörtíma hans er lokið ef það er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. |
| 85. gr. | 29. gr. | 82. gr. | 48. gr. |
| *Náðun og sakaruppgjöf. (Nú 29. gr.)* | | *(Náðun og sakaruppgjöf, nú 29. gr.breytt og 30. gr. felld niður)* | *(Náðun og sakaruppgjöf, nú 29. gr.)* |
| Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki | Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Hæstiréttur Íslands hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. |
| | 30. gr. | | |
| | Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. | | |
| **V. KAFLI**<br>**Ráðherrar og ríkisstjórn.** | | | |
| 86. gr. | 13. gr., 1. mgr. | 68. gr., 1. málsl. | 33. gr. |
| *Ráðherrar. (Nú að hluta 13., 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | | *(Vald forseta, nú 13. með breytingum)* | *(Vald forseta, nú 13. gr.með breytingum)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.<br>Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra.<br>Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár. | Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. | Ráðherra fer með vald forseta nema fyrir sé mælt á annan veg í stjórnarskrá þessari. | Ráðherra fer með vald forseta nema mælt sé á annan veg í stjórnarskrá þessari. |
| 87. gr., 1.-3. mgr. | 17. gr. | 70. gr., 1.-2. mgr. | 37. gr. |
| *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | | *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* | *(Ríkisstjórnarfundir, nú 17. gr.)* |
| Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra. | | Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði ásamt forseta Íslands, yfirmenn ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyra, og þeir sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórn, fer með fyrirsvar hennar og yfirumsjón með | |
| Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess. | Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Svo skal og halda ríkisstjórnarfund, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ríkisstjórnarfund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti Íslands hefur kvatt til forsætis, nefnist hann forsætisráðherra og hefur hann umsjón með störfum ráðherra. |
| Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. | | | |
| 87. gr., 4. mgr. | 13. gr., 2. mgr. | 70. gr., 3. mgr. | |
| *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | | *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* | |
| Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. | Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | |
| 88. gr. | | | |
| *Hagsmunaskráning og opinber störf (Nýtt.)* | | | |
| Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | | | |
| | 18. gr. | 68. gr., 2. málsl. | 38. gr., 1. mgr. |
| | | *(Vald forseta, nú 18. og 19. gr. með breytingum)* | *(Staðfesting forseta, nú 18. gr.)* |
| | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. | Sá ráðherra sem undirritað hefur stjórnarathöfn ber málið að jafnaði upp fyrir forseta og öðlast hún gildi við undirritun hans. | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. |
| 89. gr. | 25. gr. | 76. gr. | 44. gr. |
| *Ráðherrar og Alþingi. (Nú 25. gr., en gjörbreytt.)* | | *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* | *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* |
| Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa.<br>Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.<br>Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans. | Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. |
| 90. gr. | 15. gr. | 69. gr. | 35. gr. |
| *Stjórnarmyndun. (Nú 15. gr. en gjörbreytt.)* | | *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, að hluta úr 15.* | *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, nú 15. gr.)* |
| Alþingi kýs forsætisráðherra. | Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. | Forseti ákveður, án tillögu frá ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Jafnframt ákveður hann tölu þeirra og skiptir störfum með þeim eftir því sem lög mæla fyrir. | Forseti ákveður, án tillögu ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings meirihluta Alþingis eða hlutleysis. Forseta er heimilt að óska eftir yfirlýsingu Alþingis um stuðning eða hlutleysi áður en ný ríkisstjórn er skipuð. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn<br>Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.<br>Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en<br>Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti. | | Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings eða hlutleysis meiri hluta Alþingis. Ríkisstjórn skal því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meirihluti Alþingis sé henni ekki andvígur.<br><br>Hafi viðræður um stjórnarmyndun ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan tólf vikna er forseta heimilt að skipa | |
| | 16. gr. | 72. gr. | 36. gr. |
| | | *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* | *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* |
| | Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, þjóðréttarsamninga og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, mikilvægar stjórnarráðstafanir auk þjóðarréttarsamninga, sem horfa til breytinga á landslögum eða eru að öðrum ástæðum mikilvægir, skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. |
| 91. gr. | | 71. gr., 1. málsl. | |
| *Vantraust. (Nýtt.)* | | *(Vantrauststillögur, nýtt)* | |
| Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um<br>Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á | | Enginn ráðherra eða ríkisstjórn getur setið í embætti eftir að Alþingi hefur samþykkt tillögu um vantraust. ... | |
| 92. gr. | | 71. gr., 2.-3. málsl. | 40. gr. |
| *Starfsstjórn. (Nýtt.)* | | *(Starfsstjórn, nýtt)* | *(Starfsstjórn, nýtt)* |
| Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa | | ... Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn hans skal hún sitja áfram sem starfsstjórn þar til ný ríkisstjórn er skipuð. Ráðherrar í starfsstjórn skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra. | Ef forsætisráðherra biðst lausnar skal ríkisstjórn engu að síður sitja þar til ný stjórn hefur verið skipuð en ráðherrar skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru. |
| 93. gr. | 54. gr. | 53. gr. | 78. gr. |
| *Upplýsinga- og sannleiksskylda. (54. gr. og nýtt.)* | | *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* | *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* |
| Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.<br><br>Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.<br>Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi. | Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. |
| 94. gr. | | 54. gr. | 81. gr. |
| *Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis. (Nýtt.)* | | *(Skýrslur ráðherra og ríkisstjórnar, nýtt)* | *(Skýrsla ríkisstjórnar, nýtt)* |
| Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | | Ríkisstjórn skal árlega leggja skýrslu fyrir Alþingi um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | Ríkisstjórn skal árlega leggja fram skýrslu fyrir Alþingi um framkvæmd ályktana þingsins auk annarra mála eftir því sem ákveðið kann að vera í lögum. |
| 95. gr. | 14. gr. | 73. gr. | 34. gr. |
| *Ráðherraábyrgð. (Nú að hluta 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | | *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr. og nýtt)* | *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.<br><br>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. | Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð vegna embættisbrota er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Um rannsókn á ætluðum brotum ráðherra og meðferð mála fyrir Landsdómi skal mælt fyrir í | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum að undanskildum þeim sem forseti Íslands annast án atbeina þeirra. Ábyrgð vegna embættisbóta ráðherra skal ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Hæstiréttur Íslands dæmir þau mál. |
| 96. gr. | 20. gr. | 81. gr. | 41. gr. |
| *Skipun embættismanna. (Nú 20. gr., en gjörbreytt.)* | | *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* | *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* |
| Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla. | Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla. | Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. | Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld, veita þau embætti, er lög mæla. |
| Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti. | Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. | Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána. | Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána. |
| Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi. | Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það. | Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni ráði við veitingu embættis. | Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti. |
| Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 hlutum Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum.<br>Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni. | Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.<br>Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr. | Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum. | Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í embættistekjum sínum. |
| 97. gr. | | | |
| *Sjálfstæðar ríkisstofnanir. (Nýtt.)* | | | |
| Í lögum má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi. | | | |
| **VI. KAFLI**<br>**Dómsvald.** | **V. KAFLI** | **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** | **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** |
| 98. gr. | 59. gr. | 87. gr. | 87. gr. |
| *Skipan dómstóla. (Nú 59. gr.)* | | *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr. og nýtt)* | *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr.)* |
| Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum. | Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipun dómsvaldsins, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. |
| 99. gr. | | 88. gr. | 88. gr. |
| *Sjálfstæði dómstóla. (Nýtt.)* | | *(Sjálfstæði dómstóla)* | *(Sjálfstæði dómstóla, nýtt)* |
| Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. | | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. |
| 100. gr. | | 89. gr. | 89. gr. |
| *Lögsaga dómstóla. (Nýtt.)* | | *(Verksvið, nýtt)* | *(Lögsaga, nýtt)* |
| Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá. | | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða Dómstólar leysa úr um stjórnskipulegt gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli. | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða Dómstólar leysa úr stjórnskipulegu gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | | Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. |
| 101. gr. | | 90. gr. | 90. gr. |
| *Hæstiréttur Íslands. (Nýtt.)* | | *(Hæstiréttur, nýtt)* | *(Hæstiréttur Íslands, nýtt)* |
| Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.<br><br>Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra | | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. Með lögum má undanskilja lögsögu hans mál sem sæta úrlausn sérdómstóla á einu dómstigi. | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. |
| | 60. gr. | | |
| | Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til | | |
| 102. gr. | 61. gr., 2.-3. málsl. | 91. gr. | 91. gr. |
| *Skipun dómara. (Nú 61. gr. og nýtt.)* | | *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* | *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* |
| Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast. | ... Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Forseti Ísland skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Forseti Íslands skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera háð samþykki Alþingis. Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. |
| 103. gr. | 61. gr., 1. málsl. | 92. gr. | 92. gr. |
| *Sjálfstæði dómara. (Nú 61. gr., 1. mgr., 1. málsl.)* | | *(Sjálfstæði dómara, nú 1. málsl. 61. gr.)* | *(Sjálfstæði dómara, 1. málslið 61. gr.)* |
| Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. ... | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. |
| 104. gr. | | 83. gr. | 49. gr. |
| *Ákæruvald og ríkissaksóknari. (Nýtt.)* | | *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* | *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* |
| Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.<br>Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarar. | | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. |
| **VII. KAFLI**<br>**Sveitarfélög.** | | **VIII. KAFLI SVEITARFÉLÖG (Nýr kafli)** | **IX. KAFLI SVEITARFÉLÖG** |
| 105. gr. | 78. gr. | 93. gr. | 98. gr. |
| *Sjálfstæði sveitarfélaga. (Nú 78. gr.)* | | *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* | *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* |
| Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.<br>Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. |
| 106. gr. | | | |
| *Nálægðarregla. (Nýtt.)* | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum. | | | |
| 107. gr. | | 94. gr. | 99. gr. |
| *Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði. (Nýtt.)* | | *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* | *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* |
| Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum. | | Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum. | Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum. |
| Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. | | Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal skipað með lögum. | Rétti íbúa sveitarfélaga til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélags skal skipað með lögum. |
| 108. gr. | | | |
| *Samráðsskylda. (Nýtt.)* | | | |
| Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. | | | |
| **VIII. KAFLI**<br>**Utanríkismál.** | | **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** | **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** |
| 109. gr. | | 84. gr. | 83. gr. |
| *Meðferð utanríkismála. (Nýtt.)* | | *(Meðferð utanríkismála, nýtt)* | *(Meðferð utanríkismála nýtt)* |
| Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis. | | Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samskiptum við erlend ríki. Utanríkisráðherra mótar utanríkisstefnu á vettvangi ríkisstjórnar í umboði og undir eftirliti Alþingis. Í samskiptum við erlend ríki skal forseti Íslands Utanríkismálanefnd Alþingis er utanríkisráðherra til ráðgjafar um utanríkis- og varnarmál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Ráðherrar skulu veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar, sem hún kann að óska eftir eða ef annars er ástæða til. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. | Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi. Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. |
| Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. | | | Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. |
| Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis. | | | Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. |
| 110. gr. | 21. gr. | 85. gr. | 84. gr. |
| *Þjóðréttarsamningar. (Nýtt.)* | | *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr. og nýtt)* | *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr.)* |
| Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Alþingi skal samþykkja samninga sem fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, kalla á breytingar á lögum eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum. | Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, nema samþykki Alþingis komi til. |
| 111. gr. | | 86. gr. | 85. gr. |
| *Framsal ríkisvalds. (Nýtt.)* | | *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* | *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* |
| Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. | | Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga við önnur ríki sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst. | Í þágu friðar og alþjóðlegrar samvinnu er heimilt að gera þjóðréttarsamning sem felur í sér framsal á ríkisvaldi á afmörku sviði. Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem greinir í X. kafla um breytingu og viðauka við stjórnarskrá þessa. |
| Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst. | | Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði þar sem meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu þó þannig að a.m.k. 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá verði að hafna tillögunni til að hún teljist felld. | |
| Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar | | | |
| 112. gr. | | | 86. gr. |
| *Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum. (Nýtt.)* | | | *(Gildi og forgangur þjóðaréttar, nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. | | | Reglur þjóðaréttar sem bindandi eru fyrir ríkið skulu vera hluti landsréttar og ganga framar almennum lögum. |
| Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar almennum lögum. | | | Við samþykkt eða fullgildingu þjóðréttarsamnings má undanskilja samning eða hluta hans þessum réttaráhrifum. Með lögum má einnig undanskilja þá samninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku stjórnarskrár þessarar. |
| **IX. KAFLI**<br>**Lokaákvæði.** | | **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** | **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** |
| 113. gr. | 79. gr., 1. mgr. | 95. gr. | 100. gr. |
| *Stjórnarskrárbreytingar. (Nú 79. gr., 1. mgr. og nýtt.)* | | *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* | *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* |
| Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög. | Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meirihluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. | Frumvörp, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp á Alþingi. Samþykki Alþingi frumvarp með 2/3 hluta greiddra atkvæða og því er ekki synjað í eftirfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt VIII. kafla, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. |
| Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður. | | | |
| | 80. gr. | | |
| | *(Fallið brott.)* | | |
| 114. gr. | 81. gr. | 96. gr. | 101. gr. |
| *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* |
| Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.<br>Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum | Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meirihluti allra kjósenda á kjörskrá samþykkt hana. | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu samþykkt hana með leynilegri atkvæðagreiðslu. |
| **Ákvæði til bráðabirgða.** | **ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR** | **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** | **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** |
| | | | **Bráðabirgðaákvæði I** |
| | | | *(Endurskoðun stöðu þjóðkirkjunnar, nýtt)* |
| | Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.<br>Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr.stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim. | | Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun hafa hafa lokið innan 10 ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar. |
| | | | **Bráðabirgðaákvæði II** |
| | | *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* | *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* |
| Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.<br>Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. | Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta | Endurskoða skal kjördæmaskipan innan tveggja ára frá því stjórnarskrá þessi öðlast gildi. | Setja skal lög samkvæmt 5. mgr. 50. gr.á kjörtímabili þess Alþingis sem situr við gildistöku þessarar stjórnarskrár með það fyrir augum að næstu reglulegu kosningar til Alþingis fari fram samkvæmt nýrri kjördæma- og kosningaskipan eftir fyrirmælum |

| Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 1944 nr. 33 17. júní<br>S | Frumvarp stjórnlagaráðs<br>R | Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi A<br>A | Hugmyndir stjórnlaganefndar<br>Dæmi B<br>B |
|---|---|---|---|
| ***Ræður efnisröðun*** | | | |
| | **Aðfaraorð** | | **AÐFARAORÐ** |
| | *(Nýtt.)* | | *(Nýtt)* |
| | Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.<br>Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi að hornsteinum.<br><br>Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.<br><br>Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.<br>Í þessu ljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða. | | Við, Íslendingar, lýsum yfir skilyrðislausri virðingu mannsins og reisn ásamt ábyrgð á því landi og lífríki sem við byggjum tilveru okkar á.<br><br>Sem sjálfstæð þjóð meðal þjóða lýsum við jafnframt yfir þeim ásetningi að vinna á þessum grunni með öðrum þjóðum og stuðla að friði.<br>Það ríki sem við höfum stofnað til og falið vald þjóðarinnar skal í hvívetna byggt og bundið lögum með lýðræði, mannréttindi og heiðarleika að leiðarljósi.<br>Með þetta fyrir augum setjum við okkur grundvallarlög í svofelldri stjórnarskrá: |
| **I. KAFLI** | **I. KAFLI**<br>**Undirstöður.** | **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** | **I. KAFLI UNDIRSTÖÐUR** |
| 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. |
| | *Stjórnarform. (Nú 1. gr.)* | *(Stjórnarform, undirstöður og gildi, nýtt)* | *(Stjórnarform, nú 1. gr.)* |
| Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. | Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn. | Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi, reist á virðingu fyrir reisn mannsins, umhverfi og friði meðal þjóða.<br>Allt vald kemur frá þjóðinni.<br>Lýðræði, réttarríki og virðing fyrir mannréttindum eru hornsteinar stjórnskipunar Íslands. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. |
| 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. | 2. gr. |
| | *Handhafar ríkisvalds. (Nú 2. gr.)* | *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr. að hluta)* | *(Handhafar ríkisvalds, nú 2. gr.)* |
| Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið. | Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.<br><br>Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.<br>Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. | Alþingi fer með löggjafarvaldið. Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Enginn ráðherra getur setið nema með stuðningi eða hlutleysi meiri hluta Alþingis. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti, ráðherrar og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið. |
| | 3. gr. | 3. gr., 1. mgr. | 3. gr. |
| | *Yfirráðasvæði. (Nýtt.)* | *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* | *(Yfirráðasvæði ríkisins, nýtt)* |
| | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. | Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum. |
| | 34. gr. | 3. gr., 2. mgr. | 4. gr. |
| | *Náttúruauðlindir. (Nýtt.)* | *(Yfirráðasvæði ríkisins og þjóðareign á auðlindum, nýtt)* | *(Þjóðareign á auðlindum, nýtt)* |
| | Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.<br><br>Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. | Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða | Auðlindir náttúru Íslands eru þjóðareign sem ber að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit með meðferð og nýtingu auðlinda í umboði þjóðarinnar og getur heimt gjald fyrir heimildir sem veittar eru til hagnýtingar. Heimildir til að nýta náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarétti, skulu aldrei leiða til eignarréttar eða |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.<br>Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum. | | |
| | 32. gr. | | |
| | *Menningarverðmæti. (Nýtt.)* | | |
| | Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. | | |
| | 5. gr. | | |
| | *Skyldur borgaranna. (Nýtt.)* | | |
| | Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.<br>Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða. | | |
| | | 5. gr. | 5. gr. |
| | | *(Íslensk tunga, nýtt)* | *(Íslensk tunga, nýtt)* |
| | | Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. | Íslenska er þjóðtunga á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda. |
| **II. KAFLI** | **IV. KAFLI**<br>**Forseti Íslands.** | **V. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALDIÐ** | **III. KAFLI FORSETI ÍSLANDS, RÁÐHERRAR OG FRAMKVÆMDARVALD** |
| 3. gr. | 76. gr. | 58. gr. | 23. gr. |
| | *Embættisheiti og þjóðkjör. (Nú 3. gr. og nýtt.)* | *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* | *(Staða og kjör forseta, nú 3. gr. og nýtt)* |
| Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. | Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn. |
| 4. gr. | 77. gr. | 59. gr. | 24. gr. |
| | *Kjörgengi. (Nú 4.gr.)* | *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* | *(Kjörgengi, nú 4. gr.)* |
| Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu | Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára. | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kjörgengis til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. |
| 5. gr. | 78. gr. | 60. gr. | 25. gr. |
| | *Forsetakjör. (Nú 5. gr. og nýtt.)* | *(Forsetakjör, nú 5. gr. og nýtt)* | *(Forsetakjör, nú 5. gr.)* |
| Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | Forseti Íslands er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsröð. Sá er best uppfyllir forgangsröðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákvarða með | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningarbærra manna og mest 6000. Sá, sem hlýtur meirihluta atkvæða, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef enginn frambjóðenda hlýtur meirihluta greiddra atkvæða skal að nýju kosið milli þeirra er flest fengu atkvæði. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.<br>Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. |
| 6. gr. | 79. gr. | 61. gr. | 26. gr. |
| | *Kjörtímabil. (Nú 6. gr. og nýtt.)* | *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* | *(Kjörtímabil, nú 6. gr.)* |
| Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, þegar kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. |
| 7. gr. | 83. gr. | 62. gr. | 27. gr. |
| | *Fráfall. (Nú 7. gr.)* | *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* | *(Fráfall forseta, nú 7. gr.)* |
| Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu hans. | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá |
| 8. gr. | 82. gr. | 63. gr. | 28. gr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | *Staðgengill. (Nú 8. gr.)* | *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* | *(Handhafar forsetavalds, nú 8. gr.)* |
| Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri | Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan. | Nú verður sæti forseta Íslands laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meirihluti. | Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. |
| 9. gr. | 81. gr. | 64. gr. | 29. gr. |
| | *Starfskjör. (Nú 9. gr.)* | *(Starfskjör, nú 9. gr.)* | *(Starfskjör, nú 9. gr.)* |
| Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans | Forseti Íslands má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. | Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. |
| Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. | Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. |
| 10. gr. | 80. gr. | 65. gr. | 30. gr. |
| | *Eiðstafur. (Nú 10. gr.)* | *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* | *(Eiður eða drengskaparheit, nú 10. gr.)* |
| Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið | Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar hann tekur við störfum. | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en |
| 11. gr., 1.-2. mgr. | 84. gr., 1. mgr. | 66. gr., 1.-3. mgr. | 31. gr. |
| | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* |
| Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. | | Forseti ber ekki lagalega ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. | Forseti ber ábyrgð á þeim stjórnarathöfnum sem hann undirritar og framkvæmir án tillögu ráðherra. Fari forseti með þessum athöfnum í bága við stjórnarskrá, landslög eða stofni hann hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, getur Alþingi krafist þess að hann sé sviptur embætti sínu með dómi. Hæstiréttur Hæstiréttur getur vikið forseta úr embætti tímabundið þar til skorið hefur verið úr kröfu Alþingis með endanlegum dómi. |
| | | Forseti verður þó sóttur til refsingar fyrir stjórnarathafnir í tilvikum þar sem um ræðir landráð svo og glæpi gegn mannúð eða aðra alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna samkvæmt reglum þjóðaréttar. | |
| Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. | Forseti verður ekki sóttur til refsingar vegna annarra athafna en stjórnarathafna nema með samþykki Alþingis. | Með samþykki Alþingis verður forseti sóttur til refsingar fyrir almennum dómstólum. |
| 11. gr. , 3. og 4. mgr. | 84. gr., 2. mgr. | 66. gr., 4. og 5. mgr. | 96. gr. |
| | *Ábyrgð. (Nú 11. gr. og nýtt.)* | *(Ábyrgð forseta, nú 11. gr. og nýtt)* | *(Brottvikning forseta, nú 3. og 4. mgr. 11. gr.)* |
| Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og | Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru | Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og | Forseti Íslands verður leystur frá embætti sínu áður en kjörtíma hans er lokið ef það er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. |
| 12. gr. | | 67. gr. | 32. gr. |
| | | *(Aðsetur, nú 12. gr.)* | *(Aðsetur, nú 12. gr.)* |
| Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | | Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. | Forseti Íslands hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. |
| | **V. KAFLI**<br>**Ráðherrar og ríkisstjórn.** | | |
| 13. gr., 1. mgr. | 86. gr. | 68. gr., 1. málsl. | 33. gr. |
| | *Ráðherrar. (Nú að hluta 13., 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | *(Vald forseta, nú 13. með breytingum)* | *(Vald forseta, nú 13. gr.með breytingum)* |
| Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. | Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyrir.<br>Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra. | Ráðherra fer með vald forseta nema fyrir sé mælt á annan veg í stjórnarskrá þessari. | Ráðherra fer með vald forseta nema mælt sé á annan veg í stjórnarskrá þessari. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár. | | |
| 13. gr., 2. mgr. | 87. gr., 4. mgr. | 70. gr., 3. mgr. | |
| | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* | |
| Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. | Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. | |
| 14. gr. | 95. gr. | 73. gr. | 34. gr. |
| | *Ráðherraábyrgð. (Nú að hluta 14. og 17. gr., en gjörbeytt.)* | *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr. og nýtt)* | *(Ráðherraábyrgð, nú 14. gr.)* |
| Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. | Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota þeirra skal ákveðin með lögum.<br><br>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á | Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð vegna embættisbrota er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Um rannsókn á ætluðum brotum ráðherra og meðferð mála fyrir Landsdómi skal mælt fyrir í | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum að undanskildum þeim sem forseti Íslands annast án atbeina þeirra. Ábyrgð vegna embættisbóta ráðherra skal ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Hæstiréttur Íslands dæmir þau mál. |
| 15. gr. | 90. gr. | 69. gr. | 35. gr. |
| | *Stjórnarmyndun. (Nú 15. gr. en gjörbreytt.)* | *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, að hluta úr 15.* | *(Myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra, nýtt, nú 15. gr.)* |
| Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. | Alþingi kýs forsætisráðherra. | Forseti ákveður, án tillögu frá ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Jafnframt ákveður hann tölu þeirra og skiptir störfum með þeim eftir því sem lög mæla fyrir. | Forseti ákveður, án tillögu ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings meirihluta Alþingis eða hlutleysis. Forseta er heimilt að óska eftir yfirlýsingu Alþingis um stuðning eða hlutleysi áður en ný ríkisstjórn er skipuð. |
| | Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn | Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings eða hlutleysis meiri hluta Alþingis. Ríkisstjórn skal því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meirihluti Alþingis sé henni ekki andvígur. | |
| | Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga. | Hafi viðræður um stjórnarmyndun ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan tólf vikna er forseta heimilt að skipa | |
| | Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti. | | |
| 16. gr. | | 72. gr. | 36. gr. |
| | | *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* | *(Ríkisráð, nú 16. gr.)* |
| Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | | Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, þjóðréttarsamninga og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. | Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög, mikilvægar stjórnarráðstafanir auk þjóðarréttarsamninga, sem horfa til breytinga á landslögum eða eru að öðrum ástæðum mikilvægir, skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. |
| 17. gr. | 87. gr., 1.-3. mgr. | 70. gr., 1.-2. mgr. | 37. gr. |
| | *Ríkisstjórn. (Nú 17. gr. að hluta en gjörbreytt.)* | *(Ráðherrar og ríkisstjórn og verkefni, að hluta úr 17. og 13. gr.)* | *(Ríkisstjórnarfundir, nú 17. gr.)* |
| | Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra. | Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði ásamt forseta Íslands, yfirmenn ráðuneyta og stjórnsýslu sem undir þá heyra, og þeir sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórn, fer með fyrirsvar hennar og yfirumsjón með | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess.<br><br>Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um stefnumál ríkisstjórnarinnar. Svo skal og halda ríkisstjórnarfund, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. | Ríkisstjórnarfundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ríkisstjórnarfund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti Íslands hefur kvatt til forsætis, nefnist hann forsætisráðherra og hefur hann umsjón með störfum ráðherra. |
| | 88. gr. | | |
| | *Hagsmunaskráning og opinber störf. (Nýtt.)* | | |
| | Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þótt ólaunuð séu.<br>Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | | |
| 18. gr. | | 68. gr., 2. málsl. | 38. gr., 1. mgr. |
| | | *(Vald forseta, nú 18. og 19. gr. með breytingum)* | *(Staðfesting forseta, nú 18. gr.)* |
| Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. | | Sá ráðherra sem undirritað hefur stjórnarathöfn ber málið að jafnaði upp fyrir forseta og öðlast hún gildi við undirritun hans. | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. |
| 19. gr. | | | 39. gr. |
| | | | *(Undirritun forseta og ráðherra, nú 19. gr.)* |
| Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum. | | | Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum, enda taki forseti ekki ákvörðun án tillögu ráðherra samkvæmt stjórnarskrá |
| | 91. gr. | 71. gr., 1. málsl. | |
| | *Vantraust. (Nýtt.)* | *(Vantrauststillögur, nýtt)* | |
| | Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á | Enginn ráðherra eða ríkisstjórn getur setið í embætti eftir að Alþingi hefur samþykkt tillögu um vantraust. … | |
| | 92. gr. | 71. gr., 2.-3. málsl. | 40. gr. |
| | *Starfsstjórn. (Nýtt.)* | *(Starfsstjórn, nýtt)* | *(Starfsstjórn, nýtt)* |
| | Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfsstjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa | … Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn hans skal hún sitja áfram sem starfsstjórn þar til ný ríkisstjórn er skipuð. Ráðherrar í starfsstjórn skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra. | Ef forsætisráðherra biðst lausnar skal ríkisstjórn engu að síður sitja þar til ný stjórn hefur verið skipuð en ráðherrar skulu aðeins taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru. |
| 20. gr. | 96. gr. | 81. gr. | 41. gr. |
| | *Skipun embættismanna. (Nú 20. gr., en gjörbreytt.)* | *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* | *(Skipun embættismanna, nú 20. gr. og nýtt)* |
| Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.<br><br>Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.<br>Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.<br><br><br><br>Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.<br>Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr. | Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti sem lög mæla.<br><br>Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.<br><br><br>Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 hlutum atkvæða til að hún taki gildi.<br>Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 hlutum Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum. | Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla.<br>Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.<br><br>Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni ráði við veitingu embættis.<br><br><br><br>Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum. | Forseti Íslands, ráðherrar og önnur stjórnvöld, veita þau embætti, er lög mæla.<br>Í embætti má einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eið eða drengskaparheit við stjórnarskrána.<br><br>Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti.<br><br><br><br>Forseti getur flutt menn eða vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, enda missi þeir einskis í embættistekjum sínum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni. | | |
| | 97. gr. | | |
| | *Sjálfstæðar ríkisstofnanir. (Nýtt.)* | | |
| | Í lögum má kveða á um tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með 2/3 hlutum atkvæða á Alþingi. | | |
| 21. gr. | 110. gr. | 85. gr. | 84. gr. |
| | *Þjóðréttarsamningar. (Nýtt.)* | *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr. og nýtt)* | *(Þjóðréttarsamningar, nú 21. gr.)* |
| Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. | Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Alþingi skal samþykkja samninga sem fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, kalla á breytingar á lögum eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum. | Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, nema samþykki Alþingis komi til. |
| | 111. gr. | 86. gr. | 85. gr. |
| | *Framsal ríkisvalds. (Nýtt.)* | *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* | *(Framsal ríkisvalds, nýtt)* |
| | Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft.<br><br>Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.<br><br>Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar | Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga við önnur ríki sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.<br>Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði þar sem meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu þó þannig að a.m.k. 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá verði að hafna tillögunni til að hún teljist felld. | Í þágu friðar og alþjóðlegrar samvinnu er heimilt að gera þjóðréttarsamning sem felur í sér framsal á ríkisvaldi á afmörku sviði. Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem greinir í X. kafla um breytingu og viðauka við stjórnarskrá þessa. |
| | 112. gr. | | 86. gr. |
| | *Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum. (Nýtt.)* | | *(Gildi og forgangur þjóðaréttar, nýtt)* |
| | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.<br>Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá framar almennum lögum. | | Reglur þjóðaréttar sem bindandi eru fyrir ríkið skulu vera hluti landsréttar og ganga framar almennum lögum.<br><br>Við samþykkt eða fullgildingu þjóðréttarsamnings má undanskilja samning eða hluta hans þessum réttaráhrifum. Með lögum má einnig undanskilja þá samninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku stjórnarskrár þessarar. |
| 22. gr. | 46. gr. | 74. gr. | 42. gr. |
| | *Þingsetning. (Nú 22. gr.)* | *(Setning Alþingis, 22. gr. og nýtt. 23. gr. er felld niður)* | *(Setning Alþingis, nú 22. gr. með breytingum)* |
| Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.<br><br>Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess. | Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti skal einnig stefna saman og setja Alþingi að tillögu forseta þess |
| 23. gr. | | | |
| Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna. | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 24. gr. | 73. gr. | 75. gr. | 43. gr. |
| | *Þingrof (Nú 24. gr., breytt.)* | *(Þingrof, nú 24. gr.)* | *(Þingrof, nú 24. gr.)* |
| Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði | Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags. | Forseti Íslands getur rofið Alþingi, að ósk þess, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði | Forseti Íslands getur rofið Alþingi að tillögu þess og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu |
| 25. gr. | 89. gr. | 76. gr. | 44. gr. |
| | *Ráðherrar og Alþingi. (Nú 25. gr., en gjörbreytt.)* | *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* | *(Framlagning stjórnarfrumvarpa, nú 25. gr.)* |
| Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.<br>Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans. | Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. | Forseti Íslands getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. |
| 26. gr., 1. málsl. | 60. gr., 1. mgr. | 77. gr. | 38. gr., 2. mgr. |
| | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* | *(Staðfesting forseta, nú 26. gr.)* |
| Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. ... | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp eða ályktun um fullgildingu þjóðréttarsamnings, skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. |
| | | | VIII. KAFLI **ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR** |
| 26. gr., 2.-3. málsl. | 60. gr., 2. mgr. | 77. gr., 2. mgr. | 93. gr. |
| | *Staðfesting laga. (nú 26. gr. og nýtt.)* | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* | *(Staðfesting laga og málskotsréttur forseta, nú 26. gr. og nýtt)* |
| ... Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. | Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en innan þriggja mánaða skal bera lögin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Einfaldur meirihluti ræður hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. | Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, ákveðið innan þriggja daga frá því að frumvarp er lagt fyrir hann að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þó engu að síður lagagildi, en leggja skal lögin innan þriggja mánaða undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, nema Alþingi hafi áður fellt lögin úr gildi. Ef meirihluti gildra atkvæða greiðir atkvæði gegn lögunum, en þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, falla þau úr gildi. Að öðrum kosti halda þau gildi sínu.<br>Ákvæði 2. mgr. á ekki við um fjárlög, fjáraukalög og lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.<br>Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. | Innan þriggja daga frá því að lög frá Alþingi, eða ályktun Alþingis um heimild til að fullgilda þjóðréttarsamning, hefur verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar, getur forseti synjað staðfestingar og skal þá boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Felli Alþingi samþykkt sína úr gildi er forseta heimilt að afturkalla synjun sína. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. |
| | 65. gr. | 46. gr. | 94. gr. |
| | *Málskot til þjóðarinnar. (Nýtt.)* | *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* | *(Þjóðarfrumkvæði, nýtt)* |
| | Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.<br>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram. | Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meirihluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja<br>Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum. | Forseta er skylt að synja lögum eða ályktun Alþingis staðfestingar og skjóta máli til atkvæðis þjóðarinnar ef 15 af hundraði kjósenda á kjörskrá krefst þess. Forseti skal þó aldrei synja lögum staðfestingar sem nauðsynleg eru til að fullnægja skyldum ríkisins að þjóðarrétti eða fjárlögum. |
| | 66. gr. | | |
| | *Þingmál að frumkvæði kjósenda. (Nýtt.)* | | |
| | Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gagntillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi. Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi. | | |
| | 67. gr. | 45. gr. | 97. gr. |
| | *Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu.* | *(Þjóðaratkvæðagreiðsla að kröfu þriðjungs þingmanna, nýtt)* | *(Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, nýtt)* |
| | Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr.<br><br>Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirsvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli | Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Skulu þingmenn senda skriflegt erindi þessa efnis til forseta Alþingis innan þriggja daga frá því að frumvarpið var samþykkt.<br><br>Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að erindi samkvæmt 1. mgr. kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið verði fellt niður.<br><br>Í þjóðaratkvæðagreiðslunni ræður meirihluti atkvæða niðurstöðu, en þó þurfa minnst 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá að hafna frumvarpinu til þess að það teljist fellt.<br>Verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.<br>Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga, laga um skattamálefni, laga um ríkisborgararétt og laga sem sett eru til að framfylgja jóðréttarskuldbindingum. | Þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá þessari skulu vera leynilegar og fara fram í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að tilefni varð til þeirra. Atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu eiga allir þeir sem fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis og skal meirihluti atkvæða ráða. Svo að lögum, ályktun eða frumvarpi Alþingis til stjórnskipunarlaga teljist synjað skal að lágmarki þriðjungur kjósenda hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Sömu þátttöku þarf svo að lög um breytingu á stöðu þjóðkirkjunnar verði samþykkt eða krafa Alþingis um að |
| 27. gr. | 61. gr. | 78. gr. | 45. gr. |
| | *Birting laga. (Nú 27. gr. með breytingum.)* | *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* | *(Birting laga o.fl., nú 27. gr. með breytingum)* |
| Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum. | Birta skal lög stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarhátt og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum. | Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum. |
| 28. gr. | | 79. gr. | 46. gr. |
| | | *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr.)* | *(Bráðabirgðalög, nú 28. gr. og nýtt)* |
| Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr<br>Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er heimilt að gefa út fjárlög til bráðabirgða ef Alþingi hefur ekki sett fjárlög við upphaf fjárhagstímabils. Slík lög skulu þegar í stað lögð fyrir Alþingi og halda gildi sínu þar til Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir |
| | 62. gr., 1. mgr. | 80. gr., 1. mgr. | 47. gr., 1. mgr. |
| | *Lögrétta. (Nýtt.)* | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* |
| | Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára. | Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð fimm menn til fjögurra ára með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. | Forseti Íslands skipar í Stjórnlagaráð til fjögurra ára fimm menn með sérþekkingu á stjórnlögum, þar af einn án tillögu, einn að tillögu forseta Alþingis, einn að tillögu forsætisráðherra og tvo að tillögu forseta Hæstaréttar. |
| | 62. gr., 2.-3. mgr. | 44. gr. | 71. gr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | *Lögrétta. (Nýtt.)* | *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* | *(Álit Stjórnlagaráðs, nýtt)* |
| | Þingnefnd eða 1/5 hluti alþingismanna getur óskað eftir áliti Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frumvarpið fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir.<br>Um störf Lögréttu skal mælt fyrir í lögum. | Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðaréttarlegum skuldbindingum ríkisins. | Þriðjungur alþingismanna eða þingnefnd getur krafist þess að Alþingi óski eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort frumvarp til laga samrýmist stjórnarskrá eða þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins. |
| | | | 47. gr., 2. mgr. |
| | | | *(Stjórnlagaráð, nýtt)* |
| | | | Forseti Íslands getur, án tillögu ráðherra, óskað eftir áliti Stjórnlagaráðs um hvort samþykkt lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskrá eða þjóðaréttarlegum skuldbindingum ríkisins og frestað staðfestingu eða synjun laganna þar til endanleg niðurstaða ráðsins liggur fyrir. |
| | | 80. gr., 2. mgr. | 47. gr., 3. mgr. |
| | | Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. | Um störf Stjórnlagaráðs skal mælt fyrir í lögum. |
| 29. gr. | 85. gr. | 82. gr. | 48. gr. |
| | *Náðun og sakaruppgjöf. (Nú 29. gr.)* | *(Náðun og sakaruppgjöf. nú 29. gr.breytt og 30. gr.`felld niður)* | *(Náðun og sakaruppgjöf. nú 29. gr.)* |
| Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki | Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem Hæstiréttur Íslands hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. |
| 30. gr. | | | |
| Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. | | | |
| **III. KAFLI** | | **III. KAFLI KOSNINGAR TIL ALÞINGIS OG ALÞINGISMENN** | **IV. KAFLI ALÞINGISKOSNINGAR OG ALÞINGISMENN** |
| 31. gr. | 39. gr. | 22. gr. | 50. gr. |
| | *Alþingiskosningar. (Nú 31. gr., gjörbreytt)* | *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr.)* | *(Þingmannafjöldi og kjördæmaskipan, nú 31. gr. og nýtt)* |
| Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.<br>Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. | Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegri kosningu.<br>30 þingmenn skulu kosnir til sex ára í senn í hlutbundinni kosningu um land allt í einu lagi. Við kosningu skal kjósanda vera heimilt að kjósa hvort heldur lista stjórnmálasamtaka eða einstaka frambjóðendur. Framboðslisti skal hafa minnst 1500 meðmælendur en mest 3000. |
| Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum,<br>Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. | Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.<br>Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka. | Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. | 30 þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn í kjördæmum sem hér segir: |
| | Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka. | | [Gert er ráð fyrir um 12 einmennings- eða tvímenningskjördæmum samkvæmt nánari ákvörðun Stjórnlagaþings eða Alþingi taki um þetta ákvörðun með auknum meirihluta.] |
| Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. | Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu. | Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög. | Vægi atkvæða við landskjör svo og kosningu innan hvers kjördæmis skal vera jafnt. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^{2}/_{3}$ atkvæða á Alþingi. | Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.<br><br>Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.<br>Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.<br>Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra. | Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. | Nánari reglur um kosningar til Alþingis, þ. á m. aukakosningar í kjördæmi, fyrirkomulag kosninga og kjördæmamörk, skulu settar með lögum. |
| | 51. gr. | | 51. gr. |
| | *Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra. (Nýtt.)* | | *(Styrkir til stjórnmálasamtaka, nýtt)* |
| | Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og um fjármál frambjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu. Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum. | | Upplýsingar um styrki til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram í Alþingiskosningum skulu vera aðgengilegar almenningi. |
| 32. gr. | | 38. gr., 1. mgr. | 63. gr., 1. mgr. |
| | | *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. gr.)* | *(Ein málstofa nú 32. gr.)* |
| Alþingi starfar í einni málstofu. | | Alþingi starfar í einni málstofu. | Alþingi starfar í einni málstofu. |
| 33. gr. | 41. gr. | 23. gr. | 52. gr. |
| | *Kosningaréttur. (Nú 33. gr.)* | *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* | *(Kosningarréttur, nú 33. gr.)* |
| Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í | Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalög. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. |
| 34. gr. | 42. gr. | 24. gr. | 53. gr. |
| | *Kjörgengi. (Nú 34. gr.)* | *(Úrskurður um kjör, nú 34. gr.)* | *(Kjörgengi, nú 34. gr.)* |
| Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.<br>Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. |
| **IV. KAFLI** | **III. KAFLI**<br>**Alþingi.** | **IV. KAFLI ALÞINGI** | **V. KAFLI STÖRF ALÞINGIS** |
| | 37. gr. | 32. gr. | |
| | *Hlutverk. (Nýtt.)* | *(Hlutverk, nýtt)* | |
| | Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum. | |
| 35. gr. | 44. gr. | 33. gr. | 61. gr. |
| | *Starfstími. (Nú 35. gr. og nýtt.)* | *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* | *(Starfstími, nú 35. gr. og nýtt)* |
| Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið. | Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar. | Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir alþingiskosningar. | Alþingi skal koma saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar. Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. | Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing. | Starfstíma Alþingis á hverju kjörtímabili skal skipta í löggjafarþing. Alþingi skal koma saman ár hvert á reglulegu löggjafarþingi sem hefst hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabilið ekki áður runnið út eða þing verið<br>Með lögum skal nánar kveðið á um starfstíma Alþingis og reglubundin þinghlé. | |
| 36. gr. | 38. gr. | 35. gr. | 60. gr. |
| | *Friðhelgi. (Nú 36. gr.)* | *(Friðhelgi, nú 36. gr.)* | *(Friðhelgi Alþingis, nú 36. gr.)* |
| Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. |
| 37. gr. | 45. gr. | 34. gr. | 62. gr. |
| | *Samkomustaður. (Nú 37. gr.)* | *(Samkomustaður, nú 37. gr. og nýtt)* | *(Samkomustaður, nú 37. gr.)* |
| Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið þegar sérstaklega er ástatt að koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík, en Alþingi getur ákveðið að koma saman á öðrum stað á Íslandi. |
| 38. gr. | 56. gr. | 40. gr. | 66. gr. |
| | *Flutningur þingmála. (Nú 38. gr. og 55. gr.)* | *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr. og 55. gr.)* | *(Frumkvæðisréttur, nú 38. gr.)* |
| Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.<br>Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórn hefur samþykkt. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur mál. | Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana eða önnur þingmál. |
| 39. gr. | 64. gr. | 56. gr. | 80. gr. |
| | *Rannsóknarnefndir. (Nú 39. gr. og nýtt.)* | *(Rannsóknarnefndir – breytt 39. gr. og nýtt)* | *(Rannsóknarnefndir, nú 39. gr. og nýtt)* |
| Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða.<br><br>Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheimildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. | Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nánari reglur um hlutverk og skipan rannsóknarnefnda skulu settar með lögum. |
| | 94. gr. | 54. gr. | 81. gr. |
| | *Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis. (Nýtt.)* | *(Skýrslur ráðherra og ríkisstjórnar, nýtt)* | *(Skýrsla ríkisstjórnar, nýtt)* |
| | Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | Ríkisstjórn skal árlega leggja skýrslu fyrir Alþingi um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins.<br><br>Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis. | Ríkisstjórn skal árlega leggja fram skýrslu fyrir Alþingi um framkvæmd ályktana þingsins auk annarra mála eftir því sem ákveðið kann að vera í lögum. |
| | 75. gr. | 57. gr. | 82. gr. |
| | *Umboðsmaður Alþingis. (Nýtt.)* | *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* | *(Umboðsmaður Alþingis, nýtt)* |
| | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.<br>Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina.<br>Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð fyrrgreindrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds. | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. | Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm ára. Hann hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og gætir að rétti borgaranna. Umboðsmaður skal vera sjálfstæður í störfum sínum. |
| | **VIII. KAFLI<br>Utanríkismál.** | **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** | **VI. KAFLI UTANRÍKISMÁL** |
| | 109. gr. | 84. gr. | 83. gr. |
| | *Meðferð utanríkismála. (Nýtt.)* | *(Meðferð utanríkismála, nýtt)* | *(Meðferð utanríkismála nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.<br><br>Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.<br><br>Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis. | Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samskiptum við erlend ríki. Utanríkisráðherra mótar utanríkisstefnu á vettvangi ríkisstjórnar í umboði og undir eftirliti Alþingis. Í samskiptum við erlend ríki skal forseti Íslands Utanríkismálanefnd Alþingis er utanríkisráðherra til ráðgjafar um utanríkis- og varnarmál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Ráðherrar skulu veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar, sem hún kann að óska eftir eða ef annars er ástæða til. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. | Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi. Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis.<br><br>Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál.<br><br>Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skal háð samþykki Alþingis. |
| 40. gr. | 72. gr. | 48. gr. | 72. gr. |
| | *Eignir og skuldbindingar ríkisins. (Nú 40. gr., 2. málsl.)* | *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* | *(Skattlagningarvald, nú 40. gr.)* |
| Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir sem skuldbinda ríkið nema með lögum.<br><br>Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.<br>Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. |
| 41. gr. | 69. gr. | 49. gr. | 73. gr. |
| | *Greiðsluheimildir. (Nú 41. gr. og nýtt.)* | *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr. og nýtt)* | *(Greiðslur úr ríkissjóði, nú 41. gr.)* |
| Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. | Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.<br><br>Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu án slíkrar heimildar til að fullnægja ófyrirséðri greiðsluskyldu ríkisins eða almannahagsmunir krefjast þess og skal hann þá gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjármálaráðherra getur þó heimilað greiðslu til að fullnægja greiðsluskyldu ríkisins að lögum eða vegna aðkallandi almannahagsmuna og skal hann þá þegar í stað gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir greiðslunni. |
| 42. gr. | 68. gr. | 50. gr. | 74. gr. |
| | *Frumvarp til fjárlaga. (Nú 42. gr.)* | *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr. og nýtt)* | *(Frumvarp til fjárlaga, nú 42. gr.)* |
| Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.<br>Samhliða frumvarpi til fjárlaga skal leggja fyrir Alþingi endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. |
| | | | 75. gr. |
| | | | *(Gerð fjárlaga, nýtt)* |
| | | | Við gerð fjárlaga skal við það miðað að tekjur séu jafnar útgjöldum eða meiri yfir fimm ára tímabil. Lán teljast ekki til Fjárlög skulu ekki fela í sér meiri rekstrarhalla ríkissjóðs en sem nemur 3% af vergri landsframleiðslu. Þegar nauðsyn ber til má víkja frá þessu skilyrði með samþykki forseta Íslands sem tekur ákvörðun án tillögu ráðherra. |
| | 70. gr. | 51. gr. | 76. gr. |
| | *Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga. (Nýtt.)* | *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* | *(Upplýsingaréttur fjárlaganefndar, nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár. | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. | Fjárlaganefnd Alþingis getur krafið stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og aðra sem fá framlög úr ríkissjóði um hvers kyns upplýsingar um fjárreiður þeirra. |
| 43. gr. | 74. gr. | 52. gr. | 77. gr. |
| | *Ríkisendurskoðun. (Nú 43. gr. og nýtt.)* | *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* | *(Ríkisendurskoðandi, nú 43. gr. og nýtt)* |
| Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.<br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára í senn og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum. | Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára og fer hann með endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar segir í lögum.<br><br>Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga. |
| 44. gr. | 57. gr. | 42. gr. | 68. gr. |
| | *Meðferð lagafrumvarpa. (Nú 44. gr. og nýtt.)* | *(Meðferð þingmála, nú 44. gr. og nýtt)* | *(Meðferð þingmála, nú 44. gr.)* |
| | Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda.<br>Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. | | |
| Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. | Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár um ræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er að öðrum ástæðum mikilvægur. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. |
| | | Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd við tvær umræður. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra, tillögur um skipun sjálfstæðra rannsóknarnefnda, svo og tillögur fastanefnda skulu þó ræddar | |
| | Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils. | Þingmál, sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu, falla niður við lok kjörtímabils. | |
| | 58. gr. | | |
| | *Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála.*<br>*(Nýtt, sbr. þó 44. gr.)* | | |
| | Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi.<br>Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi.<br>Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings.<br>Tillögur um þingrof eða vantraust á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu.<br>Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. | | |
| 45. gr. | 40. gr. | 25. gr. | |
| | *Kjörtímabil. (Nú 45. gr.)* | *(Alþingiskosningar, nú 45. gr )* | |
| Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.<br><br>Kjörtímabil er fjögur ár.<br>Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Kjörtímabil er fjögur ár. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. | |
| 46. gr. | 43. gr. | 26. gr. | 54. gr. |
| | *Gildi kosninga. (Nú 46. gr. en gjörbreytt.)* | *(Kjörgengi, nú 46. gr.)* | *(Úrskurður um kjör, nú 46. gr.)* |
| Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | Alþingi kýs landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna. | Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. | Alþingi sker sjálft úr, hvort alþingismenn séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Úrskurði Alþingis er heimilt að skjóta til Hæstaréttar Íslands eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum. Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla. | | |
| 47. gr. | 47. gr. | 27. gr. | 55. gr. |
| | *Eiðstafur. (Nú 47. gr.)* | *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* | *(Drengskaparheit, nú 47. gr.)* |
| Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. | Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. |
| 48. gr. | 48. gr. | 28. gr. | 56. gr. |
| | *Sjálfstæði alþingismanna. (Nú 48. gr.)* | *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* | *(Sjálfstæði í starfi, nú 48. gr.)* |
| Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. | Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. |
| | 50. gr. | 29. gr. | 57. gr. |
| | *Hagsmunaskráning og vanhæfi. (Nýtt.)* | *(Sérstakt hæfi, nýtt)* | *(Sérstakt hæfi, nýtt)* |
| | Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.<br><br>Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Í lögum skal kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. | Þingmanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir um í lögum, en brot skal þó eigi hafa áhrif á gildi settra laga. Í lögum skal einnig kveðið á um skyldu þingmanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni |
| 49. gr. | 49. gr. | 30. gr. | 58. gr. |
| | *Friðhelgi alþingismanna. (Nú 49. gr.)* | *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* | *(Friðhelgi, nú 49. gr.)* |
| Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. | Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.<br>Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. |
| 50. gr. | | 31. gr. | 59. gr. |
| | | *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* | *(Missir kjörgengis, nú 50. gr.)* |
| Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | | Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum. | Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er þingkosningin hafði veitt honum. |
| 51. gr. | | 43. gr. | 70. gr. |
| | | *(Þingseta ráðherra og stjórnarfrumvörp)* | *(Stjórnarfrumvörp og þingseta ráðherra, nýtt nú 51. gr.)* |
| Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn. | | Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherraembætti og tekur varamaður hans sætið á meðan.<br><br>Ráðherrar eiga þó rétt á að mæla fyrir frumvörpum á Alþingi skv. 76. gr., svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum eftir því sem þeir eru kallaðir til en gæta verða þeir þingskapa. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt. | Ráðherrar eiga rétt á því að mæla fyrir frumvörpum til laga sem þeir leggja fram fyrir hönd forseta Íslands og taka þátt í umræðum. Um setu ráðherra á Alþingi, málfrelsi og tillögurétt fer að öðru leyti að þingsköpum. |
| 52. gr. | 52. gr. | 36. gr. | 64. gr. |
| | *Þingforseti. (52. gr. og nýtt.)* | *(Forseti Alþingis, nú 52. gr. og nýtt)* | *(Yfirstjórn Alþingis, nýtt nú 52. gr.)* |
| Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta.<br><br>Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum. Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. | Alþingi kýs sér forseta með 2/3 hluta atkvæða á Alþingi og stýrir hann störfum þess. Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 54. gr. | 37. gr. | 65. gr. |
| | *Þingnefndir. (Nýtt.)* | *(Fastanefndir þingsins, nýtt)* | *(Fastanefndir Alþingis, nýtt)* |
| | Alþingi kýs fastanefndir til að fjalla um þingmál.<br><br>Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum. | Með forseta Alþingis starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd.<br>Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd og utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. | Alþingi kýs fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd og aðrar fastanefndir til þess að fjalla um þingmál. Um störf þeirra skal mælt fyrir í lögum. |
| 53. gr. | 59. gr. | 41. gr. | 67. gr. |
| | *Ályktunarbærni. (Nú 53. gr.)* | *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* | *(Ályktunarbærni, nú 53. gr.)* |
| Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. | Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. |
| 54. gr. | 93. gr. | 53. gr. | 78. gr. |
| | *Upplýsinga- og sannleiksskylda. (54. gr. og nýtt.)* | *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* | *(Upplýsingaskylda ráðherra, nú 54. gr. og nýtt)* |
| Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum.<br><br>Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.<br>Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. | Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd Alþingis allar upplýsingar um málefni sem undir hann heyrir, afhenda skjöl eða vinna um þau skýrslur. Þingmenn skulu eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. |
| | 63. gr. | 55. gr. | 79. gr. |
| | *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. (Nýtt.)* | *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* | *(Rannsókn á athöfnum ráðherra, nýtt)* |
| | Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur efni til. Nefndinni er skylt að hefja slíka könnun að kröfu þriðjungs þingmanna. | Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. | Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra eða stjórnsýslu þeirra eftir því sem hún telur tilefni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka athugun að kröfu þriðjungs þingmanna. |
| 55. gr. | | | |
| Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það. | | | |
| 56. gr. | | | |
| Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra. | | | |
| 57. gr. | 55. gr. | 38. gr., 2. og 3. mgr. | 69. gr. |
| | *Opnir fundir. (Nú 57. gr.)* | *(Ein málstofa og opnir fundir, nú 32. og 57. gr. og nýtt)* | *(Fundir Alþingis, nú 57. gr.)* |
| Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. | Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði.<br><br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess, þegar ríkar ástæður eru til, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.<br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. | Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafist að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt og sker þá þingfundur úr hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.<br><br>Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi. |
| 58. gr. | 53. gr. | 39. gr. | 63. gr., 2.-3. mgr. |
| | *Þingsköp. (Nú 58. gr.)* | *(Þingsköp, nú 58. gr.)* | *(Þingsköp, nú 58. gr. og nýtt)* |
| Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum. | Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.<br>Forseta Alþingis skal skylt að boða til þingfundar ef um það berst ósk frá forseta Íslands eða meirihluta þingmanna. |
| **V. KAFLI** | **VI. KAFLI**<br>**Dómsvald.** | **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** | **VII. KAFLI DÓMSTÓLAR** |
| 59. gr. | 98. gr. | 87. gr. | 87. gr. |
| | *Skipan dómstóla. (Nú 59. gr.)* | *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr. og nýtt)* | *(Skipun dómsvalds, nú 59. gr.)* |
| Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum. | Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. | Skipun dómsvaldsins, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum. |
| | 99. gr. | 88. gr. | 88. gr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | *Sjálfstæði dómstóla. (Nýtt.)* | *(Sjálfstæði dómstóla)* | *(Sjálfstæði dómstóla, nýtt)* |
| | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. | Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins. |
| | 100. gr. | 89. gr. | 89. gr. |
| | *Lögsaga dómstóla. (Nýtt.)* | *(Verksvið, nýtt)* | *(Lögsaga, nýtt)* |
| | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög<br>Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.<br><br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða<br>Dómstólar leysa úr um stjórnskipulegt gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. | Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyldur að einkarétti, svo og um sök um refsiverða háttsemi og ákveða<br>Dómstólar leysa úr stjórnskipulegu gildi laga að því marki sem á það reynir í dómsmáli.<br>Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmæti hennar undir dóm. |
| | 101. gr. | 90. gr. | 90. gr. |
| | *Hæstiréttur Íslands. (Nýtt.)* | *(Hæstiréttur, nýtt)* | *(Hæstiréttur Íslands, nýtt)* |
| | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.<br><br>Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. Með lögum má undanskilja lögsögu hans mál sem sæta úrlausn sérdómstóla á einu dómstigi. | Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla. |
| 60. gr. | | | |
| Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til | | | |
| 61. gr., 1. málsl. | 103. gr. | 92. gr. | 92. gr. |
| | *Sjálfstæði dómara. (Nú 61. gr., 1. mgr., 1. málsl.)* | *(Sjálfstæði dómara, nú 1. málsl. 61. gr.)* | *(Sjálfstæði dómara, 1. málslið 61. gr.)* |
| Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. ... | Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. | Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. |
| 61. gr., 2.-3. málsl. | 102. gr. | 91. gr. | 91. gr. |
| | *Skipun dómara. (Nú 61. gr. og nýtt.)* | *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* | *(Skipun dómara, nú 61. gr. og breytingar)* |
| ... Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfinu tengjast. | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Forseti Ísland skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn án tillögu ráðherra. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera<br>Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. | Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.<br><br>Forseti Íslands skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embættis. Þar má einnig ákveða að skipun dómara kunni að vera háð samþykki Alþingis.<br>Dómara verður ekki vikið úr embætti nema hann hafi glatað skilyrði til að gegna því eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast þannig að varðað geti embættismissi að lögum. Frávikning dómara verður aðeins ákveðin með dómi. |
| | 104. gr. | 83. gr. | 49. gr. |
| | *Ákæruvald og ríkissaksóknari. (Nýtt.)* | *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* | *(Skipan ákæruvalds, nýtt)* |
| | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.<br>Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómarar. | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. | Skipan ákæruvaldsins skal ákveðin með lögum.<br>Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Hann er einungis háður lögum í störfum sínum.<br>Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.<br>Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar. |
| **VI. KAFLI** | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 62. gr. | 19. gr., 1. mgr. | | 17. gr., 3. mgr. |
| | *Kirkjuskipan. (Nú 62. gr. en breytt)* | | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. og 1. og 2. mgr. 64. gr. og nýtt)* |
| Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.<br>Breyta má þessu með lögum. | Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. | | Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi en ríkið skal þó styðja og vernda öll lögleg trúfélög. |
| 63. gr. | 18. gr., 2. mgr. | 13. gr., 1. mgr. | 17. gr., 1. mgr. |
| | *Trúfrelsi. (Nú 63. gr., 1. málsl., en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | *(Trúfrelsi, nú 63. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. | Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. | Allir eiga rétt á að iðka trú eða lífsskoðun einir eða í félagi við aðra en ekki má þó kenna neitt eða fremja sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. |
| 64. gr., 1. mgr. | 18. gr., 3. mgr. | 13. gr., 2. mgr. | 17. gr., 2. mgr. |
| | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. málsl., en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. |
| 64. gr., 2.-3. mgr. | 18. gr., 1. mgr. | 13. gr., 3. mgr. | 17. gr., 4. mgr. |
| | *Trúfrelsi. (Nú 64. gr., 2. mgr. en breytt.)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* | *(Trúfrelsi, nú 64. gr. Flyst úr VI. kafla um þjóðkirkjuna)* |
| Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild<br>Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns.<br>Breyta má þessu með lögum. | Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild | Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga og enginn skal skyldur til að greiða félagi gjöld sem hann er ekki aðili að. |
| **VII. KAFLI** | **II. KAFLI**<br>**Mannréttindi og náttúra.** | **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** | **II. KAFLI MANNRÉTTINDI** |
| 65. gr. | 6. gr. | 6. gr. | 6. gr. |
| | *Jafnræði (Nú 65. gr.)* | *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* | *(Jafnræðisreglan, nú 65. gr.)* |
| Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, [aldurs], [búsetu], efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, fötlunar, aldurs, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br><br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. |
| | 7. gr. | | |
| | *Réttur til lífs. (Nýtt.)* | | |
| | Allir hafa meðfæddan rétt til lífs. | | |
| | 8. gr. | | |
| | *Mannleg reisn. (Nýtt.)* | | |
| | Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna. | | |
| | 9. gr. | | |
| | *Vernd réttinda. (Nýtt.)* | | |
| | Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra. | | |
| | 10. gr. | | |
| | *Mannhelgi. (Nýtt.)* | | |
| | Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan. | | |
| 66. gr., 1. mgr. | 4. gr., 1.-2. mgr. | 4. gr. | 7. gr., 1. mgr. |
| | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 1. mgr.)* | *(Ríkisborgarar, nú 1. mgr. 66. gr.)* | *(Ríkisborgararéttur og ferðafrelsi, nú 1. mgr. 66. gr.)* |
| Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. | Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.<br><br>Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. | Menn öðlast íslenskan ríkisborgararétt eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 66. gr., 2. mgr. | 4. gr., 3. mgr. | 8. gr., 1. mgr. | 7. gr., 2. mgr. |
| | *Ríkisborgararéttur. (Nú 66. gr., 2. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 2. mgr. 66. gr.)* |
| Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. |
| 66. gr., 3. mgr. | 26. gr., 1. mgr. | 8. gr., 2. mgr. | 7. gr., 3. mgr. |
| | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 3. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 3. mgr. 66. gr.)* |
| Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. |
| 66. gr., 4. mgr. | 26. gr., 2. mgr. | 8. gr., 3. mgr. | 7. gr., 4. mgr. |
| | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nú 66. gr., 4. mgr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* | *(Ferðafrelsi o.fl., nú 4. mgr. 66. gr.)* |
| Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. | Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. | Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. | Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. |
| | 26. gr., 3. mgr. | | |
| | *Dvalarréttur og ferðafrelsi. (Nýtt.)* | | |
| | Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar. | | |
| 67. gr. | 27. gr. | 7. gr. | 8. gr. |
| | *Frelsissvipting. (Nú 67. gr.)* | *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* | *(Persónufrelsi, nú 67. gr.)* |
| Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. |
| Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal | Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. |
| Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. | Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. | Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. |
| Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. | Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. |
| 68. gr., 1.-2. mgr. | 29. gr., 2.-3. mgr. | 9. gr., 1.-2. mgr. | 9. gr., 1.-2. mgr. |
| | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. |
| 68. gr., 3. mgr. | 29. gr., 1. mgr. | 9. gr., 3. mgr. | 9. gr., 3. mgr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | *Bann við ómannúðlegri meðferð. (Nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* | *(Bann við pyndingum og nauðungarvinnu, nú 68. gr.)* |
| Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. | Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. |
| 69. gr. | 30. gr. | 10. gr. | 10. gr. |
| | *Bann við afturvirkni refsingar. (Nú 69. gr., 1. mgr.)* | *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* | *(Bann við refsingu án lagaheimildar, nú 69. gr.)* |
| Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. |
| | 31. gr. | | |
| | *Bann við herskyldu. (Nýtt.)* | | |
| | Herskyldu má aldrei í lög leiða. | | |
| 70. gr. | 28. gr. | 11. gr. | 11. gr. |
| | *Réttlát málsmeðferð. (Nú 70. gr.)* | *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* | *(Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, nú 70. gr.)* |
| Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og hlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. |
| 71. gr. | 11. gr. | 12. gr. | 12. gr. |
| | *Friðhelgi einkalífs. (Nú 71. gr.)* | *(Friðhelgi einkalífs o.fl., nú 71. gr.)* | *(Friðhelgi einkalífs, nú 71. gr.)* |
| Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. |
| 72. gr. | 13. gr. | 18. gr. | 13. gr. |
| | *Eignarréttur. (Nú 72. gr. og nýtt.)* | *(Eignarréttur, nú 72. gr.)* | *(Friðhelgi eignarréttar, nú 72. gr.)* |
| Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br><br>Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. |
| 73. gr. | 14. gr. | 14. gr., 1., 2. og 4. mgr. | 14. gr. |
| | *Skoðana- og tjáningarfrelsi. (Nú 73. gr.)* | *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* | *(Skoðana- og tjáningarfrelsi, nú 73. gr.)* |
| Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br><br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br><br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.<br>Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br><br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br><br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br><br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br><br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi. Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir | | |
| | 15. gr. | 14. gr., 3. mgr. | 15. gr. |
| | *Upplýsingaréttur. (Nýtt.)* | *(Skoðana og tjáningarfrelsi, 73. gr. og nýtt)* | *(Fjölmiðlafrelsi, 73. gr. og nýtt)* |
| | Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum. | Öllum er frjálst að leita, taka við og miðla upplýsingum. Upplýsingar og gögn í vörslum stjórnvalda skulu vera aðgengileg almenningi. | Öllum er frjálst að leita, nýta og miðla upplýsingum. Með lögum skal kveðið á um nafnleynd og vernd heimildarmanna og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla að öðru leyti tryggð. Upplýsingar og gögn í vörslum hins opinbera skulu vera aðgengileg almenningi. |
| | Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur. | | |
| | Söfnun, miðlun og afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði stjórnvalda. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma. | | Réttindum samkvæmt þessari grein má setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |
| | 16. gr. | | |
| | *Frelsi fjölmiðla. (Nýtt.)* | | |
| | Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum. Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði. | | |
| | 17. gr. | | |
| | *Frelsi menningar og mennta. (Nýtt.)* | | |
| | Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista. | | |
| 74. gr., 1.-2. mgr. | 20. gr. | 15. gr., 1.-2. mgr. | 16. gr., 1.-2. mgr. |
| | *Félagafrelsi. (Nú 74. gr., 1.-2. mgr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |
| Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. | Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi. |
| Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda | Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda | Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda | Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda |
| 74. gr., 3. mgr. | 21. gr. | 15. gr., 3. mgr. | 16. gr., 3. mgr. |
| | *Fundafrelsi. (Nú 74. gr., 3. mgr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* | *(Félaga- og fundafrelsi, nú 74. gr.)* |
| Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. | Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. | Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. |
| 75. gr. | 25. gr. | 16. gr. | 18. gr. |
| | *Atvinnufrelsi. (Nú 75. gr. og nýtt.)* | *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* | *(Atvinnufrelsi, nú 75. gr.)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast. Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. |
| 76. gr., 1. mgr. | 22. gr. | 17. gr., 1. mgr. | 19. gr., 1. mgr. |
| | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 1. mgr. og nýtt.)* | *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* | *(Réttur til aðstoðar, nú 76. gr., 1. mgr., og nýtt)* |
| Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.<br><br>Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. |
| 76. gr., 2. mgr. | 24. gr. | 17. gr., 2. mgr., 1. málsl. | 19. gr., 2. mgr. |
| | *Menntun. (Nú 76. gr. , 2. mgr. og nýtt.)* | *Réttur til ... menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* | *Réttur til ... menntunar og vernd barna, nú 76. gr., 2. mgr., og nýtt)* |
| Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.<br>Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds.<br>Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýninni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. | Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. |
| 76. gr., 3. mgr. | 12. gr. | 17. gr., 2. mgr., 2.-3. málsl. | 19. gr., 3. mgr. |
| | *Félagsleg réttindi. (Nú 76. gr. , 3. mgr. og nýtt.)* | *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* | *(... og vernd barna, nú 76. gr., 3. mgr. og nýtt)* |
| Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. | Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.<br><br>Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar.<br>Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Virða ber rétt barna til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. | Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Virða ber rétt þeirra til ákvörðunar um eigin málefni í samræmi við þroska þeirra. |
| | 23. gr. | | |
| | *Heilbrigðisþjónusta. (Nýtt.)* | | |
| | Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. | | |
| 77. gr. | 71. gr. | 19. gr. | 20. gr. |
| | *Skattar. (Nú 77. gr. og 40. gr., 1. málsl.)* | *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* | *(Skattamál og bann við afturvirkni, nú 77. gr.)* |
| Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né taka af nema með lögum.<br><br>Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.<br><br>Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. |
| | 33. gr. | 20. gr., 1. mgr. | 21. gr., 1. mgr. |
| | *Náttúra Íslands og umhverfi. (Nýtt.)* | *(Umhverfi, nýtt)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| | Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.<br>Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll<br>Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða | Allir eiga rétt til heilnæms umhverfis og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Almenningi er heimilt að fara um landið í lögmætum tilgangi en skal ganga vel um og virða náttúruna. | Tryggja ber heilnæmt umhverfi og náttúru þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Öllum skal heimilt að fara um landið í löglegum tilgangi en er skylt að ganga vel um. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi. | | |
| | 35. gr. | 20. gr., 2. mgr. | 21. gr., 2. mgr. |
| | *Upplýsingar um umhverfi og málsaðild. (Nýtt.)* | *(Umhverfi, nýtt)* | *(Umhverfi, nýtt)* |
| | Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.<br>Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila.<br>Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar. | Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. | Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður í lögum. |
| | 36. gr. | | |
| | *Dýravernd. (Nýtt.)* | | |
| | Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu. | | |
| | | 21. gr. | 22. gr. |
| | | *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* | *(Þjóðréttarsamningar um mannréttindi, nýtt)* |
| | | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. | Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða reglur um mannréttindi, sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti, og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum. [Mannréttindareglur alþjóðlegra mannréttindasamninga njóta stjórnarskrárverndar þegar þær eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenska ríkið.] |
| | **VII. KAFLI**<br>**Sveitarfélög.** | **VIII. KAFLI SVEITARFÉLÖG (Nýr kafli)** | **IX. KAFLI SVEITARFÉLÖG** |
| 78. gr. | 105. gr. | 93. gr. | 98. gr. |
| | *Sjálfstæði sveitarfélaga. (Nú 78. gr.)* | *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* | *(Sjálfstjórnarvald, nú 78. gr.)* |
| Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.<br>Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum.<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. |
| | 106. gr. | | |
| | *Nálægðarregla. (Nýtt.)* | | |
| | Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum. | | |
| | 107. gr. | 94. gr. | 99. gr. |
| | *Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði. (Nýtt.)* | *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* | *(Sveitarstjórnarkosningar og íbúalýðræði, nýtt)* |
| | Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.<br>Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum. | Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum.<br>Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal skipað með lögum. | Sveitarstjórnir skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum.<br>Rétti íbúa sveitarfélaga til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélags skal skipað með lögum. |
| | 108. gr. | | |
| | *Samráðsskylda. (Nýtt.)* | | |
| | Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. | | |
| | **IX. KAFLI**<br>**Lokaákvæði.** | **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** | **X. KAFLI LOKAÁKVÆÐI** |
| 79. gr., 1. mgr. | 113. gr. | 95. gr. | 100. gr. |
| | *Stjórnarskrárbreytingar. (Nú 79. gr., 1. mgr. og nýtt.)* | *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* | *(Stjórnarskrárbreytingar, nú 1. mgr. 79. gr. og nýtt)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög. | Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. | Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meirihluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 30 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. | Frumvörp, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp á Alþingi. Samþykki Alþingi frumvarp með 2/3 hluta greiddra atkvæða og því er ekki synjað í eftirfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt VIII. kafla, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög. |
| | Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður. | | |
| 79. gr., 2. mgr. | 19. gr., 2. mgr. | 47. gr. | 95. gr. |
| | *Kirkjuskipan. (Nú 2. mgr. 79. gr.)* | *(Þjóðaratkvæðagreiðsla um kirkjuskipan, nú 2. mgr. 79. gr.)* | *(Atkvæðagreiðsla um þjóðkirkjuna, nú 2. mgr. 79. gr. og nýtt)* |
| Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Nú samþykkir Alþingi breytingu á lögum um stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þá leggja þau undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. | Samþykki Alþingi lög um að breyta stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju skulu þau lögð undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. |
| 80. gr. | | | |
| *(Fallið brott.)* | | | |
| 81. gr. | 114. gr. | 96. gr. | 101. gr. |
| | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* | *(Gildistaka, nú 81. gr.)* |
| Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. | Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.<br>Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meirihluti allra kjósenda á kjörskrá samþykkt hana. | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu samþykkt hana með leynilegri atkvæðagreiðslu. |
| **ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR** | **Ákvæði til bráðabirgða.** | **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** | **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA** |
| | | | **Bráðabirgðaákvæði I** |
| | | | *(Endurskoðun stöðu þjóðkirkjunnar, nýtt)* |
| Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945. Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr.stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim. | | | Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun hafa hafa lokið innan 10 ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar. |
| | | | **Bráðabirgðaákvæði II** |
| | | *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* | *(Endurskoðun kjördæma- og kosningaskipunar, nýtt)* |
| Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta | Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi.<br>Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. | Endurskoða skal kjördæmaskipan innan tveggja ára frá því stjórnarskrá þessi öðlast gildi. | Setja skal lög samkvæmt 5. mgr. 50. gr.á kjörtímabili þess Alþingis sem situr við gildistöku þessarar stjórnarskrár með það fyrir augum að næstu reglulegu kosningar til Alþingis fari fram samkvæmt nýrri kjördæma- og kosningaskipan eftir fyrirmælum |